

32. Ferðamálaráðstefna Ferðamálaráðs Íslands haldin í Stykkishólmi 17.-19. október 2002

Dagskrá

Fimmtudagur 17. október

- kl.
09:00 Skráning og afhending gagna.
- kl.
10:30 Setning: [Einar Kr. Guðfinnsson](#), formaður Ferðamálaráðs Íslands.
- kl.
10:50 Ávarp: [Óli Jón Gunnarsson](#), bæjarstjóri Stykkishólms
- kl.
11:00 Ávarp: [Hr. Sturla Böðvarsson](#), samgönguráðherra.
- kl.
11:20 Auðlindin Ísland, ferðaþjónustusvæði
[Magnús Oddsson](#), ferðamálastjóri.
- kl.
12:00 **Hádegisverðarhlé.**
- kl.
13:30 **Pallborðsumræður:** Auðlindin Ísland, ferðaþjónustusvæði
[Þorsteinn Gunnarsson](#), rektor Háskólans á Akureyri
[Erna Hauksdóttir](#), framkvstjr. Samtaka Sveitarfélaga á Höfuðborgarsvæðinu
[Guðmundur Malmquist](#), framkvstj. Samtaka Sveitarfélaga á Höfuðborgarsvæðinu
[Ásborg Arnþórsdóttir](#), ferðamálafulltrúi uppsveita Árnessýslu
[Ásmundur Gíslason](#), stjórnarmaður í Ferðamálasamtökum Íslands
- kl.
15:30 **Kaffihlé.**
- kl.
16:00 Staða og framtíð upplýsingamiðstöðva á Íslandi
[Pétur Rafnsson](#), verkefnisstjóri Ferðamálaráðs Íslands
- kl.
16:20 Almennar umræður og afgreiðsla ályktana.
- kl.
18:00 [Ráðstefnuslit](#)
- kl.
19:30 Móttaka í boði samgönguráðherra.
- kl.
20:00 Kvöldverður og skemmtun.
[Afhending umhverfisverðlauna Ferðamálaráðs Íslands fyrir árið 2002.](#)

Föstudagur 18. október

- kl.
13:00 Kynning á ferðaþjónustu svæðisins.

Ráðstefnustjórar:

Grétar D. Pálsson, fjármálastjóri RARIK á Vesturlandi og Magnús Alexandersdóttir, starfsmaður RARIK á Vesturlandi.

Einar K. Guðfinnsson

Sennilega er óhætt að segja að meiri sviptingar hafa dunið á ferðaþjónustunni hér á landi, sem og í heiminum, undanfarið eitt ár en dæmi eru til um svo lengi sem við munum. Atburðirnir 11. september drógu gríðarlega úr ferðum fólks og höfðu sömuleiðis mjög neikvæð áhrif á efnahagslíf þeirra landa sem teljast til helstu viðskiptalanda okkar Íslendinga.

Það hefur verið sagt að erfitt sé að jafna nokkru við það áfall sem við urðum fyrir, heimurinn, vegna hryðjuverkanna 11. september. Fyrir ári síðan á ferðamálaþingi sátu menn hnípnir og kvíðnir fyrir framtíðinni vegna þess arna. Öllum var ljóst að áhrifin yrðu neikvæð á okkar atvinnugrein, ferðaþjónustuna, en fáir ef nokkrir gátu í raun, samt sem áður, séð fyrir nákvæmlega hverjar afleiðingarnar yrðu.

Það fór ekki á milli mála að fyrir okkur Íslendinga var þetta sérstaklega alvarlegt. Einkanlega vegna þess að burðarásinn í okkar ferðaþjónustu, Flugleiðir hf., höfðu af eðlilegum og skynsamlegum ástæðum byggt upp mikla flutningsgetu norður-austur yfir Atlanhafið og ferðaþjónustu í Bandaríkjunum og yfir hafið, urðu fyrir sérstaklega alvarlegum tekjusamdrætti vegna atburðanna 11. september.

Við sáum líka að jafnvel risaflugfélög á borð við Sabena og Swiss Air urðu gjaldþrota, önnur lentu í gríðarlegum hremmingum og þáðu feiknarlegar summur af ríkisfé til þess að halda velli við þessar aðstæður. Það er að mínu mati til marks um framsýni og dugnað stjórnenda Flugleiða, og annarra íslenskra flugfélaga, að þau hafa án ríkisstyrkja komist í gegnum þessi boðaföll og afkoma þessa stóra flugfélags okkar á þessu ári gefur okkur tilefni til mikillar bjartsýni.

Ég hef fundið það á undanförunum vikum að það hefur blásið mönnum byr í seglin. Blásið byr í segl manna að vita það að eimlestin sjálf er á fullri ferð án nokkurs hiks.

Þessir atburðir, þegar dró úr tekjum í ferðaþjónustunni í heiminum í heild, höfðu auðvitað gríðarleg áhrif hér á landi, bæði þessi beinu áhrif sem ég var hér að nefna en einnig hitt að samkeppnin harnaði eðlilega. Til staðar var í heiminum mikið framboð á ferðum og vörum í ferðaþjónustu. Þegar umsvifin minnkuðu mátti öllum vera ljóst að það hlyti að harðna í samkeppninni.

Fyrir nokkru sat ég ásamt fleirum fund ferðamálastjóra og formanna ferðamálaráða á Norðurlöndunum og bárum saman bækur okkar. Það fór ekki á

milli mála á þeim fundi að þær þjóðir höfðu, líkt og við, reynt að skjóta styrkari stoðum undir sína ferðapjónustu vegna tekjusamdráttarins, þannig er það alls staðar þar sem ég þekki til. Umhverfið sem við störfum í er sem sagt þannig að allar þjóðir eru að reyna að styðja við bak ferðapjónustu sinnar með einum eða öðrum hætti, ekki síst á markaðssviðinu.

Ég tel að við Íslendingar höfum brugðist ákaflega skynsamlega við þessum atburði. Strax, að frumkvæði samgönguráðherra, var lagt af stað með viðurhlutamikil áætlun til markaðssetningar og kynningar á landi okkar og það var unnið að því leytinu á tvenns konar hátt. Megin áherslan var á það að draga að ferðamenn til landsins. Tryggja að við yrðum ekki fyrir bakslagi. Þetta tókst vonum fram og við getum ekki verið annað en ánægð með árangurinn sem hefur orðið.

Þrátt fyrir að heildarsætaframboð hafi minnkað þá hefur flutningsgeta hingað til lands ekki dregist saman og við erum núna, sem betur fer, að njóta þessa. Við fórum líka í það að auka mjög markaðssetningu hér innan lands og gerðum það í nánu samstarfi við atvinnulífið sjálft. Við erum ekki búin að sjá allt sem út úr því kemur en það liggur fyrir að Íslendingar voru að ferðast meira innan lands heldur en áður. Þetta segir okkur að það skiptir okkur gríðarlega miklu máli að geta haldið fullri ferð í markaðssetningu og ég vil þess vegna nota tækifærið og fagna því sem kemur skýrt fram í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar þar sem framlög til markaðssóknar í ferðamennsku eru aukin um 50% á milli ára og voru þó þau mestu sem við höfum upplifað svo lengi sem ég man.

Sjálfur er ég ekki í vafa um það að ein ástæða þess að svo vel tókst til í þessum efnum er sú staðreynd að við höfum á undanförunum árum unnið að mjög skýrri stefnu í ferðapjónustu okkar. Sú stefnumótunarvinna hefur tekið allmörg ár og að henni hafa komið óteljandi aðilar vítt og breitt úr samfélagi okkar. Við höfum núna mun skýrari framtíðarsýn um þessa atvinnugrein heldur en við höfðum áður. Við vitum hvert við viljum stefna og hvert við eigum að stefna. Megin stoðir okkar ferðapjónustu eru tvær, náttúra Íslands, saga þess og menning. Þar með höfum við markað okkur mikla sérstöðu sem helgast af sögulegri arfleifð okkar og einstæðri náttúru. Ég er ekki í vafa um það að hvernig sem við berum okkur saman við aðrar þjóðir þá getum við státað af fegurri náttúru og glæsilegri sögulegri arfleifð. Í þessu felast tækifæri - auður sem við þurfum að vinna úr.

Í þessu sambandi vil ég sérstaklega nefna að margt bendir til þess að aukinn straumur ferðamanna liggja nú inn á nýjar veiðilendur þar sem ferðapjónusta hefur legið nokkuð eftir. Það er sérlega ánægjulegt. Stjórnvöld eiga að styðja við slíka þróun. Aukin fjölbreytni í ferðapjónustu og fleiri kostir sem ferðamönnum eru búnir efla ferðapjónustuna í heild sinni, laða hingað fleira ferðafólk frá útlönd, hvetja landann til ferðalaga og stuðlar að bættri nýtingu á fjárfestingunni.

Frá því að síðasta Ferðamálaþing var haldið hefur verið unnið að frekari úrvinnslu þeirra tillagna og hugmynda sem voru settar fra, á grundvelli stefnumótunar á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu, sem unnin var undir forystu Tómasar Inga Olrich fyrrv. formanns Ferðamálaráðs. Þannig hefur verið gerð sérstök aðgerðaráætlun sem felur í sér nákvæma útlistun á því hvernig við hrindum þessu verkefni í framkvæmd. Í Ferðamálaráði Íslands höfðum við rætt þetta mjög ítarlega og fögnum þeim tillögum sem fram hafa komið í þessa veru.

Í þessu samhengi hefur mér oft verið hugsað til tveggja þátta í ferðaþjónustu stórra nágrannaríkja okkar sem að hafa skapað þeim óteljandi fjármuni á sínu sviði. Hér er annars vegar um að ræða Lockness-skrímlið í Skotlandi og Lorelei-klettinn við Rínarfljót. Bak við er annars vegar saga sem jafna má við hugmyndir og arfleifð okkar um huldar vættir og ég hika ekki við að segja það að þær sögur sem við þekkjum af álfum og huldufólki taka fram sögunni um skrímlið í Lockness.

Ég átti þess kost fyrr á þessu ári að sigla um Rínarfljótið og fara fram hjá Lorelei-klettinum, sem ég hafði s.s. gert áður. Ég hika ekki við að segja að þetta fyrirbrigði sem dregur að sér milljónir ferðamanna til Þýskalands árlega þætti nú ekki merkilega saga eða merkilega náttúrusmíð á Íslandi. Íslandi Íslendingasagnanna, Íslandi hinna stórkostlegu náttúru. Með öðrum orðum við höfum svo mikla sérstöðu, við höfum svo mikið fram að færa að við eigum tvímælaust að geta náð árangri, þó við gerum okkur grein fyrir því að við erum að keppa við stórar þjóðir sem líka hafa ýmislegt upp á að bjóða.

Á þeim tíma sem ég hef verið formaður Ferðamálaráðs hef ég sannfærst um að langstærsta og alvarlegasta vandamál íslenskrar ferðaþjónustu er lítil arðsemi. Eigið fé ferðaþjónustufyrirtækjanna er of lítið, gróðinn er alltof lítill og mjög víða hafa menn mátt búa við langvarandi tap, sem hefur veikt þessi fyrirtæki. Það hefur gert það að verkum að þeim hefur reynst mjög erfitt að takast á við nauðsynleg verkefni á borð við markaðsmál og vörubrún.

Hér er ekkert auðvelt úrlausnar. En það er hins vegar að ýmsu að hyggja sem við getum vonandi unnið að til þess að styrkja þessar stoðir. Í fyrsta lagi vil ég nefna það sem oft hefur verið talað um og það er lenging ferðamannatímans. Okkur hefur tekist býsna vel í þeim efnum á höfuðborgarsvæðinu en alls ekki út á landsbyggðinni, nema í undantekningartilvikum. Með öðrum orðum nýting fjárfestingarinnar er alltof lítil. Við erum að nýta þessa fjárfestingu fáeina mánuði á ári og sú tekjuöflun stendur einfaldlega ekki undir fjárskuldbindingunum. Við höfum þess vegna lagt á það mikla áherslu í markaðsstarfi Ferðamálaráðs að lengja ferðamannatímann. Ég vil segja það sem skoðun mína að ég tel að það eigi að vera eitt af helstu áhersluatriðunum, ásamt því að treysta stoðir ferðaþjónustu á landsbyggðinni, á komandi árum á vegum Ferðamálaráðs. Þar er gríðarlegt verk að vinna og við verðum að leggja á það mikla áherslu.

Við höfum líka hjá Ferðamálaráði hugleitt það mjög hvernig megi auka umferð um Keflavíkurflugvöll á þeim tíma sem minna er um ferðamenn hér á landi sem fara um þennan mikilvæga lendingarstað okkar. Við höfum óskað eftir viðræðum við viðkomandi ráðuneyti um það að beita mismunandi lendingargjöldum í því skyni að laða hingað flugumferð á þeim tímum sem umferðin er minni. Niðurstaða hefur ekki fengist út úr þessu, en í ráðinu var algjör samstaða um það að við reyndum að beita okkur í þessum efnum. Við teljum einfaldlega að það sé eðlilegt á frjálsum markaði að verðlag lækki þegar eftirspurnin er minni og þess vegna er ekki óeðlilegt að hugsa sér að þetta fyrirtæki, Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf., beiti nákvæmlega sömu aðferðum og fyrirtæki á samkeppnismarkaði gera til þess að draga til sín fleiri viðskiptavinum og auki þannig ferðamenskuna og ferðamannastrauminn á þeim tíma sem mest er þörfin á. Þannig gæti fyrirtækið lækkað gjöld sín á þeim tíma ársins sem umferð er minnst, bókstaflega til þess að gera vöru sína eftirsóknarverðari. Slíkt ætti að öðru jöfnu að auka umferð og kynni því að efla ferðamannastrauminn hingað á þeim tímum sem við erum mest að sækjast eftir, þ.e utan háannatímans.

Á síðasta fundi Ferðamálaráðs ræddum við sérstaklega upplýsingar sem við höfðum óskað eftir að dregnar yrðu saman um mjög alvarlega stöðu margra hótela á landsbyggðinni. Þetta er ekki nýr sannleikur fyrir flest ykkar en hins vegar hafa þessar upplýsingar kastað betra ljósi á stöðu málsins nú. Það hafa orðið gífurlega miklar fjárfestingar í hótelum á landsbyggðinni á allra síðustu árum. Helsta lánastofnun ferðaþjónustunnar á landsbyggðinni er Byggðastofnun og heildarútlán hennar til ferðaþjónustuaðila, frá árinu 1997 og fram á þetta ár, eru um 2,3 millj. kr. Fjárfesting á þessum tíma hefur þess vegna verið mjög mikil og allir vita um þá miklu fjárfestingu sem nú stendur yfir og stendur fyrir dyrum, einkanlega í hótelluppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu.

Við teljum tvímælalaust ástæðu til þess að nema hér staðar og hyggja að því hvert við erum að stefna. Mér sýnist að það stefni í mikið óefni á mörgum svæðum landsins og hin veika fjárhagslega staða vegna skorts á arðsemi, eins og ég nefndi áðan, er farin að hafa alvarlegar afleiðingar. Við teljum með öðrum orðum, að það sé nauðsynlegt að bregðast hér við og gera það með skynsemi. Við höfum í þessu sambandi ákveðið að óska eftir samstarfi við Samtök atvinnulífsins í ferðaþjónustu, SAF, til þess að takast á við þetta verkefni, með það að markmiði að finna úrlausn sem þó raskar ekki innbyrðis samkeppnisstöðu greinarinnar. Þetta er ekki auðvelt verkefni og lausnirnar liggja ekki á borðinu. Á hinn bóginn er hér um að ræða alvarlegt mál sem við verðum að horfast í augu við

Góðir fundarmenn.

Þetta ár sem nú er liðið frá síðasta ferðamálaþingi hefur verið ár mikilla sviptinga. Þetta hefur líka sýnt okkur það að ferðaþjónustan er öflug atvinnugrein, kröftug atvinnugrein, atvinnugrein sem umfram mjög margar aðrar, kann að bregðast við óvæntum aðstæðum og erfiðleikum. Það segir ekki

litla sögu. Í þessu felst styrkleiki atvinnugreinarinnar. Hæfileikinn til þess að bregðast við, sveigjanleiki og útsjónarsemi. Veikleikar greinarinnar hafa hins vegar líka komið í ljós og ég hef þegar gert þá að umtalsefni.

Mér hefur hins vegar fundist við þau kynni sem ég hef haft af greininni eftir að ég tók við formennsku í Ferðamálaráði að þar kristallist allir bestu eiginleikar einkaframtaksins í landinu. Dugnaður, útsjónarsemi og áræðni. Ferðaþjónustan einkennist af einstaklingum sem hafa hætt sínu eigin fé og hafa leitað verkefna og búið til verkefni til þess að skapa atvinnu og bregðast við kröfum markaðarins. Ég vona svo sannarlega að þetta verði einkenni ferðaþjónustunnar sem atvinnugreinar í framtíðinni. Það breytir því ekki að ríkisvaldið hefur miklu hlutverki að gegna. Því hlutverki að búa sem best í haginn fyrir atvinnugreinina þannig að hún geti dafnað. Lækkun gengisins á sl. ári og sá stöðugleiki sem nú ríkir í efnahagsmálum er hluti af því. Ferðaþjónustan er hins vegar skuldug atvinnugrein og verður þess vegna mjög fyrir barðinu á háu vaxtastigi. Ég tel að það sé stórmál fyrir ferðaþjónustuna eins og annað atvinnulíf í landinu, að Seðlabankinn stigi miklu stærri skref til vaxtalækkunar til þess að treysta stoðir atvinnulífsins og hleypa auknu lífi í atvinnugreinina.

Ríkisvaldið hefur líka þeim skyldum að gegna að byggja upp innri mannvirki, s.s. vegi, til þess að auðvelda fólki að fara um landið. Þar er að miklu að hyggja og þó að margt hafi áunnist, þarf ríkisvaldið að setja stórauðna fjármuni í þennan málaflökk. Það er óumdeilt að engin fjárfesting kemur sér betur fyrir landsbyggðina, fyrir atvinnugrein á borð við ferðaþjónustuna, en og uppbygging í samgöngumannvirkjum landsins.

Síðast en ekki síst er eðlilegt að ferðaþjónustan geri þær kröfur til ríkisvaldsins að það leggi fram fjármagn til uppbyggingar á markaðsstarfsemi í landinu í því skyni að draga til landsins fleiri ferðamenn og auka þessi umsvif. Þetta er gert í samkeppnislöndum okkar og sjálfst hagnast ríkisvaldið á því. Það er þess vegna ekki óeðlilegt að þessi hluti málsins sé í höndum hins opinbera að nokkru leyti.

Ferðaþjónustan hefur ekki verið þurftafrek á opinber framlög, og hún á ekki að vera það, en hún hlýtur að gera þær kröfur til stjórnámálanna og annarra, sem um málin véla, að þeir búi þessari atvinnugrein, eins og öðrum, eðlileg almenn skilyrði.

Stjórnvöld - Alþingi og ríkisstjórnir hafa líka skilið þýðingu þess að leggja fram fjármuni til margs konar uppbyggingar í landinu sem hefur nýst ferðaþjónustunni. Þetta kemur glögg fram ef við lítum á tölulega þróun. Ef heildarumsvifin eru skoðuð þá er ljóst að á árunum 1999 til 2002 jukust heildarframlög ríkisins til ferðamála úr 189,9 milljónum króna í 530,9 milljónir króna. Stór og mikilvæg ný viðfangsefni eru komin inn í myndina, sem ekki voru til staðar. Má í því samhengi nefna hluti eins og framlög til rannsókna og kynningarmála, rekstur upplýsingamiðstöðva, sérstakt markaðsverkefni í Bandaríkjunum. Enn er gert ráð fyrir því í fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár að

stórauka framlög til markaðsmála, eða um 100 milljónir króna frá þessu ári. Við sem vinnum að þessum málum hljótum að gleðjast yfir þessum skilningi sem fram kemur af hálfu stjórnvalda og þakka sérstaklega Sturlu Böðvarssyni samgönguráðherra sem hefur haft í þessum efnum hið ótvíræða frumkvæði. Ég er ekki í nokkrum vafa að þetta mun nýtast greininni og íslensku þjóðfélagi vel.

Góðir fundarmenn.

Nú þegar komið er að lokum máls míns vil ég þakka fjölda mörgu fólki í ferðapjónustu fyrir góðar móttökur nú þegar ég er kominn til starfa innan greinarinnar. Einkanlega vil ég þakka samstarfsfólki mínu í Ferðamálaráði, starfsfólki Ferðamálaráðs og síðast en ekki síst Magnúsi Oddssyni ferðamálastjóra fyrir alla þá aðstoð og leiðbeiningar sem ég hef notið af hans hálfu og þeirra annarra sem ég hef talið upp.

Ég vil líka þakka Sturlu Böðvarssyni samgönguráðherra fyrir afar gott samstarf og þann mikla áhuga sem hann hefur sýnt þessum málaflokki.

Ég segi Ferðamálaþing Íslands árið 2002 sett.

Óli Jón Gunnarsson

Ráðstefnustjórar, samgönguráðherra, góðir ráðstefnugestir

Ég vil f.h. bæjarstjórnar Stykkishólms bjóða ykkur öll velkomin til Stykkishólms á ferðamálaráðstefnu 2002. Ég fagna því að Ferðamálaráðstefnan sé nú haldin í Stykkishólmi. Á liðnum árum hefur markvisst verið unnið að því að auka ferðamannastraum til Snæfellsness. Öll sveitarfélögin á Snæfellsnesi og fyrirtæki í ferðapjónustu hafa staðið að slíku kynningarstarfi ýmist saman eða hvert fyrir sig. Slíkt er langtímaverkefni og þörf á miklu kynningarstarfi til að slíkt skili árangri. Það er því þýðingarmikið að fyrirtæki og stofnanir standi saman um markaðssetningu. Þótt samkeppni sé milli fyrirtækja er þó fyrir mestu að fá ferðamennina á svæðið hvernig síðan sem hinni margfrægu "köku" er skipt. Þar veldur miklu útsjónasemi snyrtimennska og þjónustulund hvers og eins þjónustuaðila hvernig honum tekst til.

Okkur sveitarstjórnarmönnum er oft legið á hálsi fyrir að setja mikla fjármuni í ferðamálin og sumir taka svo djúpt í árina að halda því fram að þetta sé atvinnugrein sem skili litlu eða engu í bæjarsjóð.

Þessa gagnrýni vil ég gera að umtalsefni hér í dag. Það er ljóst að mörg sveitarfélög þ.á. m. Stykkishólmsbær hafa lagt umtalsverða fjármuni til ferðapjónustufyrirtæka. Það er ekki það sama og að kasta fjármunum á glæ. Við teljum að fjárfesting í mannvirki eins og hótelinu hér í Stykkishólmi sem Stykkishólmsbær á nánast að öllu leiti hafi verið nauðsynleg fjárfesting til framtíðar og enginn hefði viljað sjá okkar fallega bæjarfélag án þess. Við viljum geta tekið á móti gestum þegar þeir koma í heimsókn og því þurfum við að skapa þá aðstöðu að hægt sé að taka á móti þeim.

Sveitarfélögin hafa í gegnum tíðina skapað aðstöðu fyrir margháttða

atvinnustarfsemi m.a. hafnaframkvæmdir og með því skapað útgerðinni viðunandi starfsaðstæður til að þjónusta sín skip og báta. Þetta var fórnarkostnaður þess tíma og víða hefur hann verið greiddur til baka. Það er staðreynd að þetta hótél var hvati til annarra til athafna sem síðan styrkti svæðið í heild og svo komu önnur hótél á eftir. Auðvitað myndast samkeppni og það er eðlilegt, en þegar miklir atburðir eru og mikill fjöldi ferðamanna kemur á svæðið í einu verða allir að standa saman til að stóratburðir geti orðið að veruleika. Þá njóta flestir eða allir einhvers af kökunni. Ég tel að með þessum orðum hafi ég svarað þeirri gagnrýni sem sumir halda fram varðandi fjárfestingar sveitarfélaga í hótélum og viðlíka framkvæmdum. Auðvitað vildu sveitarfélög á landsbyggðinni vera laus við að taka þátt í slíku en stundum verður að taka þátt í ákveðinni uppbyggingu til að skapa það þjónustumynstur sem við viljum hafa

Hér var stigið mikilvægt skref til að auka framboð afþreyingar í framhaldi af að heitt vatn fannst í nágrenni Stykkishólms 1996 Eftir undirbúningsrannsóknir og hönnun var ráðist í að leggja hitaveitu um allan bæinn og samtímis að byggja upp glæsilegt sundlaugarmannvirki sem tekið var í notkun sumarið 1999. Þarna fór saman mikilvæg framkvæmd sem bæði nýttist íbúum Stykkishólms og jók verulega þjónustuframboð í bænum og virkaði sem aukið aðdráttarafl til bæjarins Nú er í undirbúningi frekari nýting á heita vatninu því það er mjög saltríkt og því heppilegt til baða og hafa margir fundið bót meina sinna með böðum í vatninu. Í dag er þetta vatn notað í heitu pottana við sundlaugina.

Efnainnihald vatnsins er mjög líkt vatninu í hinum fræga baðstað í Þýskalandi, Baden Baden. Vatnið hefur þegar fengið vottun frá Institut Fresenius sem er stofnun sem sérhæfir sig í vottun bað- og drykkjarvatns. Fyrir nokkru var stofnað hlutafélag um þetta verkefni, en að því standa Stykkishólmsbær og 3P-fjárhús ehf. Ástæða þátttöku Stykkishólmsbæjar er sú trú okkar að þarna sé ennþá einn sprotinn sem sameiginlega geti aukið ferðaþjónustu til Stykkishólms og á Snæfellsnesið allt. Þetta ásamt Eyjunum á Breiðafirði, Snæfellsjökli og annarri náttúrufegurð á Snæfellsnesi gefur breiða flóru áhugasviða sem ferðafólk getur dvalið við að skoða hér á Snæfellsnesi.

Núverandi samgönguráðherra hefur mjög beitt sér fyrir bæði menningartengdri- og heilsutengdri ferðaþjónustu og teljum við okkur vera vel í stakk búin til að taka þátt á því sviði.

Í því sambandi nefni ég heilsuvatnið sem við nefnum svo, St Fransiskusspítalinn með sína landsþekktu bakdeild og varðveislu og endurbyggingu gamalla húsa hér í bæ sem þáverandi bæjarstjóri og núverandi samgönguráðherra beitti sér mjög fyrir

Í undirbúningi er stofnun bátasafns sem byggir á bátum Aðalsteins Aðalsteinsonar bátasmiðs frá Hvallátrum og þeirri smíðatækni sem viðhöfð var við Breiðafjörð þegar byggð blómstraði sem best þar.

Í skýrslu sem Rannsóknir og Ráðgjöf er að vinna kemur fram að fjöldi ferðamanna til Stykkishólms á síðasta ári er áætlaður milli 70 og 80 þúsund og heimsóknirnar hafi verið um 110 þúsund. Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um heildarveltu vegna þessara ferðamanna en ráðgjafarfyrirtækið metur það á 280-400 m.kr.

Góðri ráðstefnugestir ! Ég vil að lokum óska ykkur velfarnaðar í störfum ykkar þá tvo daga sem þið dveljið hér. Þingstörfin skili þjóðarbúinu, atvinnugreininni, fyrirtækjum og einstaklingum sem við ferðþjónustu starfa góðum árangri , öllum til heilla.

Sturla Böðvarsson

Ráðstefnustjóri, ágætu ráðstefnugestir!



Mér er það sérstök ánægja að ávarpa ferðamálaráðstefnu Ferðamálaráðs Íslands hér í Stykkishólmi í dag. Þetta er í fjórða sinn sem ég ávarpa þessa árlegu ráðstefnu sem ráðherra ferðamála, og þó skipst hafi á skin og skúrir í ferðþjónustunni um víða veröld, þá hefur greininni sannarlega vaxið fiskur um hrygg undanfarin ár. Líkt og um land allt, hefur ferðþjónustan vaxið og dafnað hér við Breiðafjörðinn og á Snæfellsnesi - enda náttúrufegurðin einstök og sagan með Eyrbyggju og Laxdælu lætur engan ósnortinn.

Síðasta ferðamálaráðstefna var haldin í skugga 11. september. Strax var ljóst að ákveðinna aðgerða var þörf, og á vegum samgönguráðuneytisins var gripið til ýmissa ráðstafana til að reyna að draga sem mest úr neikvæðum afleiðingum fyrir íslenska ferðþjónustu.

150 milljónir króna voru settar í sérstakt markaðsátak undir stjórn ferðamálastjóra og umfangsmikilli auglýsinga- og kynningarherferð hrundið af stað í Evrópu - enda nauðsynlegt að sækja enn frekar á Evrópumarkað þegar aðstæður vestanhafs voru tvísýnar og erfiðar og fyrir lá að stórfelldur samdráttur yrði í Atlantshafsflugi Flugleiða.

Jafnframt var blásið nýju og skemmtilegu lífi í markaðsherferðina Ísland, sækjum það heim. Olíufélagið ESSO, Íslandspóstur og Ríkisútvarpið komu til liðs við átakið og vakti það mikla athygli. Ekki liggur fyrir á þessari stundu hver árangurinn var á þessu ári en á það skal þó minnt að hér er á ferðinni ímyndarvinna sem á að sá fræjum í þjóðarsálina. Við getum því átt von á uppskeru til langs tíma litið, og er ég ekki í neinum vafa um að hún verður góð!

Á liðnu ári hefur átakið Iceland Naturally, sem nú hefur staðið yfir í þrjú ár í Norður-Ameríku, heldur betur þurft að herða róðurinn. Ég er mjög ánægður með þann varnarsigur sem unnist hefur í erfiðri baráttu á markaði sem má segja að hafi hrunið á nokkrum mínútum í fyrra.

Þó margt hafi verið vel gert og árangurinn sé vel viðundandi verðum við að gæta þess að horfa vandlega á það hverju þessir ferðamenn eru að skila allri

ferðapjónustunni, hvar sem er á landinu. Ferðapjónusta á landsbyggðinni hefur ekki eflst nægjanlega á meðan hún dafnar í Reykjavík. Þetta vekur upp ákveðnar spurningar, en segir okkur þó að of mörg fyrirtæki í greininni búa við lélega nýtingu fjárfestinga og litla arðsemi. Þetta dregur eðlilega úr getu fyrirtækjanna í greininni til að geta unnið að nýsköpun og öflugum markaðsstarfi.

Ég hef heyrt gagnrýni á þá áherslu sem er á Reykjavík þegar landið er kynnt á erlendri grund og komið þeim athugasemdum til Ferðamálaráðs. Ég geri mér vel grein fyrir að höfuðborgin þarf að vera vel kynnt en það er mér samt mikið kappsmál að samhliða áherslunni á Reykjavík verði af auknum þunga hugað að landsbyggðinni í landkynningu. Þörfin á eflingu ferðapjónustunnar og annarrar atvinnusköpunar hér úti á landi er mikil og vil ég að öllu afli sé beitt til að vekja áhuga ferðamanna á að fara sem víðast um landið. Því óskaði ég eftir því við ferðamálastjóra að mótaðar yrðu tillögur að raunhæfum vaxtarsvæðum um allt land. Ferðamálastjóri mun kynna þær tillögur á ráðstefnunni hér í dag, og verða þær í raun megin umræðuefni þessarar ráðstefnu.

Markaðsmál ferðapjónustunnar standa á ákveðnum tímamótum. Tilraunin um Markaðsráðið, þar sem ráðuneytið og SAF tóku höndum saman um það sem átti að vera króna á móti krónu, virðist fullreynd í bili. Reykjavíkurborg hefur einnig dregið sig út úr þessu samstarfi sem veldur vonbrigðum. Það hefur sýnt sig að greinin hefur ekki nægilega burði, eða vilja, til að leggja stórar fjárhæðir til sameiginlegra markaðsmála. - Það þýðir þó ekki að slegið verði slöku við.

Aldrei fyrr hefur verið ráðstafað viðlíka fjármunum til markaðsstarfs í ferðamálum og fjárlögin fyrir næsta ár gera ráð fyrir. Eins og sjá má á meðfylgjandi glæru hafa framlög til þessa málaflokks á fjárlögum vaxið umtalsvert á undanförunum árum. Í fjárlagafrumvarpi næsta árs er gert ráð fyrir á sjöunda hundrað milljóna króna framlagi. Þá er ég ekki að tiltaka umtalsverða liði, líkt og tæpar 350 m.kr. í styrki til ferja og sérleyfishafa eða styrki til innanlandsflugs að upphæð rúmar 130 m.kr. Hér er óumdeilanlega um að ræða styrki, sem styðja verulega við vöxt og viðgang ferðapjónustunnar um land allt.

Í fjárlagafrumvarpi næsta árs er gert ráð fyrir 300 milljónum til markaðssóknar í íslenskri ferðapjónustu. Í ljósi góðrar reynslu af markaðssókn þessa árs, hef ég ákveðið að líkt verði staðið að í framhaldinu. Stór hluti þess fjármagns sem nýttur var til markaðssóknar í ár, fór í markaðsgerðir í samvinnu við Flugleiðir. Flugleiðir er langstærsta ferðapjónustufyrirtæki landsins og því eru gerðar ríkar kröfur til þess af minni hálfu að vel sé staðið að landkynningarmálum þess á erlendri grundu.

Á árinu hef ég heimsótt allar aðalskrifstofur Flugleiða í Evrópu og sannfærst um, að þar er unnið mikilvægt og gott starf á sviði markaðssetningar fyrir íslenska ferðapjónustu í heild sinni. En ég hef einnig sannfærst um réttmæti þess að gera ríkari kröfu til Flugleiða en annarra fyrirtækja um hvernig staðið er að þessum málum. Ábyrgð þeirra er mikil hvað markaðssetningu Íslands varðar -

og hefur félagið staðið vel undir henni. Ég vonast til að áfram verði öflugt samstarf við SAF og fyrirtækin í greininni þó að Markaðsráð ferðapjónustunnar hafi runnið sitt skeið. Þá vil ég jafnframt geta þess hér, að ég geri ráð fyrir að Ferðamálaráð og Reykjavíkurborg nái saman um samstarf um rekstur upplýsingamiðstöðvar í tengslum við svokallaða Höfuðborgarstofu. Þá vil ég sérstaklega nefna nýmæli sem reynt var í ár og gafst mjög vel, en það er sú hugmynd að bjóða bókstaflega út fjármagn til markaðsmála, þannig að ákveðnir fjármunir voru til ráðstöfunar gegn mótframlagi. Nú í haust voru fyrstu pottarnir boðnir út, og þykir mér einsýnt að framhald verði á þessu fyrirkomulagi og þessar sérstöku fjárveitingar m.a. nýttar til þess.

Ráðstefnugestir. Í flestum þeim ræðum ég hef haldið í starfi mínu sem ráðherra ferðamála hef ég lagt áherslu á að grundvöllur markaðsstarfs á borð við það sem ég hef verið að lýsa hér, séu traustir innviðir greinarinnar. Til þess að ferðapjónustan hafi möguleika á að þróast sem atvinnugrein í nútímalegu samkeppnisumhverfi þurfa innviðirnir að vera í lagi. Hér á ég við fjölmarga hluti.

Byrjum á samgöngunum: Vegakerfið hefur verið stórbætt á undanförunum árum og hefur Vegagerðin í auknum mæli tekið tillit til þarfa ferðapjónustunnar þó að eðlilega finnist mörgum ekki nóg að gert. Hvað sem því líður þá geta allir verið sammála um að merkingum hefur fleygt fram og áningarstöðum með upplýsingaskiltum og nestisaðstöðu fjölgað svo um munar. Þar er reynt eftir megni að taka tillit til hópferðabíla jafnt sem einkabíla.

Þegar ég tók við embætti blasti við hrun þess rútukerfisins og þó að við Íslendingar séum miklir aðdáendur einkabílsins eru traustar áætlunarferðir nauðsynlegur hluti af ferðapjónustu hvers lands. Mikil vinna hefur verið lögð í að koma þessu kerfi á fætur á ný og hafa margir lagt hönd á plóginn. Nú er staðan sú að sérleyfishöfum hefur fækkað með sameiningu fyrirtækja. Framlög til hvers aðila hafa verið hækkuð og ég treysti því að afkoma fyrirtækjanna eigi eftir að stórbatna. Liður í þeim aðgerðum er að ná þarf samningum við Spöl um lækkun á gjaldi fyrir sérleyfishafa í Hvalfjarðargöngin. Ég tel að það mál fái farsæla niðurstöðu. Í samræmi við nýja löggjöf um fólksflutninga verða sérleyfin boðin út, ekki síðar en frá og með 2005. Þó er gert ráð fyrir að bjóða austurleiðina út á næstunni í samræmi við samkomulag sem gert var við Austurleið-SBS hf. fyrir á þessu ári.

Eins og ykkur er kunnugt hefur mikil uppstokkun átt sér stað í innanlandsfluginu. Það eru góðar fréttir að Flugfélag Íslands sé farið að skila hagnaði eftir mörg mögur ár. Þá standa fyrir dyrum áherslubreytingar hjá Íslandsflugi innanlands, sem meðal annars munu lýsa sér í aukinni markaðssókn og áherslu á aukna þjónustu, t.a.m. til Vestmannaeyja. Flug til smærri staða hefur verið boðið út og er samgönguráðuneytið að veita verulega styrki á þeim leiðum. Flug til afskekktara staða nýttist ekki eingöngu íbúunum heldur getur verið spennandi viðbót við ferðapjónustuna á staðnum og ferðamenn hvaðanæva að. Ég efast ekki um að sú stefna sem ég markaði með útboði á

flugi til jaðarbyggða og endurbygging Reykjavíkurflugvallar, hefur verið lykillinn að endurskipulagningu flugsins sem skilar sér nú í hagnaði og bættri þjónustu.

Aukin menntun og færni starfsfólks í ferðaþjónustu er mikilvægur hornsteinn greinarinnar. Og hvað þau mál varðar er ég hvað stoltastur af samstarfi ráðuneytis mín og Hólaskóla um uppbyggingu fjarnáms við skólann. Þar er kominn flötur til að fólk sem starfar í ferðaþjónustu eða hyggur á störf á þeim vettvangi geti menntað sig án þess að gera svo róttækar breytingar á högum sínum sem hefðbundið nám krefst. Margar aðrar menntastofnanir eru að vinna stórkostlegt starf á sviði ferðaþjónustu og sé ég fram á að þær rannsóknir sem þar fara fram muni skila atvinnugreininni fram á veginn þegar á næstu árum. Á síðasta ári skipaði ég sérstaka nefnd, svokallaða framtíðarnefndar ferðaþjónustunnar, og fékk henni það verkefni að horfa á framtíð íslenskrar ferðaþjónustu. Nefndin mun skila mér tillögum sínum á allra næstu dögum, og verða þær þá kynntar sérstaklega.

Með starfi framtíðarnefndar, skýrslunnar um menningartengda ferðaþjónustu, skýrslunnar um heilsutengda ferðaþjónustu og lok þeirrar vinnu sem unnin hefur verið um vaxtarsvæði ferðaþjónustunnar geri ég mér vonir um að kominn sé grunnur að nýrri stefnumótun íslenskrar ferðaþjónustu. Ég mun fara vandlega yfir þessi mál í heild sinni og vonast til að sjá nýja stefnumótun er byggi á þessari miklu vinnu sem þegar hefur verið unnin.

Sem fyrrverandi formaður Þjóðminjaráðs geri ég mér vel grein fyrir þeim möguleikum sem felast í menningararfi okkar og sögu. Því var það sem ég setti á fót nefnd um menningartengda ferðaþjónustu. Ég hef einnig fengið í hendur aðgerðaáætlun um menningartengda ferðaþjónustu sem Júlíus Hafstein hefur unnið með hliðsjón af skýrslu nefndar um menningartengda ferðaþjónustu. Ferðamálaráð hefur haft áætlunina til skoðunar en í henni kennir ýmissa grasa. Ég fagna því að í áætluninni er gert fyrir auknu samstarfi Ferðamálaráðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga um ferðamál en ég tel nauðsynlegt að sem mest og best samstarf náist á öllum sviðum þessarar margslungnu atvinnugreinar.

Þó að menningin öðlist smám saman þann sess að verða önnur meginstoð íslenskrar ferðaþjónustu þá er náttúran enn mikilvægasta auðlindin. Mér fundust það því mikil tíðindi er Ferðaþjónusta bænda ákvað að leita eftir vottun Green Globe fyrir fyrirtækin innan sinna vébanda. Ef vel tekst til hefur verið brotið blað í vottunarmálum ferðaþjónustunnar en Hólaskóli mun sjá um úttekt á stöðunum og vera þannig tengiliður fyrirtækjanna og vottunarðaðilans. Samgönguráðuneytið mun styrkja Hólaskóla til að taka að sér þetta frumkvöðulsverkefni og fylgjast vel með framvindu mála. Hérna er hugsanlega á ferðinni tækifæri fyrir landið að skapa sér enn skýrari sess sem land með skýra og metnaðarfulla umhverfisstefnu í þágu ferðaþjónustunnar sem á allt undir því að halda verndarhendi yfir náttúru landsins. Þegar hafa nokkur fyrirtæki fengið

umhverfissvottun og mun verða horft mjög til þess sem þau hafa gert er önnur fylgja í kjölfarið.

Málefni Ferðamálasjóðs hafa lengi verið til umræðu þar sem vægi sjóðsins í lánastarfsemi til ferðaþjónustufyrirtækja hefur minnkað í breyttu fjármálaumhverfi. Ég mun á þessu þingi leggja fram frumvarp um breytingar á skipulag ferðamála sem miðar að því að Ferðamálasjóður verði lagður niður í núverandi mynd. Ég tel nauðsynlegt að Byggðasjóður taki, enn frekar en nú er, að sér það hlutverk að veita ferðaþjónustunni á landsbyggðinni lánafyrirgreiðslu til fjárfestinga og gera henni kleift að nálgast fjármagn á betri kjörum en hingað til hefur verið mögulegt. Jafnframt verði aðrar lánastofnanir hvattar til að sinna þessari vaxandi atvinnugrein betur en nú er, enda er nauðsynlegt að aðgengi að lánsfjármagni fyrir arðbær fyrirtæki á þessu sviði sé gott.

Ágætu ráðstefnugestir! Það verður spennandi að fylgjast með þeim erindum sem hér verða í dag en yfirskrift ráðstefnunnar fellur mjög að þeim hugmyndum sem ég hef haft um að hvert svæði þrói ferðaþjónustuna í takt við skýrt markaða sértstöðu sína. Stórbrotin náttúra og íbúar sem varðveita menningu sína af kostgæfni er uppskrift að draumastað hvers ferðamanns. Það er von mín að við missum aldrei sjónar á þessari staðreynd og að ferðaþjónustan verði ávallt í fararbroddi við verndun náttúru og menningar þessa lands.

Að lokum vil ég þakka öllum sem komið hafa að undirbúningi ráðstefnunnar; starfsfólki Ferðamálaráðs og fulltrúum ferðaþjónustunnar hér í Stykkishólmi. Ég óska ykkur öllum góðrar ráðstefnu og ánægjulegrar dvalar hér við Breiðafjörðinn.

Magnús Oddsson

Samgönguráðherra., fundarstjóri, góðir fundarmenn

Það málefni sem ákveðið var að yrði meginumræðuefni þessari ráðstefnu á sér nokkurn aðdraganda og mun ég byrja á því að fara yfir hann, vinnuferlið við málið og loks tillögurnar eins og þær eru settar fram í þessari skýrslu. Nauðsynlegt er að taka það fram í upphafi að hér er verið að kynna tillögur til umræðu og eru lagðar fram til að fá viðbrögð við þeim.

Um er að ræða 56 bls. skýrslu, sem verður dreift hér að þessari kynningu lokinni og er einnig á vef Ferðamálráðs.

Það var á aðalfundi SAF á síðasta ári sem ráðherra ferðamála, Sturla Böðvarsson setti fram hugmynd um að kortleggja ætti auðlindina Ísland, meta svæðisbundið helstu vaxtarmöguleika í ferðaþjónustu á Íslandi og móta framtíðarsýn sem fyrirtæki og einstaklingar auk stjórnvalda gætu haft hliðsjón af við uppbyggingu starfsgreinarinnar á komandi árum. Sú stefnumótun sem unnin var fyrir nær 7 árum var stefna til ársins 2005, sem er nú í auglýsingu. Á yfirstandandi kjörtímabili hefur samgönguráðherra í reynd verið að vinna nýja

stefnumótun með fjölmörgum verkefnum, sem eru hvert fyrir sig ákveðin stefnumörkun í þeim málaflokkum. Þar minni ég á skýrslur um rekstaraskilyrði í ferðaþjónustu, skýrsla um heilsutengda ferðaþjónustu, menningartengda ferðaþjónustu og sérstaka ðgerðaráætlun henni tengda, þá hefur ráðherra sagt hér í morgun frá væntanlegri skýrslu framtíðarnefndar.

Og hér í dag ræðum við tillögur í framhaldi af kortlagningu auðlindarinnar sjálfrar Íslands. En okkur er auðvitað öllum ljóst að auðlind þessarar atvinnugreinar er einfaldlega landið sjálft og þjóðin með sinni menningu og sögu. Með að láta vinna alla þessari grunnvinnu um einstaka málaflokka eins og hér hefur verið lýst og það sem hér verður kynnt í dag hefur samgönguráðherra í reynd verið að móta stefnuna til næstu ára í ferðaþjónustunni af hálfu stjórnvalda. Ég veit ekki hvort ég má nota það orð að það sé síðan handavinna að raða þessu saman í hefðbundið stefnumótunarplagg að lokinni allri þessari grunnvinnu.

Til að fylgja eftir þeirri hugmynd ráðherra sem nefnd er í upphafi var skrifstofu Ferðamálaráðs Íslands falin umsjá málsins. Auðvitað gerðum við okkur ljóst í upphafi að þetta var geysimikið verkefna að kortleggja alla auðlindina Ísland með vísan til ferðaþjónustu. Ákveðið var að reyna að hafa sem víðtækast samráð, ekki síst við heimamenn á einstökum landssvæðum og þjónustuaðila á landsvísu. Haldnir voru alls 31 fundur um málið til að fá fram sjónarmið sem flestra. 10 fundanna voru með forsvarsmönnum fyrirtækja í ferðaþjónustu á landsvísu. Þá voru haldnir 21 fundir í öllum landshlutum. Og eins og kemur fram í lok skýrslunnar eru um 100 aðilar á viðmælendalista en auk þess var haft samband við ýmsa um einstök atriði. Með þessu fengust fram fjölbreytt sjónarmið á viðfangsefnið sem nauðsynlegt var til að hafa grunninn sem traustastan.

Nú í dag hefst síðan lokaferli þessa samstarfs, þar sem tillögurnar eru lagðar fram fyrir ykkur til viðbragða. Í kjölfar þessarar umræðu verður síðan tillögunum skilað til samgönguráðherra af okkar hálfu. Valtýr Sigurbjarnarson landfræðingur var ráðinn til að annast þetta verkefni og hefur að mestu séð um úrvinnslu þeirra upplýsinga sem aflað var og gerð þessarar skýrslu. Elías Gíslason forstöðumaður skrifstofu Ferðamálaráðs á Akureyri skipulagði þá fundi sem voru haldnir og hafði umsjón með verkinu.

Þeim ásamt þeim fjölmörgu sem komið hafa að málinu eins og hér var rakið að framan eru færðar bestu þakkir fyrir verkið.

Mun ég nú fara nokkuð yfir vinnuferlið og helstu niðurstöður hvað varðar ýmis almenn atriði.

Þegar ákveðið var að hefja vinnu við þetta verkefni lágu í meginatriðum fyrir hugmyndir um hvernig því skyldi hagað. Það má draga saman í eftirfarandi þætti:

Skilgreina markaðssvæði með tilliti til ferðapjónustu.
Draga fram sérstöðu hvers svæðis og helstu möguleika þar.
Taka saman fyrirliggjandi upplýsingar og safna nýjum eftir þörfum.
Skilgreina helstu segla íslenskrar ferðapjónustu á komandi árum.
Gera tillögur um skilgreind verkefni til uppbyggingar í ferðapjónustu.

Í meginatriðum hefur upphaflegum áætlunum verið fylgt en þó hefur verið brugðist við nýjum upplýsingum og sjónarmiðum meðan vinna við þessa skýrslu hefur staðið yfir. Í því felast bæði kostir og gallar. Kostirnir eru þeir að það sem nú í dag brennur á ferðapjónustuaðilum fær meira vægi en ella. Á hinn bóginn kann það að leiða til þess að dægurþrasið fái meiri umfjöllun en ástæða er til á kostnað langtímasjónarmiða. Meginmálið er þó að reynt hefur verið að styðjast við sjónarmið margra sem hafa staðið og standa í eldlínu íslenskrar ferðapjónustu og nálgast viðfangsefnið frá sjónarhóli þeirra. Þegar ferðapjónustusvæði eru skilgreind er mikilvægt að gera sér grein fyrir því frá hvaða sjónarhóli horft er og hvort ástæða er til að vera með mismunandi skiptingu eftir því hvað haft er í huga. Nefna má í því sambandi erlenda ferðamenn annars vegar og innlenda hins vegar. Einnig mismun eftir árstíðum. Það kom glögg í ljós þegar rætt var við þá sem starfa við ferðapjónustu. Þetta er nauðsynlegt að hafa í huga þegar fjallað er um tiltekin svæði.

Helsta niðurstaða þessarar skýrslu er sú að mikilvægt sé að forgangsraða verkefnum í ferðapjónustu með meira afgerandi hætti en gert hefur verið, þ.e. að velja fá verkefni sem telja má sérstök og einkennandi fyrir tiltekin svæði og fylgja þeim eftir af fullum þunga. Þetta val er að sjálfsögðu erfitt og allt orkar tvímælis. Hins vegar má leiða að því veigamikil rök að ekki sé rétt að dreifa kröftunum þegar margt bendir til að ná megi betri árangri með því að taka minna fyrir í einu og ljúka því á ásættanlegum tíma.

Eitt af markmiðum þessa verkefnis er að meta svæðisbundið helstu vaxtarmöguleika í ferðapjónustu á Íslandi og leggja þannig inn í þá framtíðarsýn sem hafa má hliðsjón af við uppbyggingu starfsgreinarinnar á næstu árum. Landinu er skipt í svæði út frá því að hvert þeirra fyrir sig myndi ákveðna heild með tilliti til fjarlægða og framboðs á þjónustu. Til að geta staðið undir nafni sem ferðapjónustusvæði verður eitthvað áhugavert að vera til staðar t.d. í náttúrufari og/eða sögu og menningu sem fær fólk til að koma þangað og dvelja þar. Farin var sú leið á fundum, með þeim sem tengjast ferðapjónustu að beina umræðunni í vissan farveg með því að spyrja tiltekinna spurninga. Dæmi um það eru spurningarnar: Hvað er alveg sérstakt við Ísland? Hvað er sérstakt á þessu svæði? Hvers vegna ætti einhver að leggja leið sína hingað? Þekkt er að hverjum þykir sinn fugl fagur. Margir nefna þau fjöll sem við blasa á hverjum stað, fossa, gljúfur, tilkomumiklar hraunbreiður eða eitthvað annað í náttúrunni sem vissulega er þess vert að því sé sómi sýndur og umgengist með athygli og gát. Flest af þessu er hins vegar ekkert einstakt. Víða í veröldinni eru fögur og tilkomumikil fjöll, mikilfenglegir fossar og gríðarleg gljúfur. Sannast sagna eiga Íslendingar fá met í þessum efnunum.

Sérstaðan er miklu fremur á öðrum sviðum og þá kemur einkum tvennt í hugann. Annars vegar er það **samspil elds og íss** og hins vegar **samspil náttúru, sögu og menningar**. Vatnajökull er gott dæmi um hið fyrrnefnda. Hann er einstök gersemi frá sjónarhóli ferðapjónustu og býður upp á mikla möguleika. Mörg dæmi mætti nefna um samþættingu náttúru og menningar. Þingvellir koma í hugann þar sem elsta þjóðþing heimsins var stofnað á sviði sem náttúran skóp og myndar ásamt sögunni og menningunni órofa heild. Einnig má nefna eitt af því sem á síðustu árum hefur vakið mikla athygli en það er Vesturfarasetrið á Hofsósi. Það á rætur sínar í landnámi Íslendinga í Vesturheimi sem aftur átti sér orsakir í óblíðri náttúru, m.a. stórfelldu sprengigosi í Öskju árið 1875. Þannig spinnast náttúran, sagan og menningin saman.

Áður en farið verður í tillögur um skiptingu svæðisins er nauðsynlegt að fara nokkrum orðum um það hvers vegna svæðaskipting frá sjónarhóli ferðapjónustunnar. Landinu hefur verið skipt í svæði í mismunandi tilgangi. Þó hefur hin pólitíska skipting í kjördæmi oftast en ekki virst vera sú skipting sem margir telji þar með henta í allt öðrum tilgangi. Og í ferðapjónustunni hefur þetta af einhverjum ástæðum verið notað á mörgum sviðum. Nægir þar að nefna tvennt: Ferðamálasamtök landshlutanna hafa fylgt kjördæmaskipan frá stofnun þeirra fyrstu fyrir 20 árum.. Er það rétt? Eru skil sameiginlegra hagsmuna í ferðapjónustu þau sömu og kjördæmaskil? Alls ekki sjálfgefið að mínu mati. Þá hefur gistináttalning Hagstofunnar verið gefin út kjördæmaskipt og leitt til samanburðar á milli svæða á þeim grunni. Ég nefni þessi tvö dæmi um það hvernig skipting landsins í kjördæmi hefur verið yfirfærð í ferðapjónustuna, en ekki skipting á hennar forsendum notuð. Því ber enn frekar að fagna þeirri hugmynd samgönguráðherra að láta kortleggja auðlindina Ísland á forsendum atvinnugreinarinnar.

Og hverjar eru þá forsendurnar sem lagt er upp með nú?

Landinu er skipt í svæði út frá því að hvert þeirra fyrir sig myndi ákveðna heild með tilliti til fjarlægða og framboðs á þjónustu. Til að geta staðið undir nafni sem ferðapjónustusvæði verður eitthvað áhugavert að vera til staðar t.d. í náttúrufari og/eða menningu sem fær fólk til að koma þangað og dvelja þar. Einnig er nauðsynlegt að framboð þjónustu sé nægilegt. Því var þjónustuframboðið allt kortlagt

Þá er ekki síður hugsað til svæðanna sem ákveðinna markaðssvæða sem seljendur þjónustu líta til þegar þeir skipuleggja sína starfsemi. Hið sama á við um kaupendur þjónustunnar. Í þeirra huga verða til sérstök markaðssvæði út frá ferðatíma og framboði á fjölþættri afþreyingu og þjónustu sem þar er að finna. Þarna hafa samgöngur mikið að segja og breytingar á þeim geta haft áhrif á mörk tiltekinna markaðssvæða. Hvalfjarðargöngin eru gott dæmi um það.

Af samtölum við fjölda fólks sem vinnur við ferðapjónustu má ráða að

svæðisskipting veltur mjög á því frá hvaða sjónarhorni og hagsmunum málin eru skoðuð. Sem dæmi um þetta má nefna meginhluta Suðurlands og Vesturlands. Að ýmsu leyti er það allt eitt markaðssvæði, alveg vestan úr Dölum og austur undir Eyjafjöll, en innan þess eru þó tiltekin héruð eða minni svæði með sína sérstöðu og sérkenni. Þetta eru einingar sem hægt er að skilgreina sérstaklega út frá ákveðnum forsendum, t.d. framboði á gistingu eða sérstökum aðdráttarþáttum sem ýmist eru manngerðir eða frá náttúrunnar hendi. Hvert hérað hefur sín einkenni og sína sérstöðu og fyrir þá sem stunda þar ferðapjónustu er mikilvægt að undirstrika hið sérstaka í samkeppni um viðskiptavinina. Nokkur munur er á því hvernig heimamenn og þeir sem starfa við ferðapjónustu á höfuðborgarsvæðinu skynja og skilgreina markaðssvæðin. Ekkert er algilt í þessum efnum en almennt má segja að þeir síðarnefndu hafi svæðin stærri. Það kemur ekki á óvart enda má eðli málsins samkvæmt gera ráð fyrir að þeir sem skilgreina sig út frá sinni heimabyggð og sínum hagsmunum horfi til minna svæðis en hinir sem annast almenna markaðssetningu fyrir landið allt.

Í svæðaskiptingunni er að sjálfsögðu ekki um hreinar línur að ræða eins og í lögbundinni stjórnslu og skörun getur verið með ýmsum hætti eftir því út frá hvaða hagsmunum línurnar eru dregnar. Þess vegna má ekki oftúlka þá skiptingu sem hér verður kynnt enda er hún aðeins dregin upp og sýnd til að glöggva sig á meginlínunum. Með þær í huga og helstu segla íslenskrar ferðapjónustu, sem verða kynntir hér í lokin, má gera tillögur um aðgerðir sem ríkið getur síðan staðið fyrir eitt og sér eða í samvinnu við aðra.

Nú skulum við líta á þessi svæði eins og þau eru hér kynnt til sögunnar: Auðvitað er það svo að þegar horft er til Íslands utan úr heimi þá er það í reynd bara eitt svæði, sem kemur í huga væntanlegs ferðamanns í upphafi.,þ.e. landið allt.

Í samkeppni á alþjóðamarkaði erum við að reyna að koma þessu svæði á framfæri, sem er í reynd lítil eining, sem er að berjast um hillupláss í stórmörkuðum ferðasalanna.

En eftir því sem þekking á þessu svæði eykst í huga ferðasala og neytenda og auðvitað með vísan til innlenda markaðarins þá er eðlilegt að koma minni einingum á framfæri bæði markaðslega og þjónustulega.

Niðurstaða þessarar vinnu var að skilgreina fimm megin svæði, en innan þeirra eru síðan skilgreindar minni einingar sem hafa tiltekna sérstöðu. Eins og áður sagði er ekki um hreinar línur að ræða eins og í lögbundinni stjórnslu og skörun getur verið með ýmsum hætti eftir því út frá hvaða hagsmunum línurnar eru dregnar. Þess vegna má alls ekki oftúlka þá skiptingu sem hér er teiknuð á blað, enda er hún aðeins dregin upp og sýnd til að glöggva sig á meginlínunum.

Eðli málsins samkvæmt eru skiptar skoðanir um slíka skiptingu og aftur skal undirstrikað að ekki má oftúlka myndina sem slíka og því vísað frekar til texta

skýrslunnar.

Meginsvæðin eru kölluð Höfuðborgarsvæði, Suðvesturland, Vestfirðir, Norðurland og Austur- og Suðausturland. Höfuðborgarsvæðið er á myndinni innan Suðvesturlands en til að sérgreina það sem eitt af megin svæðunum er það litað. Innan allra svæðanna nema höfuðborgarsvæðisins eru síðan eins og áður kom fram minni svæði sem hafa í framhaldi af sérstöðu, þjónustu og samgöngum verið skilgreind sérstaklega sem ferðaþjónustusvæði.

Þau eru á Suðvesturlandi: Reykjanes, Suðurland, Vestmannaeyjar, Vesturland. Á Vestjörðum: Suðurfirðir og Barðaströnd, Norðurfirðir og Djúp, Hornstrandir og Strandir.

Á Norðurlandi eru minni svæðin: Húnaþing, Skagafjörður og Siglufjörður, í þriðja lagi Eyjafjörður og loks Þingeyjarsýslur.

Á Austur- og Suðaustursvæði eru svæðin þrjú, þ.e. Austurland, Suðausturland og Skaftárþing.

Til að endurtaka hugsunina þá erum við í markaðslegu tilliti að tala um þegar lengst frá okkur er komið í reynd eitt svæði, Ísland, á nærmörkuðum höfum við séð þetta í fimm megin svæðum og á innlendum markaði og þjónustulega værum við að ræða um 16 svæði.

Í skýrslunni er nákvæmlega farið yfir hvert þessara 16 svæða og kortlagðir meginþættir eins og samgöngur, gisting, dægradvöl og önnur þjónusta og síðan gerðar tillögur til úrbóta eða frekari eflingar á svæðinu.

Ég mun nú fara yfir eitt þessara 16 minni svæða til að sýna hvernig að þessu er staðið.

Tímans vegna fer ég yfir svæði sem er tiltölulega samanþjappað og því styttri texti en í mörgum hinna.

Skoðum Reykjanes:

Fyrst náttúran.

Á Reykjanesi eru fimm sveitarfélög. Austurmörk svæðisins eru að landi Hafnarfjarðar og Árnessýslu. Á svæðinu eru tíðar samgöngur, jafnt sumar sem vetur. Vegir eru almennt góðir og flestir lagðir bundnu slitlagi. Náttúrufegurð er afstætt hugtak og það ber að hafa í huga þegar ekin er alfaraleið um Reykjanes. Útsýni er mikið og fagurt, sjóndeildarhringurinn víður og við blasa tignarleg fjöll svo sem Snæfellsjökull, Akrafjall, Skarðsheiði og Esja. Nær má nefna Trölladyngju og Keili.

Víða er að finna áhugaverða staði á Reykjanesi. Þar eru mikil fuglabjörg og stutt er í ákjósanlega staði fyrir fuglaskoðun svo sem á Hafnabergi. Brimfjörur eru stórbrotnar, t.d. við Reykjanesvita. Jarðhiti er mikill á svæðinu. Þar má nefna hverasvæðið nálægt Reykjanesvita, en þekktast er þó Svartsengi þar sem Bláa lónið er. Árið 1878 var fyrsti viti á Íslandi byggður á Valahnúki skammt norðan

við Reykjanestá. Átta sjómíllur suður af Reykjanesi er Eldey, lítil móbergseyja og þar er þriðja mesta súlubyggð í heiminum.

Framboð á gistingu

Framboð á gistingu á Suðurnesjum er töluvert og almennt má segja að vel sé fyrir henni séð. Þar eru um 170 herbergi með um 350 rúmum. Miðað við þá gístiaðstöðu sem nú er fyrir hendi og nýtingu á henni má leiða rök að því að raunhæft og skynsamlegt sé að auka framboð hennar. Nýtingin á hótélum og gistiheimilum er þökkaleg á ársgrunni, 59% samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands fyrir árið 2001. Á háönn kann að skorta gistirými en til lengri tíma litið má reikna með að á almennum markaði skapist jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar. Aðstæður eru viðunandi eftir því sem gengur og gerist á þessum markaði og þess vegna eru engin rök fyrir sértækum aðgerðum.

Önnur þjónusta

Fjöldi veitingastaða er á svæðinu og einnig öll almenn þjónusta svo sem apótek, heilsugæsla, sjúkrahús, bankar, pósthús, bílaleiga, bílþjónusta (viðgerðir), samgöngur (áætluarferðir innan svæðisins og hópferðir), verslanir og ýmis önnur þjónusta. Þessi grunngerð hefur verið byggð upp og getur hæglega tekið við fleiri viðskiptavinum.

Dægradvöl

Nokkur söfn eru á svæðinu m.a. Bátasafnið í Reykjanesbæ, Byggðasafn Suðurnesja í Keflavík, Minjasafn Slysavarnarfélags Íslands í Garði, Fræðasetrið í Sandgerði, Sædýrasafnið í Höfnum, Saltfisksetur Íslands í Grindavík og Jarðfræðisetur Hitaveitu Suðurnesja í Svartsengi.

Þessu til viðbótar er ýmis afþreying í boði svo sem handverkshús (gallerí), golf, merktar gönguleiðir, hvalaskoðun og útsýnisflug. Nokkrar sundlaugar eru á Reykjanesi en Bláa lónið hefur algjöra sérstöðu meðal baðstaða og tengist þeim jarðhita sem er á svæðinu. Til jarðfræðinnar má einnig rekja brúna milli austurs og vesturs sem reist hefur verið yfir gjána milli jarðskorpuflekanna sem Reykjaneshryggurinn skilur að.

Möguleikar

Reykjanes hefur mikla möguleika til að byggjast enn frekar upp sem ferðapjónustusvæði. Þangað koma flestir sem ferðast til eða frá landinu. Þetta gefur þessu svæði umtalsvert forskot fram yfir aðra landshluta á mörgum sviðum ferðapjónustunnar. Það á einkum við um erlenda ferðamenn en margir þeirra hafa hér stutta dvöl og þá skiptir máli hvað er hægt að sjá og gera á þeim afmarkaða tíma sem þeir hafa til umráða.

Skrautfjöðrin er eitt af undrum Íslands, Bláa lónið. Það er orðið einn af vinsælustu viðkomustöðum ferðamanna, m.a. vegna nálægðar við Keflavíkurflugvöll og Reykjavík og þar eru nær óþrjótandi möguleikar til uppbyggingar og þjónustu, bæði á að auka núverandi starfsemi og bæta við nýjum þáttum heilsutengdrar ferðapjónustu

En fleira kemur til og nefna má að það fellur vel að ímyndinni um land elds og ísa. Jafnframt er starfsemin þess eðlis að hún tengist skynsamlegri nýtingu á

auðlindum landsins og þar eru miklir vaxtarmöguleikar án þess að náttúrunni verði ofboðið eða umhverfisverðmætum spillt. Reikna má með að það skipti meira máli á næstu áratugum.

Gera má meira úr því sem nú er unnið að, m.a. brúnni milli austurs og vesturs. Landrekið er náttúrufræðileg staðreynd og það má tengja sögulegum viðburðum með skemmtilegum hætti.

Samantekt

Heimamenn skilgreina sitt svæði sem Reykjanesið allt og það mun halda áfram að vera sérstakt markaðssvæði þó kjördæmamörk breytist.

Á Reykjanesi er nú lögð mikil áhersla á heilsufars- og náttúrutengda ferðaþjónustu. Eins og fram hefur komið eru möguleikarnir miklir vegna þess sem náttúran býður upp á nálægt Keflavíkurflugvelli og Reykjavík.

Bláa lónið er það sem fyrst kemur upp í hugann ef nefna á eitthvað eitt sem skiptir máli í ferðaþjónustu á Reykjanesi.

Samgöngur skipta miklu og brýnt er fyrir þróun ferðaþjónustunnar að leggja veg um Ósaboтна sem tengir Hafnir og Sandgerði með vesturströndinni og opnar nýja hringleið. Einnig er enginn vafi á því að Suðurstrandarvegur hefði mikið gildi fyrir ferðaþjónustu bæði á Reykjanesi og Suðurlandi.

Tillögur

Halda áfram að nýta sérstöðu Bláa lónsins við almenna markaðssetningu Reykjanes og Íslands í heild.

Leggja veg um Ósaboтна milli Sandgerðis og Hafna og opna með því hringleið.

Flýta Suðurstrandarvegi og tengja með því Reykjanes og Suðurland.

Kynna og markaðssetja landafundina í Vesturheimi með skírskotun til ferðar skipsins Íslendingar vestur um haf.

Kynna Ísland sem brúna milli austurs og vesturs og tengja það jarðfræði og sögu með sýnilegum dæmum.

Tekið skal fram að þó að hér séu dregin fram fáein höfuðatriði er að sjálfsögðu fjöldi annarra framkvæmda og verkefna sem unnið verður að á Reykjanesi og eru þýðingarmikil fyrir ferðaþjónustuna.

Á þessari hátt er farið yfir öll 16 minni svæðin í skýrslunni og þannig reynt að kortleggja auðlindina Ísland með vísan til ferðaþjónustu, þ.e. náttúruna, framboð á þjónustu. Þá farið yfir möguleikana og síðan settar fram tillögur.

Í þessari kortlagningu var einnig litið til heildarinnar þ.e. landsins alls. hvað varðar meginþættina þrjá: **Samgöngur, gistingu og dægradvöl**. Í skýrslunni eru settar fram tillögur hvað varðar þessa þætti án tillits til svæðanna, en auðvitað þá eru tillögurnar settar fram til frekari styrkingar

svæðahugmyndarinnar í heild. Ekki verða þessar tillögur raktar hér með einni undantekningu þó, þar sem um er að ræða nokkuð ákveðna ábendingu. Á svæðinu Suðurfirðir og Barðaströnd er að mati skýrsluhöfunda skortur á gistirými til þess að einstakir möguleikar svæðisins nýtist því í held. Hér er því lagt til að gerð verði undantekning á reglunni um bein afskipti hins opinbera varðandi uppbyggingu gistirýmis. Fundin verði leið til að byggja gott hótél á Suðurfjörðum Vestfjarða eða Barðaströnd til að ferðaþjónusta nái að festa þar tryggari rætur og til að mögulegt verði að nýta Látrabjarg og nágrenni þess við vestasta odda Evrópu. Þetta er m.a. lagt til í ljósi þess að slík rekstrareining getur ekki orðið að veruleika á almennum markaði við núverandi aðstæður. Óraunhæft er að reikna með að tekjur af gistingu standi undir meiru en daglegum rekstri og þar af leiðandi er eins gott að taka tillit til þess frá byrjun. Mér er ljóst að hér er um vandmeðfarið mál að ræða, en þetta er dæmi um hvernig það getur verið bæði nauðsynlegt og réttlætanlegt að stjórnvöld komi að málum til að nýta aðra möguleika heils svæðis í ferðaþjónustu til meiri atvinnusköpunar og betri afkomu.

MEGINSEGLAR

Í lokin mun ég gera nokkra grein fyrir tillögum sem settar eru fram í skýrslunni í framhaldi af kortlagningu auðlindarinnar í heild um að leggja áherslu á nokkra **meginsegla** í okkar ímyndarsköpun og markaðssetningu gagnvart erlendum aðilum sérstaklega. Þessar tillögur eru byggðar á þeim þáttum sem telja verður einstaka fyrir ferðaþjónustuna, náttúru landsins og menningu og sögu þjóðarinnar, en eins og áður kom fram er það auðvitað nauðsynlegt að skilgreina það sem hefur algjöra sérstöðu og því líklegast til að skila okkur því sem leitað er eftir í samkeppninni á alþjóðamarkaði. Hvað er það sem sker okkur algjörlega frá samkeppnisþjóðunum í þessari auðlind okkar. Hvaða staðir eru svo einstakir að þeir skuli nýttir sem meginsegla til að draga að gesti og þannig atvinnutækifæri ,tekjur og arðsemi heildarinnar?

Hér verða kynntir 11 **meginsegla**, sem komi heim og saman við þá skilgreiningu sem hér var nefnd. Auðvitað eru margir fleiri seglar í íslenskri ferðaþjónustu, ef svo má að orði komast um það sem dregur ferðamenn til landsins og um það. Þá er bæði átt við undur náttúrunnar og margt annað sem áhuga vekur og tengist sögu þjóðarinnar og menningu hennar. Ljóst er að mörgum mun finnast margt vanta í þessa upptalningu og vissulega væri hægt að hafa listann svo langan að flestum væri gert til geðs. Hafa verður því í huga það sem sagt var hér að framan um eitthvað algjörlega einstakt. Ég bið fundarmenn að fara í fljótheitum í huganum yfir auðlindina Ísland og setja sig í spor allra sem voru spurðir og beðnir að nefna bara **þrjá meginsegla** Íslands eða eigum við að leyfa ykkur að nefna **fimm**? Fróðlegt er þannig fyrir hvern og einn að velta því fyrir sér hvar eigi að bera niður.og hafa skilgreininguna í huga um eitthvað algjörlega sérstakt. Og velta því einnig fyrir sér til samanburðar, hvaða meginsegla draga okkur til einstakra svæða innanlands? Eru þá allir búnir að hugsa sinn lista? Fróðlegt verður að sjá hvort þessir þrír eða fimm hvers og eins eru á listanum yfir 11 meginseglana sem hér verða kynntir:

Höfuðborgin Reykjavík

Sérstök höfuðborg sem hefur upp á ótrúlega margt að bjóða og dregur sem slík til sín mikinn fjölda gesta.

Bláa Lónið á Reykjanesi

Sameinar frábærlega heilsutengda ferðapjónustu, afþreyingu og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda.

Geysir í Haukadal

Þekktasta örnefni landsins sem býður upp á enn meiri möguleika. Þörf á stefnumótun, langtímaáætlun og skipulagi.

Þingvellir

Mjög þekkt og einstakt dæmi um hvernig náttúran, menningin og sagan tvinnast saman.

Heimaey í ljósi jarðelda

Ótrúlegt og einstakt tækifæri til að sýna nána sambúð Íslendinga við náttúruöflin og hvernig þau má nýta

Reykholt í Borgarfirði

Staður Snorra Sturlusonar, eins mesta sagnaritara heimsins. Góður ráðstefnustaður í nálægð við Reykjavík.

Snæfellsnesþjóðgarður

Kynngimagnaður staður þar sem allt er fyrir hendi, jökull, dulúð, fögur náttúra og fjölbreytt strandlíf.

Látrabjarg

Stórbrotin náttúrusmíð, mögnuð björgunarsaga, og einstakt fuglalíf við vestasta tanga Evrópu.

Vesturfarasetrið á Hofsósi

Sérstök og vel útfærð uppbygging. Hugmynd sem á sér traustar rætur í sögu og menningu þjóðarinnar og vesturfaranna.

Mývatnssveit og Jókulsárgljúfur

Stórkostleg kennslubók í náttúrufræði sem þarf að skipuleggja betur með bættu aðgengi.

Vatnajökulspjóðgarður.

Einstök töfraveröld elds og íss sem bíður þess að vera metin að verðleikum fyrir ferðapjónustuna og skipulögð

Þá er lokið þessari kynningu á tillögum, sem skrifstofa Ferðamálaráðs hefur unnið að beiðni samgönguráðherra í framhaldi af hugmynd hans um

kortlagningu auðlindarinnar og svæðaskiptingu á forsendum ferðþjónustunnar. Eins og kom fram í upphafi hefur verið lögð á það rík áhersla að hafa sem víðtækasta samvinnu með 32 fundum víðsvegar um land og viðræðum við mikinn fjölda fólks. Og nú er þetta lagt fram hér til umræðu sem lokastig þess samstarfs áður en við skilum endanlegum tillögum okkar til samgönguráðherra. Fáir þessar tillögur í meginatriðum jákvæðar undirtektir og síðan komist þær í framkvæmd þá erum við að tala um meginbreytingu í samvinnu ferðþjónustuaðila bæði þjónustulega, markaðslega og jafnvel einnig hagsmunalega að öðru leyti. Þetta myndi breyta samstarfi út á við markaðslega og inná við þjónustulega svo dæmi séu nefnd.

Yrðu grunnupplýsingamiðstöðvar landshluta 5 eða 15?

Yrðu ferðamálasamtök landshlutanna 5 í stað 8?

Ferðamálafulltrúar 5,15 eða hve margir?

Kynningarefni.; Bæklingar myndbönd 5 svæða eða 15?

Hvað með hagsmunasamtök greinarinnar? Gæti það hentað SAF að hafa 5 svæðisbundnar deildir hliðstætt og er í Noregi vegna svæðisbundinna hagsmuna.?

Þetta mál snertir auðvitað miklu fleiri þætti og fækkun og stækkun virðist vera að gerast bæði stjórnsýslulega með stækkun og fækkun sveitarfélaga, í viðskiptalífinu með fækkun og stækkun fyrirtækja. Allar þær aðgerðir snúast um hagkvæmni, samkeppnishæfni og arðsemi. Eru það ekki einmitt hugtökin, sem eiga að vera okkur efst í huga þegar litið er til framtíðar í skipulagningu ferðþjónustunnar í landinu?

Hér eru lagðar fram tillögur um að skipuleggja ferðþjónustuna í landinu á færri, stærri og sterkari einingum, tillögur þar sem um 100 aðilar hafa lagt hönd á plóginn við gerð þeirra. Hér er sú hugmynd sem samgönguráðherra sem ég sá fyrst setta fram á serviettu á veitingahúsi í Frankfurt verið útfærð og sett í ákveðið tillöguform. Höfum við kjark til að takast á við svona nýja hugsun, sem krefst þess að við lítum lengra frá eigin ranni en okkur er oft tamt og gerum okkur grein fyrir möguleikum og styrk færri áhersluatriða í grunnkynningu og stæri og færri markaðs- og þjónustueiningum?

Ég ítreka þakkir mínar til þeirra allra og hlakka til að heyra umræðuna og viðbrögðin hér á eftir.

Þorsteinn Gunnarsson

Samgönguráðherra, Sturla Böðvarsson, alþingismenn, ráðstefnustjórar, ráðstefnugestir



Ég vil þakka fyrir þann heiður að vera með ykkur hér í dag til að fjalla um mikilvægt viðfangsefni sem snertir alla landsmenn og alla þá sem gista þetta land. Það er vel til fundið að velja Stykkishólm, eina af dýrmætustu perlum landsins, sem ráðstefnustað.

Umræðuefni dagsins er Skýrsla Ferðamálaráðs, Auðlindin Ísland - ferðaþjónustusvæði. Ég vil hér setja fram nokkrar hugleiðingar sem vakna við lestur þessa rits.

• **Mikilvægt og gott framtak. Löngu orðið tímabært að kortleggja auðlindina Ísland sem áfangastað fyrir ferðamenn.** Allar auðlindir þarf að kortleggja ef uppbygging og nýting á að vera jákvæð, þetta á ekki eingöngu við um fiskistofna eða orkulindir. Fram að þessu hefur skort yfirsýn yfir auðlindina Ísland sem ferðamannaland. Þessi samantekt er því mikilvægt og gott framtak og vel unnið. En er í raun ekki nema fyrsta skrefið fram á við.

• **Rökrétt svæðisskipting.** Ísland er líklega eitt af fáum löndum heimsins þar sem skilgreining ferðamannasvæða hefur oftast en ekki verið bundin við sýslumörk eða viðlíka óljós landamæri. Sem dæmi má nefna að það hefur líklega truflandi áhrif á ferðamanninn þegar Norðurland kynnir sig sem Norðaustur eða Norðvestur Ísland. **Sú skipting sem hér er lögð til er rökrétt. Fagna ber því að hér sé lögð áhersla á fjórðunga, auk höfuðborgarsvæðisins.** Innan þessara svæða eru vissulega minni einingar, en mikilvægt er að þau sér hluti af stærri heild sem engu að síður hefur skýra ímynd. Öll skilaboð til ferðamanna þurfa að vera skýr og einföld. Það sem er of margbrotið, þokukennt og óskýrt er fráhrindandi. Hér er stefnt að því að skerpa á ímynd fjórðunganna með því að draga fram sérkenni þeirra. Þetta er mjög jákvætt. Hins vegar geri ég athugasemd við það að í þeirri útgáfu að skýrslunni sem ég er með undir höndum er mín heimasveit Vopnafjörður jörðuð utangarðs á myndinni, sem lýsir svæðisskiptingu íslenskrar ferðaþjónustu, og er hún þó næst fallegasta byggðarlag landsins á eftir Stykkishólmi!!

• **Samstarf en ekki hrepparígur.** Frumniðurstöður rannsóknar Ferðamálaaseturs Íslands, Háskólans á Akureyri og Samtaka ferðaþjónustunnar um samstarf í ferðaþjónustu á landsbyggðinni gefa til kynna að hrepparígur sé ein helsta ástæðan fyrir því að samstarf í ferðaþjónustu hefur oftast en ekki gengið illa. Reyndar er kynnt eitt alræmt dæmi um hrepparíg í skýrslunni á bls. 8. **Mikilvægt er að sem flestir komi að þessari vinnu sem hrundið er af stað með þessari skýrslu og að hún sé vel kynnt, ekki eingöngu innan greinarinnar heldur einnig á meðal heimamanna.** Þar þarf m.a. að leggja áherslu á að kynna gildi samstarfs. Jafnframt þurfa heimamenn á hverju svæði að taka upp þráðinn og dýpka og skerpa þær áherslu sem dregnar eru fram í skýrslunni um viðkomandi svæði.

• **Tengsl við vísindi og fræði. Í þeirri vinnu sem framundan er er mikilvægt að tengja hana við þau fræði og vísindi sem eiga við á þessu sviði.** Ferðamálafræði eru vaxandi og viðurkennd fræðigrein innan háskóla víðs vegar um heim. Skipulagsmál eru þar eitt af þeim sviðum sem fræðimenn í ferðamálaum hafa lagt áherslu á að rannsaka. Hér á landi eru a.m.k. þrjár háskólastofnanir sem vinna að kennslu og rannsóknum á þessu sviði. Auk Háskólans á Akureyri eru það Háskóli Íslands og Hólaskóli. Samráð við

fræðimenn í þessum stofnunum mætti hafa verið meira við gerð þessarar skýrslu og því legg ég mikla áherslu á samstarf við háskóla í þeirri vinnu sem er framundan. Sú grunnvinna sem hér er um að ræða þarf í senn að byggjast á faglegum og fræðilegum grunni. Mikilvægt að það unga fólk sem stundar nám í ferðamálafræðum tengist umræðu á þessu sviði. Ég fagna því sérstaklega hvað nemendur Hólaskóla sækja þessa ráðstefnu vel.

• **Forgangsröðun verkefna.** Mikilvægt er að dreifa kröftum ekki of víða. Það er ljóst að ekki er hægt að gera allt alls staðar (oft einkennt íslenska ferðaþjónustu) Ein helsta niðurstaða skýrslunnar er að mikilvægt sé að forgangsraða verkefnum í ferðaþjónustu með meiri afgerandi hætti en hingað til hefur verið gert. Sá árangur og þær framfarir sem hafa átt sér stað í ferðaþjónustu undanfarin ár eru að miklu leyti bundnar við höfuðborgarsvæðið. Í þeirri stefnumótun sem framundan er er mikilvægt að hafa í huga að þau verkefni sem ráðist verður í, t.a.m. á sviði samgangna, gistingar og afþreyingar stuðli að því að efla ferðaþjónustu á landsbyggðinni og auka arðsemi fyrirtækja sem þar starfa á sviði ferðaþjónustu. Ég tel að líta verði á ferðaþjónustu á landsbyggðinni sem alvöru atvinnugrein ef við ætlum að ná árangri fyrir ferðamannalandið Ísland. Við framkvæmd stefnumótunar verður að tryggja fjármagn til að hvetja aðila til frekari dáða á þessu sviði. Það fjármagn getur ekki allt komið úr ríkissjóði heldur verða þeir, sem mestra hagsmuna hafa að gæta að verkefnin gangi upp, að skuldbinda sig með fjármögnun.

• **Mismunandi markhópar.** Saknað er umfjöllunar um hvers konar ferðamanna er verið að höfða til. Hér er átt við jafn einfalda skiptingu og innlendir og erlendir ferðamenn. Upplifun innlendra og erlendra ferðamanna af landinu er oft gjörólík. Fyrir ferðamann sem kæmi frá erlendri stórborg og læsi þessa skýrslu kæmi ýmislegt sérkennilegt fyrir sjónir eins og að gríðarleg umferð sé um Húnavatnssýslur (bls. 35). Ýmislegt bendir til að stórauka þurfi fræðslu til erlendra ferðamanna um þær hættur sem geta fylgt því að ferðast um landið, t.d. á vegum eða við aðrar aðstæður sem þeir eru alls óvanir.

• **Sýn hefðbundinna ferðaþjónustuaðila.** Skýrslan miðast e.t.v. of mikið við sýn hefðbundinna ferðaþjónustuaðila og ferðamálafulltrúa sem eru í góðum tengslum við þá. Í þessu sambandi bendi ég á að fremur lítið er gert úr mikilvægi umfangsmikillar starfsemi s.s. stangveiði og þjónustu henni tengdri fyrir ferðaþjónustu á landsbyggðinni. Enda fer þjónusta við stangveiðimenn oft fram hjá ferðaskrifstofum og hótelum. Ekkert er minnst á mikilvægi starfsemi háskóla á landsbyggðinni fyrir ferðaþjónustu en ráðstefnuhald á þeirra vegum og sú grunngerð sem byggist upp í kringum þá er mikil búbot fyrir ferðaþjónustu, bæði innan og utan marka hánnatímans. Á þessu sviði eru veruleg sóknarfæri ef rétt er á málum haldið.

• **Næstu skref** eru að virkja fagaðila, hagsmunaaðila, háskóla og heimamenn til umræðna og aðgerða á grundvelli þeirra tillagna sem hér liggja fyrir og þeirra niðurstaðna sem komist verður hér að á ráðstefnunni. Þessi vinna er mjög

mikilvæg og kemur án efa til að marka þá stefnu sem ferðapjónusta á Íslandi tekur til framtíðar.

Ég vil að lokum eins og frummælendur í morgun leggja sérstaka áherslu á uppbyggingu menningartengdrar ferðapjónustu þar sem þjóðararfurinn, bæði frá miðöldum og nútíma verði gerður aðgengilegur og sýnilegur. Mikil grunnvinna er í gangi sem mun auðvelda þessa vinnu. Kristnihátíðarsjóður styrkir nú umfangsmiklar fornleifa rannsóknir á helstu sögustöðum landsins, m.a. á Þingvöllum, Hólum, Skálholti og Gásum við Eyjafjörð. Hér er um mikil menningarverðmæti að ræða sem munu hafa ómetanlegt gildi fyrir ferðapjónustu í landinu ef rétt er á málum haldið.

Erna Hauksdóttir

Samgönguráðherra og aðrir frummælendur og góðir ráðstefnugestir.

Þegar maður fær svona skýrslu í hendur þá byrjar maður alltaf að hugsa: "Hér er komin enn ein skýrslan, skyldi vera eitthvað vit í henni? - fer hún beint inn í skáp með öllum hinum skýrslunum eða verður hún grunnur að góðu starfi?" og ég ætla að leggja upp með það að þessi skýrsla hún geti orðið grunnur að góðu starfi, eða eins og samgönguráðherra sagði í sinni ræðu að þessi skýrsla ásamt öðrum þeim skýrslum sem að gefnar hafa verið út í hans tíð verði grunnur að nýrri stefnumótun í ferðapjónustu.

Í þessari skýrslu eru gríðarlega miklar upplýsingar saman komnar. Ef að hún hjálpar fyrirtækjum við skipulagningu, ef að hún hjálpar stjórnvöldum við að hjálpa til við uppbyggingu þá er hún að gera sitt gagn. Það hefur kannski takmarkað verið litið til þess í þessari skýrslu að ferðamönnum fjölgi eins og talað hefur verið um að ef fram fer sem horfir þá geti verið komnir hér helmingi fleiri ferðamenn heldur en er í dag eftir kannski einhver 15-20 ár. Mér hefði fundist að það hefði átt að taka kannski betur á því í þessari skýrslu.

Auðvitað verðum við að kortleggja auðlindina, þetta er svona eins og að þeir sem að eiga peninga þeir telja peningana sína og peningalegar eignir öðru hvoru og vita hvað þeir eiga og hvernig hægt sé að ávaxta þá. Það er auðvitað bráðnauðsynlegt að forgangsraða verkefnum. Það eru mörg verkefni í mörgum skýrslum og það þarf að forgangsraða til þess að hægt sé að klára þetta. Það má segja að tillögurnar, ég ætla nú að hlaupa yfir fyrstu 13 blaðsíðurnar sem að eru samantektin í skýrslunni. Hitt er svona nánar um hvert svæði og gríðarlegur fjöldi tillagna sem að eru í raun og veru mjög ósamstæðar, það er allt frá því að vera ódýrar tillögur um ódýr verkefni sem að í raun og veru einkaaðilar eiga að fást við - og ég veit ekkert hvað þær eru að gera þarna - og upp í miljarða verkefni sem að eru á vegum ríkisins. Þannig að það svona ægir öllu mögulegu saman.

Þarna er rætt um samgöngur sem að er auðvitað bara ein helsta undirstaða ferðapjónustunnar og ég verð að hrósa samgönguráðherra fyrir þá vinnu sem

að hefur verið unnin á þessu kjörtímabili í sambandi við samræmda samgönguáætlun. Það var löngu tímabært verkefni og gríðarlega mikilvægt. Í samgöngukaflanum er talað um ferðamálavegi. Það kann að vera heppilegt að hafa einhvern þátt sem að ég myndi nú kalla ferðamannavegi og þar er lagt til að Ferðamálaráð leggi fram tillögur í því skini og ég vil nú benda á að ég held að það væri nú heppilegt að Samtök Ferðaþjónustunnar væru þar með þar sem að þar eru fyrirtækin sem að nota þessa vegi en þetta er í sjálfu sér ekki vitlaust.

En það eru fjórar tillögur í sambandi við, ef við aðeins kíkjum á þessar helstu tillögur á þessum fyrstu blaðsíðum, það eru fjórar tillögur um vegi. Það eru tvær tillögur sem að kosta kannski ekki mjög mikla peninga, það er vegarspotti þarna um Ósabotna og síðan vegarspotti að Látrabjargi og ugglaut hvort tveggja nauðsynlegt. Við þetta mætti nú bæta Gjábakkavegi sem að mér finnst nú eiginlega vanta í þessa upptalningu til þess að tengja Þingvelli við Gullfoss og Geysi, kannski hafa menn ekkert hugsað út í það en það hefur mér nú alltaf fundist vera vegarspotti sem að þarf að koma. En þarna eru tveir alveg gríðarlega mikilvægir vegir sem að vísu kosta mikla peninga, það er gerð Suðurstrandarvegur sem að hlýtur að vera mjög mikilvægt mál fyrir sunnlendinga og Dettifossvegurinn þannig að hægt sé að búa til svona annan "Golden Circle" fyrir norðan. Þetta er mál sem að ferðaþjónustan hefur lagt mikla áherslu á.

Nú þessir vegir kosta kannski sitt hvern milljarðinn en ég ætla kannski ekkert að fara mjög djúpt ofan í það hér hvort mér þykir það gáfulegra heldur en að grafa göng til Siglufjarðar.

Það er kafli hér sem að heitir "Dægradvöl". Þar eru í raun og veru talin upp hin ýmsu afþreyingarverkefni sem að þarf að fara í og þarna mættu nú kannski vera svolítið markvissari upptalning. Það er mjög mikið talað um að efla þetta og hitt og þetta minnti mig svona á ályktanir stjórn málaflökkanna. Leitast við að gera hitt og þetta og efla hitt og þetta. Þarna þarf í raun og veru að koma betur fram hvað það er nákvæmlega sem að menn eru að hugsa um. Efla sögustaðinn Reykholt, hvað eru menn að tala um, það eina sem að mér finnst vanta í Reykholti eru böð og ég veit ekki hvort að menn eiga við það hérna.

Síðan eru það seglarnir. Það var nú búið að tala um það að þetta væri nú kannski upptalning sem að menn gætu rifist um. Ég er alveg viss um það að af þessum 11 sem að taldir eru upp hérna þá getum við öll verið sammála um kannski svona 70-80%. En um restina getum við ábyggilega rifist um til jóla. Auðvitað þarf að forgangsraða og þess vegna er mjög gott að setja upp lista yfir svona segla en til hvers erum við að setja þá upp? Er það í þessari skýrslu vegna þess að opinberir aðilar ætli þá að útbúa þessa segla þannig að þeir geti tekið á móti miklum fjölda ferðamanna. Víða þarf að setja upp verulega mikla þjónustu til þess að við getum tekið á móti þeim ferðamönnum sem að ef til vill verða hérna eftir 10-20 ár og þá er eitt sem að mér finnst vanta í þessa skýrslu

og það er í sambandi við þetta stór mál sveitarfélaganna sem að heitir deiliskipulag.

Það eru staðir hérna úti á landi sem að þó að einkaaðilar myndu vilja leggja í fjárfestingar í þjónustu þá hafa sveitarfélögin ekki deiliskipulagt svæðið og það fer enginn að setja peningana sína í fjárfestingu þar sem ekki er búið að deiliskipuleggja. Fámenn og fátæk sveitarfélög sem að hafa jafnvel engar tekjur af viðkomandi svæði t.d. upplagt dæmi er Landmannalaugar þó að það sé ekki verið að geta þeirra hérna í seglunum, þetta er náttúrulega eitthvað sem að þarf að taka fyrir og er mjög stórt mál. Nú þessi hringamyndun öll, ég verð nú eiginlega að byrja á því að viðurkenna það að ég er búin að fara sjálf í marga hringi yfir því. Fyrst byrjaði ég nú á því að setja einn rauðan hring í kring um allt landið vegna þess að mér fannst að það ætti að vera þannig en mér fannst lítið vit í þessari skiptingu til að byrja með en eftir því sem að ég hef talað við fleiri þá svona er meira og meira vit að koma í hana. Mér finnst fyrst og fremst þessir litlu hringir, þeir eru auðvitað meira og minna ákveðnir af heimamönnum eftir því sem að skýrsluhöfundur segir. Það er auðvitað gríðarlega mikilvægt og búið að hvetja fólk til þess í áraraðir að vinna saman, að menn á sama svæði, sínu skilgreinda svæði vinni saman við að búa til heildstæða vöru sem að hægt er að markaðssetja.

Við vitum svo sem af þessari tilhneigingu fólks að gera sitt eigið svæði minna en það er í raun og veru en held að það sé talsvert mikið vit í þessum svörtu hringjum. Ég veit ekki ennþá hvort að það er mikið vit í þessum rauðu, það er ýmislegt sem að bendir til þess að hægt sé að nota þá í ákveðnum tilvikum, mér fannst dálítið góðar spurningarnar hjá Ferðamálastjóra - hann var að spekulera í því hvort að það ættu að vera jafnmargir ferðamálafulltrúar og bæklingar og litlu hringirnir eða stóru. Ég get alveg sagt ykkur það að ég hef ekki nægilega sterka skoðun á því til þess að segja hvort að þessir rauðu hringir séu nákvæmlega eins og þeir eiga að vera en þeir hafa vakið mjög margar spurningar hjá mér.

Það sem að er kannski nauðsynlegast fyrir fólkið á hverju svæði þegar það er að skilgreina sína sérstöðu er hvað eru þeir að gera og hvað geta þeir boðið sem að ekki er hægt að gera annarsstaðar. Það er kannski þess vegna sem að ég sakna þess svolítið að sjá Jökulsárlón í seglunum vegna þess að það eru óskaplega fá lönd í heiminum sem að geta boðið upp á jökulsárlón og þá dettur mér í hug virtur prófessor sem að kom hingað til lands sem heitir Valene Smith og hún talaði um aðgengið. Það er einhver mesti kostur í íslenskri ferðaþjónustu það er þetta aðgengi. Ef að Bandaríkjamenn ætla að segja, við eigum jökulsárlón, það er uppi í Alaska og við eigum hitt og þetta, það er allt til þar - en hér ef við tökum bara suðurlandið, þú ert ekki nema 2-3 tíma að upplifa fossa, jökla, sanda, jökulsárlón og skóg. Það er þetta sem að er þetta mikla aðgengi - hvað það tekur stuttan tíma að ná í þetta allt saman sem að við ættum kannski að markaðssetja miklu meira og eins og ég segi enn einu sinni

ég hvetja fólk úti á landi til þess að sjá hvað það getur gert öðruvísi heldur en annarsstaðar.

Nú verður mér bráðum hent út en ég á eftir að segja eitt sem að ég ætla ekki að sleppa. Þarna er verið að tala um gistingu og það sem að er kannski öðruvísi við gistingu heldur en margt annað eins og t.d. afþreyingarfyrirtækin og fleira að það er gríðarleg fjárfesting í gistingu. Þú getur ekki farið neitt með hótelið þegar búíð er að byggja það fyrir stórfé. Þú getur farið í burt með báta og flugvélar og hesta - þú getur meira að segja borðað þá en þú getur ekki farið neitt með gististað. Og þá erum við kannski komin að hlutverki hins opinbera sem að mig langar að fara nokkrum orðum hér um í tengslum líka við það sem að Einar K. Guðfinnsson sagði í sínu erindi þegar hann var að tala um arðsemina.

Arðsemi úti á landsbyggðinni er allt of allt of lítil, þess vegna skiptir mjög miklu máli hvernig er að málum staðið. Starfsemi hins opinbera er í raun og veru þrjú S fyrir utan svo markaðssetninguna sem að er yfir allt og er ekkert annað en fjárfesting hins opinbera að markaðssetja landið. Það eru starfsskilyrði fyrirtækjanna, það eru samgöngurnar og það eru seglarnir, það er ágætt að muna þetta. Þegar við tölum um arðsemina þá skiptir þetta allt gríðarlega miklu máli. Fyrst og fremst eru það tekjur sem að vantar úti á landsbyggðinni og þá erum við komin að markaðssetningunni. Það eru samgöngurnar sem að skipta auðvitað stórmáli hvort að fólk kemst að viðkomandi stað, það eru þessir seglar - hvernig við ætlum að hlúa að þessum seglum sem að við erum búin að vera að telja upp hér og jafnvel fleirum og síðan eru það starfsskilyrðin. Þau eru ekki til umræðu hérna en þar sem að ég er í þeirri vinnu sem að ég er í þá sleppi ég sjaldan tækifæri til þess að tala um starfsskilyrðin. Þér erum við að tala um opinbera lánastefnu, við erum að tala um vextina sem að eru miklu hærra heldur en í okkar samkeppnislöndum. Við erum að tala um gengissveiflur sem að eru stundum eins og fárviðri hér yfir ferðapjónustuna.

Ég vil nú bara sérstaklega fagna því sem að kom fram í ræðu áðan að það ætti að hafa samráð við Samtök Ferðapjónustunnar varðandi stöðu landsbyggðarhótelanna. Ég get alveg sagt ykkur það að fyrir nokkrum árum fór stjórn SVG sem var svona forveri SAF á enn eina ferðina á fund stjórnar Byggðastofnunar til þess að tala um að það skipti máli hvernig væri lánað í gististaði. Að það væru ekki pólitísk lán til þess að byggja gististaði hlið við hlið sem að ættu ekki nokkra möguleika. Okkur var svona nánast hent út þannig að ég vil segja að það sé Guðs þakkar vert ef að þeir vilja fara að tala við okkur núna.

Að öðru leiti þá vil ég ítreka það sem að ég sagði hér áðan, þetta er grunnur að góðu starfi og það kemur ekki í ljós fyrr en seinna hvernig það reynist. Takk.

Guðmundur Malmquist

Samgönguráðherra, góðir ráðstefnugestir.

Ekki vil ég lofa fyrirfram einhverju vitlegu innleggi frá mér. Þið verðið samt að taka viljann fyrir verkið og afsaka þó að ég líti aðeins til fortíðar í einu máli. Mér var sagt þegar ég var beðinn að taka þátt í þessu pallborði að það væri bæði vegna þess að ég hafi gengt starfi forstjóra Byggðastofnunar í eina tíð og eins vegna núverandi starfs míns sem framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Enn hvað um það best er að snúa sér að efninu.

Í inngangi skýrslu þeirrar sem hér er til umræðu kemur fram að Sturla Böðvarsson ráðherra hafi sett fram hugmynd um að kortleggja auðlindina Ísland sem nú er búið að gera í þessari skýrslu. Þetta er þarft verk og hefði mátt vera búið að þessu fyrr segir sá sem í langan tíma hefði haft tækifæri til að hrinda slíkri vinnu af stað með aðstoð ferðapjónustunnar. Hinu má ekki gleyma að í núverandi mynd er ferðapjónustan ung grein í hraðri þróun þar sem ný hugtök verða til á hverju ári og nýjar áherslur settar fram eins og glögggt kemur fram í skýrslunni

Skilgreina markaðssvæði með tilliti til ferðapjónustu.

Þetta er sett fram myndrænt á blaðsíðu 15. Ég get að mestu fallist á hvernig hringirnir eru dregnir nema hvað mér finnst ekki samræmi milli Vestfjarða og hinna svæðanna. Of mikið er að skipta Vestfjörðum niður í fjögur svæði, þrjú eða tvö hefði verið við hæfi. Ég nefni hér þá hugmynd að skipta þessu betur eftir nýju kjördæmunum. Þá mundi Hornafjörður komast í suður-hring og Austurland í norðaustur-hring. Blönduós mundi geta farið að gera alvöru úr að teygja sig til Stranda, sjóleiðina. Mig langar að vísu ekki þá leið á Strandir, en þetta er nefnt í skýrslunni. Niðurstaða mín er sú að það megi búa til alslags hringi sem allir geta verið ágætir en gott væri ef okkur tækist að stöðva ferðamenn meira á stöðunum og þeir veldu síðan að koma aftur og skoða næstu sveit. Þetta segir nú sá sem er nýlega kominn frá því að aka 2500 km um Frakkland á rúmri viku. Sjálfsagt var oft farið langt yfir skammt í þeirri ferð.

Draga fram sérstöðu hvers svæðis og helstu möguleika þar.

Þetta er gert með stuttum og góðum hætti. Það sem ég vildi benda á í þessum þætti er að mér finnst eins og menn gleymi á sumum svæðum að nefna bestu málin en tænglist til dæmis á veiðiskap þar sem lítið er að hafa en nefni þetta síðan varla á nafn þegar svæði eins og Húnavatnssýslur eru til umræðu. Það er ekkert lítið sem umferðin í hringum veiðiárnar gefur af sér.

Taka saman fyrirbyggjandi upplýsingar og safna nýjum.

Þegar skýrslan er skoðuð sést að búið er að safna saman töluverðum fróðleik á einn stað. Margt þykjumst við vita fyrir en annað er gott að fá staðfest. Ég ætla til dæmis að víkja að gistingunni síðar því að um hana er töluvert fjallað.

Skilgreina helstu segla íslenskrar ferðapjónustu á komandi árum.

Ég næ alveg utanum þetta og finnst í raun verið að endurtaka að draga fram sérstöðu hvers svæðis. Ég fæ ef til vill frekari skýringar á þessu á eftir.

Gera tillögur um skilgreind verkefni til uppbyggingar í ferðaþjónustu.

Í skýrslunni eru settar fram allmargar tillögur til framfara en á stundum verða þær ansi sértækar eins og ég kem að á eftir, en flestar eru góðar.

Ég hef nú nefnt þá fimm þætti sem lagðir eru til grundvallar við skilgreiningu verkefnisins og sný mér að svæðunum.

Höfuðborgarsvæðið.

Ég er á sama máli og kemur fram í skýrslunni. Höfuðborgarsvæðið hefur algera sérstöðu. Bara það að hafa stjórnsýsluna og allt sem því fylgir sendir borginni ferðamenn hvaðanæva að. Rekstur hótela á því að ganga vel. Nýting er viðunandi en ekkert meira en það borið saman við aðrar höfuðborgir að ég held. Höfuðborgarsvæðið og Reykjanes taka líka við nánast öllum erlendum ferðamönnum þó að ekki megi gleyma Norrænu og þeirri miklu vinnu sem unnin hefur verið í kringum hana. Athyglisverð tilraun er nú einnig í gangi með beint flug á Egilsstaði en sama hvað er, suðvesturhornið tekur við yfirgnæfandi fjölda ferðamanna og við eigum að gæta þess að ekki myndist þar tappar því að fjölgun þar leiðir einnig til fjölgunar á landsbyggðinni og þar þurfum við svo sannarlega á fjölgun ferðamanna að halda.

Það er svo með ráðstefnuhús eins og fleiri hús að það er erfitt að reikna ábatann af þeim en ég held að Reykjavík vanti stórt og gott ráðstefnuhús. Að fá slíkt hús mundi verulega auka ráðstefnuhald í Reykjavík og yfirfall gesta mun liggja út á land. Þó að nýting gistirýmis sé 64% þá er nú verið að taka aukið rými í notkun og eins eru hótél turnar á teikniborðinu. Bjartsýnin virðist því ráða ríkjum í Reykjavík. En það er ekki bara ráðstefnuhús sem skiptir máli. Merkilegt hefur verið að fylgjast með sjávarútvegssýningunni sem að undanfögnu hefur verið haldin í Kópavogi við sívaxandi aðsókn bæði skoðenda og sýnenda. Menn héldu til dæmis í eina tíð að aðeins Laugardalshöllin kæmi til greina fyrir stórar sýningar. Þetta segir okkur að svolítil samkeppni er af hinu góða.

Að höfuðborgarsvæðinu slepptu er landinu skipt í skýrslunni í fjögur svæði og fjallað um hvert fyrir sig.

Ég er áður búinn að minnast á að ég er ekki allskostar ánægður með skiptinguna og finnst menn eigi að horfa til framtíðar og nýju kjördæmanna. Ég nefni þetta svona til gamans. En hvað um það í skýrslunni er gerð grein fyrir náttúru, gistingu, annarri þjónustu, dægradvöl, möguleikum og síðan samantekt og tillögum á hverju svæði fyrir sig.

Að lokum þá verð ég að nota þetta tækifæri til að ræða aðeins frekar um gistingu á landsbyggðinni og verð þá aðeins að fá að fara til baka. Byggðastofnun tók við af Byggðasjóði 1985. Mér varð snemma ljóst að landsbyggðin bjó við kvótasettar atvinnugreinar þar sem uppgangur á einum stað leiddi til niðursveiflu á þeim næsta. Á þessum tíma var farið að lána til bændagistinga bæði frá Byggðastofnun og þáverandi Stofnlánadeild sem nú heitir Lánasjóður landbúnaðarins.

Stofnlánadeildin vann með niðurgreitt fé og þess vegna gátu lánin aldrei numið háum fjárhæðum. Málið var rætt milli stofnananna og ákveðið að Byggðastofnun bæri ein ábyrgð á lánum til bændagistinga enda greiddu ferðabændur ekki sjóðagjöld til landbúnaðarkerfisins. Á þessum sama tíma var líka verið að leita logandi ljósi að nýjum atvinnutækifærum á landsbyggðinni. Ljóst var að ferðaþjónusta var grein sem gæti hjálpað við að halda landinu í lifandi byggð og því hefur verið lagt mikið undir á landsbyggðinni í uppbyggingu gistirýmis. Á þeim 15 árum sem síðan eru liðin hefur verið byggt mikið af allslags gistirými, allt frá skálum til fínna hótela, og það verður að segja að oft hefur verið keyrt áfram af meira kappi en forsjá

Skýrslan segir að í grófum dráttum megi segja að framboð á gistingu á landsbyggðinni sé nægilegt, enda benda meðaltalstölur um nýtingu ekki til þess að þörf sé á aukningu. Annars staðar kemur fram að nýtingin er eitthvað um 26% á landsbyggðinni á meðan hún er 60-70% á höfuðborgarsvæðinu.

Hér held ég að menn ættu að segja að framboðið sé of mikið og til vandræða horfi ef skipulega verður ekki tekið á málum. Málið er einfalt að mínu mati. Byggðastofnun tókst ekki að hægja á byggingaráformum á landsbyggðinni og því hlýtur stofnunin að vera í töluverðum vandræðum vegna veðlána sinna í hótelum og gistirými.

Áfram er fjallað um gistinguna á blaðsíðu 11 og sagt að finna verði leið til að byggja hótél á Suðurfjörðum Vestfjarða eða Barðaströnd og er lagt til að undantekning verði gerð og afskipti hins opinbera komi til. Ég spyr nú bara er ekki Byggðastofnun hluthafi í fjöldanum öllum af hótelum? Það segir líka að óraunhæft sé að reikna með að tekjur af gistingu standi undir meiru en daglegum rekstri á þessum stað en er þessu ekki á sama hátt farið á mörgum öðrum stöðum á landinu jafnvel þó að þeir séu staðsettir nær Reykjavík

Niðurstaða mín í þessum fjárhagsmálum hótela og stærri gistirýma er sú að ríkisvaldið verði að koma strax að þessum málum og bjóða fram aðstoð við að endurskipuleggja fjárhag fjölda gistihúsa á landsbyggðinni. Hin leiðin er að mörg þessara heimila verði seld nauðungarsölu og síðan seld með afslætti eða rekstur þeirra leigður fyrir lítinn pening. Þetta skekkir ekki síður samkeppnisaðstöðu en annað. Ég held því að ekki dugi að láta reka á reiðanum. Ferðamálasjóður á um milljarð útistandandi, að vísu sumt hjá fyrirtækjum í Reykjaví. Útistandandi lán frá Byggðastofnun vegna greinarinnar eru sjálfsagt að nálgast 2 milljarða þó ég viti það nú ekki upp á hár. Þá eru ótalin bankalánin, hlutafé og önnur lán þannig að þið sjáið að miklu er búið að kosta til við uppbyggingu ferðaþjónustunnar á landinu.

Að lokum. Ég vil sjá menn halda áfram og taka nú á fjárhagsvandannum í framhaldinu.
Takk fyrir.

Ásborg Arnþórsdóttir

Ráðstefnustjóri, ráðherra, ráðstefnugestir, samstarfsfélagar og vinir.



Ég fagna þessar vinnu og umræðu um auðlindina Ísland. Eins við öll vitum og fram kemur í skýrslunni gegnir ferðaþjónustan ört vaxandi hlutverki í íslensku atvinnulífi og þess vegna er mikilvægt að kortleggja auðlindina, kanna stöðu mála og spá í framtíðina.

Fyrir fólk í dreifbýli er ferðaþjónustan sannarlega lífæð þar sem hefðbundinn landbúnaður er á undanhaldi og menn leita leiða til að tryggja sér og sínum áframhaldandi búsetu í heimabyggð. Á ýmsum stöðum á landinu hefur ferðaþjónusta verið stunduð um aldir og margt áunnist með hjálp frumkvöðla og eldhuga. En á mörgum sviðum þessarar ungu atvinnugreinar erum við í frumbersku miðað við aðrar þjóðir.

Þessi skýrsla er góð byrjun til að hreyfa við málum, en lestur hennar vakti fjölda spurninga, eins og eflaust er ætlast til. Ný svæðaskipting og hvað svo? Hver á að halda utan um þessa skiptingu? Fylgja henni peningar? Hver er ávinningurinn?

Nú þegar er skipulag og verkaskipting mjög mismunandi á svæðunum og menn komnir mislangt í þróun hvað varðar stefnumótun og uppbyggingu. Eins og nefnt er í skýrslunni er einnig lykilatriði að skilgreina ítarlega hlutverk og verkaskiptingu þeirra sem með einum eða öðrum hætti koma að málefnum ferðaþjónustunnar. Á þessu þarf að taka og saman þurfum við að finna leiðir og eflaust verður umræða hér í dag gott innlegg í þá vinnu.

Það er mjög mikilvægt að líta yfir landið í heild og móta tillögur að aðgerðum til að efla ferðaþjónustu á tilteknum svæðum. Það þarf að varast að svæðin verði of einsleit, áhersla þarf að vera á stefnumótun, sérstöðu svæða, sérhæfingu og forgangsröðun, en að sama skapi ber að varast miðstýringu. Þessi kortlagning sem hér er til umræðu er mjög gróf, það er stiklað á stóru og að sjálfsögðu munu minni svæði sem þegar hafa valið sér verkefni spyrja hvers vegna þau ættu að bíða og hversu lengi.

Það þarf að ríkja sátt heima í héraði um aðgerðir, en það er einnig gagnlegt að fá utanaðkomandi álit sbr. umfjöllun skýrslunnar um náttúrufegurð og sérstöðu. Hverjum finnst ekki sitt fjall fagurt, en ferðamaðurinn leitar frekar að sérstöðunni og samspili náttúru, sögu og menningar. Við eigum fjölmarga staði þar sem slíkt samspil er að finna en eigum víða eftir að vinna betur úr því.

Skýrsluhöfundur segir að á fundunum hafi mönnum orðið tíðrætt um samgöngur og uppbygging afþreyingar. Annars vegar afþreyingu með áherslu á sögu og menningu og hins vegar náttúrutengda. Þetta kemur ekki á óvart. Umræðan um menningatengda ferðaþjónustu sem við höfum tekið þátt um nokkurt skeið er nú óðum að færast yfir á framkvæmdastig og víða á landinu er verið að vinna

að spennandi verkefnum. Þó oft sé erfitt að fylgja eftir og fjármagna góðar hugmyndir.

Það þarf að bera söguna fram á aðlaðandi hátt fyrir gestinn á hverjum stað. Við erum að læra að vera ekki of hátíðleg og getum margt lært af öðrum þjóðum sem eru framarlega á þessu sviði. Gott dæmi um vel heppnað verkefni er hetjan Braweheart í Skotlandi. Fyrst ríður hetjan um héruð, næst kemur bíómyndin með Mel Gibson og að lokum ferðapjónustan sem notfærir sér Hollywoodútgáfuna fyrir nútímaferðamanninn og selur söguna, kannski örlítið færða í stílinn.

Í kaflanum um dægradvöl í skýrslunni eru góðar hugmyndir en fáar. Þetta er góð byrjun. Það er ljóst að ekki er hægt að gera allt í einu en þarna mætti hugsanlega tímasetja. Hvað gerast hlutirnir hratt? Hvenær getum við komið með næsta óskalista?

Ferðamannavegir

Samgöngur og vegagerð eru mál málanna og grundavallarforsenda þess að ferðapjónusta blómstri. Ég fagna því mjög hugmynd um ferðamannavegi sem sett er fram í skýrslunni. Þar eru nokkrir vegir upptaldir en ég er viss um að sá listi verður fljótur að lengjast. Strax flugu nokkrir vegir í gegnum hugann.

Góðir ferðamannavegir eru mikilvægir fyrir svæði sem eru að laða til sín ferðamenn eins og Vestfirði, en ekki síður fyrir þau svæði sem eiga fjölfarna ferðamannastaði þar sem umferðapungur er oft gífurlegur eins og á Gullna hringnum. Það er ekki nóg að lokka og laða við verðum að vera viðbúin fjöldanum þegar hann kemur.

Fáein höfuðatriði

Í skýrslunni eru mjög fá atriði talin upp sem höfuðatriði og mörgum þykja eflaust seglarnir fáir aðeins 11 á landsvísu. Hvað þá ef við eigum bara að velja 5, það er erfitt. Ég myndi t.d. velja Reykjavík, Bláa Lónið, Geysi, Þingvelli og að lokum velja milli Vestmannaeyja eða Mývatnssveitar. Líklegt er að menn verði seint sammála um þetta.

Skv. skiptingunni er ekki amalegur félagsskapur kröftugra nágranna á Suðvesturlandi með 6 af 11 seglum. Greinilega er svæðið mikilvægt ferðamannasvæði. En þá vakna spurningar um jöfnuð. Ef verið er að fókusa á verkefni og eða skipta fjármagni hver verða hlutföllin milli svæða? Upptalin verkefni á hverjum stað eru af misjöfnum toga. Sum má líta á sem þjóðareign sbr. Þingvelli, en önnur staðbundnari t.d. sýningar á einstökum stöðum. Sum eru lítil, önnur til lengri tíma, eins og fram kemur. Viðskiptaáætlanir, markaðssetning, úrbætur á einstökum stöðum, byggingar, skilgreiningar, flýta vegaf framkvæmdum, styðja við áframhaldandi uppbyggingu.

Nýjar hugmyndir fá kannski ekki mikið pláss heldur er meira verið að styðja við það sem fyrir er. Er svæðið fáfarið eða fjölsótt? Stundum þarf að bjarga ákveðnum hlutum og bregðast við "massatúrisma". En svona má endalaust hártoga. Þá komum við aftur að spurningunni um tíma. Hversu langt fram í tímann virkar skýrslan?

Við þurfum að taka á loft, sveima yfir landinu og hugsa stærra, ekki bara púla í hornum. Heildin, landssamvinnan er aðalatriðið. Svo koma svæðin og alveg niður í minnstu einingar. Það er misjafnt eftir verkefnum hvað hentar varðandi samvinnu þ.e. hversu stór svæði eiga að vinna saman.

Hvað með að líta eftir fyrirmyndum? 14 ferðamálafulltrúar eru nýkomnir af Evrópuráðstefnu og vel heppnaðri námsferð til Skotlands. Af Skotum má margt læra þar starfa svæðisbundin ferðamálaráð sem vinna síðan þétt saman. Mætti hugsa sér það hér með umræddri skiptingu, þ.e. 5 landshlutaferðamálaráð? E.t.v. uppstokkun á ferðamálasamtökum landshlutanna, en þeirra hlutverk hefur breyst mikið á undanförunum árum. Í Skotlandi er sá háttur hafður á þegar landið er kynnt á ferðasýningum að fulltrúar svæðisbundinna ferðamálaráða fara til skiptis, en allir selja landið, ekki hver sitt svæði.

Svæðaskiptingin

Þegar fjallað er um svæði skiptir aðgengi, samgöngur og fjarlægðir mestu máli og svo kemur framboð þjónustu þar á eftir. Ég hef verið beggja vegna í þéttbýli/dreifbýli og frá sjónarhóli ferðaskrifstofuaðila er ákveðinn radíus fyrir ákveðna tegund gesta og annað er ekki til umræðu t.d. ráðstefnugestir, þannig að ekki er óeðlilegt að þeim finnist skiptingin rökrétt. Út frá sjónarhorni ferðapjónustuaðila í dreifbýli hins vegar eru umrædd svæði allt of stór og aðilar innan þeirra á vissan hátt keppinautar. Á Suðvesturlandi njótum við nálægðarinnar við höfuðborgina, erum hluti af slagorðinu "next door to nature". Við getum vel átt samleið með Reykjanesi og Borgarfirði en það er spurning hvers konar verkefni á að vinna á þessari svæðisskiptingu og hverju eigum við að deila?

Við í dreifbýlinu höfum farið í gegnum ákveðna þróun undanfarin ár í þá átt að stækka svæði í ýmsu samhengi. Sbr. sameiningu sveitarfélaga og slíkt gengur ekki sársaukalaust fyrir sig. Þegar stefna var mótuð í ferðapjónustu í uppsveitum Árnassýslu árið 1996 var stórt skref fyrir heimamenn að lyfta hugarum frá einstaka hreppum til uppsveita, en síðan hefur samvinnan þróast í stærra samhengi, Suðurland. Svo kannski er ekki fráleitt að hugsa áfram enn stærra Suðvesturland. Það þarf að skoða málið og meta tilganginn betur. Svæðin eru mjög stór og óskirnar margar.

Einnig er mikilvægt að huga að markvissri stjórnsýslu og stoðkerfi ferðapjónustunnar eins og segir í skýrslunni. Eins og er er þessu mjög mismunandi fyrir komið eftir svæðum. Á sumum stöðum eru atvinnufulltrúar eða ferðamálafulltrúar með mismunandi forsendur og bakland og sama gildir

um samtök og félög. Ferðamálafulltrúar vinna í grasrótinni í nánnum tengslum við ferðaþjónustuaðilann, en eru jafnframt eins konar millistykki við stjórnvöld og upplýsingamiðill inn og út af svæðum, milli manna stofnana félaga o.s.frv.

Að lokum þetta. Ég tek undir það sem fram kom í viðtölum við gerð skýrslunnar að mikilvægt sé að auka veg ferðaþjónustunnar almennt og setja fé í grunnþjónustu s.s. upplýsingamiðstöðvar og stefnumótun fyrir einstök svæði. Okkur vantar tilfinnanlega heildarsýn, heildarskipan mála. Hugsanlegt væri að sjá landshlutasamtökin þróast í landshluta ferðamálaráð. Með skýrari hlutverk og meira vægi og þá er ekkert sem segir að ekki megi breyta svæðaskiptingu. En ljóst er að eitthvað þarf til að halda utan um skiptinguna hvort sem hún er á þann veg sem lagt er til í skýrslunni eða annan. Ef skiptingin er aðeins huglæg er tilgangurinn ekki nægilega sýnilegur.

Við þurfum að leggja áherslu á að byggja upp grunninn, aðgengi, vegi, upplýsingamiðlun, kynningu svæða í góðum tengslum og samhengi við kynningu Íslands. Og samhliða því þarf að stuðla að uppbyggingu afþreyingar sem tengist náttúru, menningu, umhverfi og heilsu því þetta er allt samofið og ekki hægt að tala um hvert og eitt sér.

Ásmundur Gíslason

Samgönguráðherra, ráðstefnustjórnar, ágætu félagar.



Sá sem hér stendur býr í Árnanesi í Hornafirði og rek þar ferðaþjónustu ásamt konu minni, gistihús, veitingarsölu og myndlistarsölu og þó ég sé ekki ýkja kúrekalegur frekar en Einar Bollason þá rek ég hestaferðir líka.

Nú, þá er þess að geta vegna orða minna hér á eftir að ég er starfandi formaður Ferðamálasamtaka Austurlands og hef verið það í nokkur ár.

Ég vil þakka fyrir þessa góðu skýrslu, ég er mjög jákvæður gagnvart þessari skýrslu, hún er mjög góð. Aðdragandinn að henni og framkvæmdin er til fyrirmyndar að mínu mati. Ég ætla ekki að fjalla um einstök atriði hennar, ekkert sérstaklega en mér finnst sem sagt vinnuferlið að skýrslunni til fyrirmyndar og það kemur t.d. fram í henni að það voru haldnir 10 samráðsfundir og það er ekki svo lítið sem að liggur að baki þessum fundum og ég veit að t.d. hjá okkur fyrir austan þá héldum við undirbúningsfund áður en að við fórum á þennan samráðsfund þannig að það hefur átt sér stað gríðarlega mikil umræða nú þegar sem er hið besta mál.

Nú hér eru hugmyndir lagðar fram til umræðu um eitt af lykilmálefnum ferðaþjónustunnar, má svo sannarlega segja að það sé tímabært, þ.e. skipting landsins í markaðssvæði. Eins og fram hefur komið gefst okkur öllum kostur á þátttöku hér og ég sé þetta sem bestu leiðina til málefnalegrar niðurstöðu. Annað er að skýrslan er mjög góður grunnur að auknu samstarfi ríkisvalds og ferðaþjónustunnar. Þessir aðilar þurfa virkilega að vinna saman og hafa gert það

og þetta samstarf er sífelld að aukast og við finnum fyrir auknum skilningi innan ríkisvaldsins á mikilvægi ferðaþjónustunnar og það reyndar kom fram í ágætri ræðu samgönguráðherra hér í morgunn. Og meðal annars á þeirri gríðarlega miklu aukningu á fjárframlögum til atvinnugreinarinnar að hálfu ríkisvaldsins sem að fer úr einhverjum 190 milljónum í yfir 600 milljónir á þessu ári.

Málefnaleg niðurstaða um markaðssvæði og helstu ferðamannastaði auðvelda ferðamálayfirvöldum markvissari útdelingu fjár til uppbyggingar í greininni. En umræðan um markaðssvæði fjallar m.a. um ferðamálasamtök landshlutanna og þá heildarsamtökin sem að eru Ferðamálasamtök Íslands. Að baki sérhverju markaðssvæði þarf félagslegan bakgrunn. Til staðar eru þessi landshlutasamtök og innan þeirra eru starfseiningar s.s. upplýsingamiðstöðvarnar, ferðamálahópar og félög og markaðsstofur og fleira mætti telja. Þetta innra starf þarf að efla og skipulagið þarf að efla og treysta. Það skiptir höfuðmáli að mínu mati og heildarstefnumótun fyrir hvert svæði. Að vísu eru mjög mörg svæði landsins búin að vinna sína stefnumótun.

Svo snýst þessi um ræða að mínu mati ekkert síður um ferðaþjónustufyrirtækin sjálf. Það er allt of mikið um það að fólk reisi sér sinn rekstur, ef við tökum t.d. bara eitthvert gistihús úti á landi, geri það af miklum myndarskap, setur skilti út við veg og bíður eftir ferðamanninum. Ég hef ferðast um allt austurland, heimsótt öll ferðaþjónustufyrirtæki, sum nokkrum sinnum, þannig að ég þekki vettvanginn nokkuð vel og þannig er þetta að við erum ekkert öðruvísi heldur en aðrir landshlutar og ég hef stundum sagt að það vantar blóðbragðið í kjaftinn á forkólfum ferðaþjónustufyrirtækjanna, það vantar græðgina. Það vantar meiri metnað til þess að ná árangri og það vantar aukna markaðsvitund. Og það gerir sig með öflugum skipulagi og öflugum innra starfi innan markaðssvæðanna. Að því fengnu þá er ég sannfærður um það að aukin gæði koma af sjálfu sér. Það er til lítils að vera að halda gæðanámskeið og segja fólki hvenær og hvar það á að brosa og snyrta hér og snyrta þar o.s.frv. Þó svo að það sé gott og gilt og nauðsynlegur þáttur ef að vitundin er ekki til staðar þá gleymir fólk gæðanámskeiðinu þegar það kemur heim eða eftir nokkra daga.

Hugmyndir skýrsluhöfunda um markaðssvæðin rúmast að mínu mati í aðalatriðum inn núverandi skiplags landshlutasamtakanna. Ég ætla ekki sem sagt að leggja út af þessari skiptingu í þessa hringi eins og kemur fram í skýrslunni en svona í meginatriðum held ég að skipulagið sé til staðar. En við þurfum hinsvegar að vera opin fyrir því að aðlaga ferðamálasamtökin að breyttum markaðssvæðum og þá kem ég að svona skiptingunni á landsvísu.

Við höfum svona þríhöfða skipulag einskona. Við erum með ríkisvaldið og Ferðamálaráð og við erum með SAF sem að eru samtök atvinnurekenda og síðan erum við með Ferðamálasamtök Íslands þ.e. landshlutasamtökin og Ferðamálasamtök Íslands - heildarsamtökin. Mér finnst, ég hef dálítið hugsað um þetta núna að þessu tilefni - þessari ágætu skýrslu og það að ég var fenginn til að flytja hér fáein orð, og mér finnst þetta skipulag bara gott. Það er

nefnilega þannig eins og innan SAF þá eru bara atvinnurekendur og það eru ekkert ýkja margir félagar innan SAF tilfellið er. Og innan ferðapjónustunnar er fjöldi einstaklinga, félaga og stofnana að ógleymdum sveitarfélögunum og þessir aðilar eiga ekkert kost á að starfa innan SAF enda er ekkert endilega ástæða til þess, við þurfum ekkert endilega að hugsa til þess.

Ágætur samgönguráðherra nefndi hér í morgunn og talaði um þetta hótél þegar hann fór fyrir mörgum árum, hann var 28 ára held ég, ungur og sprækur og er nú stinnur ennþá. Þeir hér sveitarstjórnarmenn sáu nauðsyn þess að hjálpa til við þróunina og þetta hefur gerst víða um land og sveitarstjórnirnar eru gríðarlega mikilvægur þáttur. Tökum bara til dæmis Reykjavík sem að er að taka yfir upplýsingamiðlunina til ferðamanna og er að leggja í feikna peninga og auknar fjárhæðir í þennan málaflökk. Ég nefni sem dæmi Ferðamálasamtök Austurlands í þessu skipulagssamhengi að við höfum lagt feikna vinnu í innra skipulag hjá okkur innan Ferðamálasamtaka Austurlands og þau voru stofnuð á sínum tíma af sveitarfélögunum held ég 1980 og ágætur hér félagi Jónas Hallgrímsson kom þar að sem hér er staddur - Norrænuforstjóri.

Í 5-manna stjórn hjá okkur eru 3 ferðamála fyrirtæki, fulltrúi Sambands Sveitarfélaga á Austurlandi og Þróunarfélags Austurlands. Þetta er 5-manna stjórn og okkar starf innan ferðamálasamtakanna er einfalt þróunarstarf. Það hefur komið fram í umræðunni að þetta er ung atvinnugrein og við erum bara einfaldlega að vinna þróunarstarf og margir hafa talað um lélega arðsemi innan greinarinnar sem að er hárrétt. Fyrirtækin, lítilsmegnug, fjárvana og skuldum hlaðin mörg hver og allt of mörg og þess vegna skiptir gott skipulag og heildarsamtök höfuðmáli í markaðssetningu svæðanna út á við.

Varðandi markaðssvæðin sjálf tek ég undir það sem að rektor Háskólans á Akureyri kom að hér áðan að ég hefði viljað fá fræðilega umfjöllun um fyrirbærið "markaðssvæði". Það hefði verið gott að fá svona þennan akademíska bakgrunn inn í umræðuna. Þá vil ég segja líka að markaðssvæðin markast af áhorfandanum, rétt eins og Magnús Oddsson sagði í morgunn að Ísland er eitt markaðssvæði. Ísland er hluti af Skandinavíska markaðssvæðinu, hluti af Evrópu markaðssvæðinu. Einhver úti í Hong Kong horfir í vestur og vill fara í vestur - hann fer til Evrópu. Síðan nálgast hann Skandinavíu og einhversstaðar innan Skandinavíska markaðssvæðisins er punktur norður í hafi sem að er Ísland. Sjónarhornin eru mörg og ég hefði viljað sjá í þessari skýrslu sjónarhorn íbúa í lægðamóttökunni á Suðvesturhorninu þ.e. Reykjavíkur eða stór-Hafnarfjarðarsvæðinu eins og þeir segja þar fyrir sunnan. Það hefði verið athyglisvert, hvert fer Reykvíkingurinn sem að hugsar sér til ferðar. Hvað liggur að baki hans ákvörðun um hvert hann fer.

Eitt annað sem að við þurfum að taka inn í þetta eru innkomuleiðirnar. Við búum nú við þau forréttindi á Austurlandi að hafa þar Norrænu og næsta ár eru ef ég man rétt 25 ár síðan hún byrjaði að sigla í kringum það. Á næsta ári fáum við nýtt og glæsilegt skip, tvöföldun flutningsgetu og ég er nú ekki með töluna á

hreinu - ætli það séu ekki milli 8-10 þúsund manns sem að komu nú í sumar og við getum þess vegna átt von á helmingi fleira fólki. Sumarið í sumar var metsumar hjá þessu ágæta fyrirtæki okkar sem að sýnir aukinn áhuga. Í annan stað erum við með millilandaflugvöllinn á Egilsstöðum. Við erum að fá nýja innkomuleið til Íslands í gegnum þennan flugvöll og LTU flugfélagið lenti þarna í sumar og þessar flugvélag voru fullar öll skiptin.

Það sem meira var að einn þriðji af farþegunum varð eftir á Egilsstöðum. Þrátt fyrir það þetta kynningar og markaðsstarf byrjaði fyrir tæpu ári síðan á þessum nýja lendingarstað. Út frá þessu, við höfum heimamenn rætt um t.d. að nú eru Egilsstaðir miðpunktur og markaðssvæðið nær suður á Skeiðarársand og norður í Mývatnssveit. Þegar við erum búin að fá Sprengisandsleiðina, góðan veg þar, þá þurfa farþegarnir ekkert að koma hérna á suður svæðið. Þetta er svolítið merkilega nálgun.

Það er ekkert heilagt að menn lendi í Keflavík, það þarf ekkert að vera. Það sama er að segja um Akureyrarflugvöll. Nú eitt vil ég nefna í viðbót, ég hefði viljað fá álit ferðasöluaðila erlendis á þessa skýrslu og inn í mat á markaðssvæðunum. Það eru kannski fáir sem að útdeila ferðamönnum eins mikið um landið eins og einmitt ferðasöluaðilar erlendis, ferðaheildsalar og ferðaskrifstofur. Skipuleggja ferðir frá einum stað til annars og eru með mjög flott skipulag á þessum ferðum. Það væri athyglisvert að fá þeirra álit.

Ég vil ítreka þetta með þetta félagslega bakland, við þurfum að styrkja það og efla og svo vil ég bara segja að lokum að það er með ferðaþjónustuna, ég hef nú sagt þetta áður og góð vísa er aldrei of oft kveðin, hún er ólík öðrum atvinnugreinum að hún er helst lík heilbrigðisþjónustunni að hún byggir á samvinnu og samstarfi og samheldni því að við þurfum á því að halda að vera ein brosandí fjölskylda út á við. Ef við náum því að vinna samkvæmt því þetta niðurlag skýrslunnar þá farnast okkur vel. Takk fyrir.

Umræður og fyrirspurnir

Skúli Alexandersson

Fundarstjóri og ráðstefnugestir. Það hélt ég ekki og þekki Hólmarana ekki að því að vera neitt hlédræga en ég hef aldrei verið á fundi þar sem að forsetarnir eru settir bakvið einhversstaðar. Mér leiðist að sjá þá ekki á þessu svæði, en þeir eru jafn röskir og góðir fyrir það.

Það er ánægjulegt að vera kominn á þessa ráðstefnu og það sem kveikti nú í mér að koma hingað upp var minning frá ferðalögum mínum í sumar um landið og þegar nefndir voru ferðamálavegir sem réttara væri nú kannski að kalla ferðamannavegi þá kom í huga minn minning frá því að fara í Öskju. Ég er búinn að ferðast oft um landið mitt og þó nokkuð oft fara yfir Jökulsá á fjöllum. Ég hef ekki átt jeppa og ég hef alltaf farið með söknuði áfram í þá áttina sem ég var á leið, það er leiðinlegt að komast ekki upp í Herðubreiðarlindir og komast ekki upp í Öskju. Svo endaði nú með því að ég keypti mér jeppa í fyrrahaust og

Það var náttúrulega fyrsta ferðin mín að fara þarna austur og komast upp í Herðubreiðarlindir.

Ég skil ekki þá þjóð sem að er að reyna að byggja upp ferðamannþjónustu og hefur ekki brú á Lindá og Graflandsá. Að útiloka almenning í landinu frá að fara inn á þessa ævintýraperlu sem að þarna er um allt, alveg frá fyrsta metra er við yfirgefum Mývatnsöræfin og alla leið uppeftir en þetta er lokað bara fyrir okkur sem að eigum jeppa. Mér finnst þetta svo ótrúlegir hlutir að ég vil alveg undirstrika það þegar þetta er nefnt að við áttum okkur á því að þetta er eitt af því sem að við þurfum að gera, ekki aðeins gagnvart ferðamönnum ekki hugsa eingöngu um ferðþjónustuna heldur bara fólkið í landinu að leyfa okkur að loka svona perlum það held ég að gangi ekki.

En fyrst ég er kominn upp þá langar mig til að nefna, ég segi nú með austfirðinginn sem að var hér upp áðan og talaði um það að það væri gott að fá Sprengisandsleið. Það er sjálfsagt gott að fá hana en það er mikið meira og nauðsynlegra að fá veg upp í Öskju og veg upp að Laka og fá veg fyrir Fjallabaksleið heldur en endilega að þenjast algerlega á milli landshluta. Það er sjálfsagt gott líka.

Það kom þarna ýmislegt skemmtilegt upp í umræðunum og ég vil undirstrika það að mér fannst þessi skýrsla mjög góð og það er ánægjulegt að hún skuli vera til. En ég held að það hafi verið Erna sem að nefndi það að það væri nú æskilegt að Ferðamálasamtökin gætu haft hönd í bagga með það hverjir byggðu hótél þarna eða þarna. Ja, þó að atvinnusamtökin hjá LÍÚ séu sterk þá held ég að þau hafi aldrei látið sér detta það í hug að fara að skipta sér af því hverjir keyptu togara, það hafa aðrir orðið að sjá um það. Þess vegna held ég að það sé mjög misráðið ef að Samtök Ferðþjónustu ættu að fara að skipa sér af því hvar fjárfesting væri í þessum eða hinum hlutum í gistihúsum.

Ég man nú ekki hver var að nefna það að það væri ekki hægt að flytja hótelin með sér ef að þau færu á hausinn, það væri hægt að gera það með hesta o.s.frv. Það er nú heldur ekki hægt að gera það með frystihús, það er nú erfitt að flytja þau og ekki heldur verslanir - það er erfitt að flytja þær og jafnvel erfitt að flytja pósthús, samt er nú alltaf verið að loka þessu. En menn hafa nú fundið leið til þess að bjarga þessu þar sem að menn hafa ekki gefist upp, ég veit ekki betur en að þeir í Borgarnesi þeir ákváðu það að flytja Kaupfélagið sitt og þá stóðu allt í einu eftir stórbyggingar á snarvitlausum stað í bænum. Þeir leystu þetta á þann einfalda og góða máta að þeir breyttu gamla kaupfélaginu bara í íbúðir. Það gæti vel verið að það væri hægt að gera þetta líka með hótelin sem að færu á hausinn heldur en að fara að setja þau á eitthvert útsöluverð eða að láta Bygðastofnun reka þau.

Ég veit nú ekki hvort að... ég held ég samt nefni það þó að það komi skýrslunni ekki við. Það er, við vorum að vinna stórpólitískan sigur á heimsmælikvarða með vitlausri atkvæðagreiðslu Svía. Það var verið að samþykkja það að við

kæmust aftur í Hvalveiðiráðið sem að við vorum svo ansi dugleg fyrir nokkrum árum að segja okkur úr. Um leið og þetta er komið í kring, ég segi að ég fagna því að við séum komin inn í Hvalveiðiráðið en það upphafst slíkur óskaplegur hávaði um það að nú skulum við fara að drepa hvali hvernig sem að við getum það. Þessi ótaktíska leið, bæði fyrir þá sem að vilja nú vinna og nýta hvalina og gagnvart okkur sem að erum í ferðapjónustu og viljum sína hvalina, hún er alveg ótrúleg. Ég skil þetta ekki. Ég held að ef við viljum fara að veiða og förum að veiða hvali þá eigi það ekki að vera með þeim bægslagangum sem að búið er að starta þessu núna.

Og svo það sem að hefur svolítið angrað mig undanfarið. Það er líkast til vika síðan sem að utanríkisráðherra okkar lýsti því yfir að Íslendingar eða hann og ríkisstjórnin myndi styðja ýtrustu aðgerðir gagnvart eða nálægt Írak. Látta menn sér detta það í hug að Íslendingar séu að veifa slíku hvað er það gagnvart ferðapjónustu á landinu. Eigum við að fara að auglýsa eftir því að þessir aðilar sem að eru að slást úti í heimi þeir fari að telja Íslendinga aðalmálsvarana í þeim slag. Þetta ætla ég að hafa endirinn.

Einar Bollason, Íshestar.

Ráðstefnustjórari, góðir félagar. Ég er nú ekki alveg viss um að við getum kannski beint haft þetta fyrirspurnir, ég ætla samt að fjalla um skýrsluna ég lofa því. Bæði er nú það að okkar ágæta fólk í panel flutti sitt mál ágætlega og þessi skýrsla er að sjálfsögðu mjög þarft mál en hinu má heldur ekki gleyma að við erum að sjá þetta í fyrsta sinn núna og við förum náttúrulega ekki að fjalla af neinni dýpt, við hljóttum að sýna meiri ábyrgð en það, fyrr en að við höfum náð að lesa þetta almennilega.



Ég ætla nú að byrja á því að flytja þinginu kveðju stjórnar SAF og minna minn ágæta vin Ásmund á að það eru nú 350 fyrirtæki í samtökunum og við erum helvíti drjúg með það. En ég vil þakka Magnúsi, Elíasi og ekki síst Valtý fyrir góða skýrslu að svo miklu leiti sem að maður er búinn að sjá og þetta er auðvitað þarft verk. En tek undir orð bæði Ernu, Ásborgar og flestra af panel ræðumönnum að það auðvitað veltur allt á framhaldinu hversu vel verður að verkinu staðið og ég vil brýna menn sérstaklega með það að þegar á að fjalla um ákveðin svæði að falla ekki í þá gryfju að kveða eingöngu til heimamenn því að við meigum ekki gleyma því að glögg er gests augað og einhver kom nú fram með þá hugmynd að líta til erlendra söluaðila sem að er auðvitað frábært og sjálfsagt mál.

Ég ætla nú ekki að fara að blanda mér hér í neinar deilur um þessa segla sem að eru þarna en auðvitað meigum við ekki gleyma því að það eru ekki bara staðir sem að draga fólk til landsins það er hægt að gera ýmislegt annað með hestana en að éta þá þó að þeir sé náttúrulega góðir á bragðið ég er ekkert

að... velsaltað hrossakjöt er náttúrulega herramannsmatur. En það má ekki gleyma hlutum eins og íslenska hestinum, hvalskoðunarferðum, jöklaferðum og svo mætti lengi telja þannig að við þurfum náttúrulega að vanda vel þessa vinnu.

En ég held að ég tali nú fyrir munn margra hérna þegar ég minni á eitt að ég efast ekki um það að það náist að skipa hér góða vinnuhópa til að vinna gott mál en ég minni á það sem að Erna Hauksdóttir sagði í sínu ávarpi að þessi vinna er náttúrulega til einskis ef að við byrjum ekki á byrjuninni og hver er byrjunin í þessu máli. Það eru auðvitað starfsskilyrði stéttarinnar og ég vil alveg sérstaklega fagna og þakka formanni Ferðamálaráðs, nafna mínum Einari K. Guðfinnssyni, það sem að hann kom að í sinni ágætu ræðu hér í morgunn að það væri náttúrulega eitt brýnasta málið að, ég segi ekki að hengja Seðlabankastjórana en að stíga verulega ofan á þá til að pressa þessa vexti niður því að það er ekkert leyndarmál að skuldir atvinnuveganna í dag eru lauslega áætlað 600 milljarðar og ætli skuldir heimilanna séu ekki svona svipaðir. Þannig að við sjáum það bara í hendi okkar að hvert einasta prósent sem að þessir vextir fara niður eru hvorki meira né minna en 6 milljarðar svo að ég held að þetta sé nú kannski brýnasta málið og ég held að við getum alls ekki gleymt þessu máli við umfjöllun um þessa annars ágætu skýrslu. Takk fyrir.

Gudrun M.H. Kloes, ferðamálafulltrúi Húnaþing-Vestra.

Ég ætla að þakka fyrir þessa skýrslu. Því miður hafði ég ekki tíma til að lesa hana alla en ég tek mjög undir þessa spurningu sem að hér var varpað fram að við skulum ekki gleyma sjónarhorni erlendra ferðamanna eða ferðaheildsala. Í þessu samhengi ætla ég að benda á eitt sem að er að draga að ótal marga ferðamenn sem að leggja svo land undir fót bæði taka þátt í hestaferðum eða gönguferða eða veiðiferðum og það er hálendi Íslands. Það er kyrrðin sem að er að draga að, óbyggð. Það er þetta ónumda svæði eins og þeim sýnist það vera og ég ætla bara að spyrja hvar í þessari skýrslu er þetta markaðssvæði hálendið. Hvar er þessi segull. Þetta er allt og sumt. Takk fyrir.



Ásborg Arnþórsdóttir, ferðamálafulltrúi Uppsveita Árnassýslu.

Ég er bara hérna með örstutta fyrirspurn til Magnúsar Oddssonar. Það er um hvort að það sé nokkuð búið að ákveða með þann farveg sem að skýrslan fer í þegar við erum búin að fjalla um hana hér í dag.



Benedikt Guðmundsson, Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar.

Fundarstjórar og ágætu fundarmenn. Ég er ekki eins þekktur eins og þeir ágætu menn sem að voru hér áðan þannig að ég verð að kynna mig. Benedikt heiti ég Guðmundsson og vinn hjá Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar. Ekki hefur mér gefist tími til að lesa skýrsluna í heild en ég hljóp yfir kaflann um Eyjafjörð og ekki dettur mér í huga að gagnrýna eitt einasta orð í henni, einfaldlega vegna þess að það eru sveitungar mínir og vinir sem að skrifa hana. En hitt er annað mál að á svipuðum tíma og sennilega aðeins eftir að þeir hófu gerð þessarar skýrslu þá var farið í stefnumótun á Eyjafjarðarsvæðinu í ferðamálum. Sú skýrsla kemur út eftir svona mánuð og við áskilum okkur náttúrulega allan rétt til að koma með ábendingar til skýrsluhöfunda um það hvað mætti betur fara en ég held að þetta hafi verið alveg tímabær skýrsla og fagna henni. Takk fyrir.

Jóhann Ásmundsson, stjórn Ferðamálasamtaka Vestfjarða.

Jafnframt er ég formaður Ferðamálafélags Barðastrandasýslu. Ég vil nú bara fagna þessari skýrslu mjög og kannski loksins eru Vestfirði komnir inn á kort og kannski það sem að mér finnst athyglisverðast í þessari umræðu hérna bæði af pallborðinu og líka héðan af þessu ágæta gólfi að það er helsta gagnrýni mann sem er á Vestfirði hvernig Vestfirðir eru að reyna að koma sér á kortið. Það er verið að gagnrýna ýmsar sértækar lausnir sem að við stöndum frammi fyrir vegna þess að við erum utan alfaraleiðar, við erum ekki á þessum almenna hringvegi og ástæða þess að það var sett fram tillaga um að fá styrk, opinberan styrk til hótélbyggingar á suðursvæði Vestfjarða er sá að þarna er ákveðinn flöskuháls.



Fyrir stóra hópa til að komast inn á Vestfirði þá bara vantar gistingu á þetta svæði, fólk kemst ekki með góðum móti t.d. norður á Ísafirði nema að það geti gist þarna. Vestfirðir eru mjög stórt svæði, það er mjög erfitt að ferðast um það. Ég dag eru þessir hópar jafnvel að fara frá Reykjavík að skoða Látrabjarg og svo norður á Ísafjörð allt á einum degi og þetta er ekki bjóðandi nokkrum manni.

Þannig kemst staðurinn aldrei og svæðið almennilega inn á kortið. En auðvitað er það mjög erfitt að vera með sértækar lausnir í svona almennri skýrslu en ég vil bara benda á það að þarf einhvernvegin að koma til aðstoðar við þetta svæði og það þarf að opna það en almennt þá fagna ég mjög þessari skýrslu og vil kannski benda á eitt atriði varðandi svæðisskiptinguna að mér fyndist mjög

eðlilegt að Breiðafjarðarsvæðið það myndi skarast meira við suðursvæði Vestfjarða og síðan Breiðafjarðarsvæðið af því að það hefur löngum verið svona ein menningarheild. Nú þegar eru þessi svæði að vinna saman með ákveðna þjónustu. Takk fyrir.

Magnús Oddsson, ferðamálastjóri.

Það er nú þannig að ég sagði hér í morgunn og stend við það að ég ætla fyrst of fremst auðvitað svara ég fyrirspurnum en ég ætla fyrst og fremst auðvitað hér að hlusta, fá viðbrögð, heyra það sem að sagt verður um skýrsluna og ég held að ég byrji á því áður en ég svara þessum tveim fyrirspurnum að fagna því hvað kom breið sýn frá þeim sem að eru hér í pallborðinu á þessa skýrslu frá mismunandi sjónarhornum eins og var nú kannski tilgangurinn með því að velja þessa aðila. Ábendingarnar sem að búið er að skrifa hér niður skipta auðvitað tugum enda til þess ætlast og ég get þess vegna byrjað einmitt á því sem að Ásborg sagði í hvaða farveg fer þetta næst.

Þetta fer auðvitað í þann farveg að við erum hér að leggja þetta fram, sem að er kannski ólíkt því sem að oft hefur verið gert, ófullgert plagg þ.e. tillögur. Mjög oft höfum við staðið frammi fyrir því að fá fullgerða vinnu í hendur, fullgerða þannig að það er ekki okkar að taka afstöðu til hennar og ég mun fara yfir með skýrsluhöfunum allt það sem að hér hefur komið fram. Við munum að sjálfsögðu bæta plaggið, ræða við fleiri eins og hér hefur verið bent á en við verðum að hafa mjög hraðar hendur, þetta getur ekki farið í einhverjar nefndir fram eftir vetri því að við þurfum að skila okkar tillögum til samgönguráðherra sem allra, allra fyrst svo að það geti nýst í þessari vinnu sem að hann ræddi hér um í morgunn og fleiri.

Það er nú kannski þessi farvegur sem að um er að ræða. Síðan spurði Gudrun mjög réttilega, hvar er þetta markaðssvæði - segullinn hálendið. Það er nú einu sinni þannig að þegar farið var af stað með þessa vinnu og efnt til þessa 31 fundar víðsvegar um málið þá er í sannleika sagt enginn rekstraraðili á hálendinu. Það er mjög erfitt að halda fund með þeim aðilum sem að eru á hálendinu sem slíkir. Þeir hafa ekki og þá á ég við að þeir hafa ekki þar búsetu eða annað en þú ert með rekstraraðila sem að var rætt að sjálfsögðu við, það eru þeir sem að eru á landsvísu. Ferðafélag Íslands er á viðmælendalista og fleiri.

Kannski kemur það bara skýrt fram að hálendið sem slíkt á engan sérstakan málsvara í þessum viðræðum, kannski kemur það skýrast fram. Þegar heimamenn eru beðnir um að nefna segla, aðdráttarafl og fleira, að hálendið og kannski er mjög gott að það komi hér fram í þessari umræðu að hálendið kom ekki fyrr en kannski núna sterkt inn í þessa umræðu.

Annað atriði varðandi hálendið er það að hálendið getur mjög erfiðlega talist þjónustusvæði í mínum huga. Það getur talist markaðssvæði, þjónustusvæði

getur það erfiðlega talist og ég minni á það sem að hefur nú einu sinni verið samþykkt hér á ferðamálaráðstefnu, ég man nú ekki árin ég er orðinn svo gamall, hér fyrir nokkuð mörgum árum að uppbygging í ferðaþjónustu ætti ekki að vera á hálendinu heldur ætti hún að vera á svæðunum sem að liggja að hálendinu og því yrði þjónað frá þeim svæðum. Einmitt erum við hér að kynna og eins og þið sjáið á myndunum hringi sem að eru þessi þjónustusvæði sem að öll liggja nema Vestfirðir að miðhálendinu og það er nú kannski hugsunin í þessu að þjónustusvæðin þjóna inn á hálendið en aftur á móti þessi punktur með segulinn og markaðssvæðið það er aftur önnur lína sem að ég hef skrifað mjög gaumgæfilega niður. Takk.

Jóhann Ásmundsson, stjórn Ferðamálasamtaka Vestfjarða.

Já, vegna þeirrar fyrirspurnar eða umræðu í sambandi við hótélbygginguna á Barðaströndinni þá vil ég bara aðeins fyrir mína parta koma því til skila að ég var að benda á að það er búið að taka svo margar sértækar ákvarðanir og aðgerðir og það eru kannski suðurfirðirnir og Barðaströndin eru kannski eina svæðið sem að hefur orðið einhverra hluta vegna útundan, þar er ekkert hótél eða slíkt sem að á við samskonar vandamál eins og mörg gistihús eiga við að etja á stöðunum sem að eru hvað kannski hvað lengst frá Reykjavík og ég vildi meina að það ætti að reyna að taka á vanda þeirra líka. Ég ar ekkert að mótmæla því að það vantaði ekki hótélbyggingu á Barðaströndina eða í Tálknafjörð eða það svæði.

En fyrst að ég er byrjaður að tala aftur þá er svo gaman að tala að mig langar að velta fyrir mér aðeins því að þessi skýrsla fjallar voða lítið um hverskonar ferðamenn við erum að vinna með eða fyrir. Það var einhver sem að talaði um þetta og skipti þessu aðeins í innlenda og síðan erlenda ferðamenn. Ég get líka séð fyrir mér að ferðaþjónustan hún er líka að þjónusta eins og þá sem að dveljast í orlofshúsum og sumarbústöðum, keyra um í húsbílum sem að mikil aukning er í að kaupa og slíkt og síðan tjaldvagnana. Þetta er allt svo á endalausri hreyfingu þannig að við þurfum ekkert endilega að horfa á það að það séu alltaf standandi hótélherbergi sem að bíða eftir fólki. Þetta fyndist mér að ætti líka að hafa í huga þegar þið farið að vinna áfram með þessa skýrslu, hvernig ferðamenn eru þetta sem að við erum að taka á móti.

Ásmundur Gíslason, Ferðamálasamtök Austurlands.

Einar Bollason vék því að hérna áðan að innan SAF væru eitthvað á 400 félagar og hafi það misskilist í minni ræðu áðan að ég væri eitthvað að gera lítið úr fáum félagsmönnum þá er það miskilningur. SAF hefur unnið mjög gott starf á stuttum tíma, náð fram gríðarlega mikilvægum hagsmunamálum fyrir okkur í atvinnugreininni og mitt fyrirtæki er félagi innan SAF en bara svona til að fá samiburðinn ef það eru eitthvað á 400 fyrirtæki innan SAF að í austurlandsfjórðungi eru held ég að ég megi segja yfir 200 ferðaþjónustufyrirtæki. En allt fer þetta mjög vel saman og ég hefði kannski átt

að víkja nánar að því áðan að þessir aðilar þurfa að vinna miklu meira saman, þessi prífhöfða þurs.

Erna Hauksdóttir, SAF.

Rétt bara svona nokkur orð. Vegna hótélbyggingarinnar sem að búið er að vera að ræða um þarna á suðurfjörðum Vestfjarða. Ég held að ég hafi nú einna mest hrokkið við þegar ég las þessa klausu í skýrslunni. Hér er lagt til að gerð verði undantekning á reglunni um afskipti hins opinbera varðandi uppbyggingu gistirýmis. Ég veit ekki til þess að þetta sé nein undantekning, hið opinbera hefur auðvitað verið að skipta sér af uppbyggingu gistirýmis með ýmsum sértækum aðgerðum og líka hinum pólitísku lánnum sem að ég vék aðeins að þegar ég fór upp í púlt áðan. Varðandi það sem að Skúli lét að liggja að samtök hótélmannanna ættum ekki að vera skipta sér af svona löguðu. Samtök hótélmannanna skipta sér ekki af eðlilegum fjárfestingum en þegar að menn eru farnir að væla út pólitísk lán með aðstoð þingmanna sinna sem að stundum hefur gerst í gegnum tíðina við að byggja hótél sem að fyrirfram er séð að geta ekki með nokkrum móti verið í eðlilegum rekstri þá er þetta orðið samkeppnismál og samtök bæði ferðaþjónustunnar núna og samtök hótélmannanna áður skipta sér af samkeppnismálum.


En þetta með hótelið á suðurfjörðum. Ég hefði viljað sjá hið opinbera setja peninga í þann segul sem að er þá á suðurfjörðunum, það kemur fram í þessari skýrslu að suðurfirðirnir hafa Látrabjarg. Það hefur ekkert verið gert á Látrabjargi, það er ekki einu sinni almennilega fær vegur að bjarginu. Ég hef heyrt hugmyndir frá Vestfjörðum sem að reyndar eru ekkert í þessari skýrslu um að búa til göng gegnum Látrabjarg þannig að fólk geti komist út á syllu utan á bjarginu og svona ýmislegt. Rétt hjá er vestasti oddi Evrópu sem að hægt væri að tengja þessu. Ég hef komið norður til Nordkapp, það var mjög skemmtilegt. Þar fær fólk vottorð um það að það hafi komið á nyrsta tanga Evrópu og þar er hýsi sem að er með fræðslu og ýmsu slíku. Það er hægt að gera mjög margt þarna á þessu svæði til þess að laða að ferðamenn og þá er kannski kominn grundvöllur undir einhverri gistingu í staðinn fyrir að hið opinbera fari að standa að byggingu gistirýmis, ég sé það ekki alveg ganga upp. En eigi að síður þá er þetta ekki undantekning frá reglunni um afskipti hins opinbera af hótélbyggingum.

En af því að það var aðeins komið inn á félagsmenn í SAF. Okkur er öllum ljóst að ef við tökum fjölda fyrirtækja í ferðaþjónustu að þá eru kannski ekki mörg fyrirtæki í SAF en ætli veltan innan SAF sé ekki svona 80-90% og það er alveg augljóst að það er gríðarlega mikill fjöldi einstaklingsfyrirtækja í ferðaþjónustu, þessi atvinnugrein er þess eðlis. Og það er í sjálfu sér vel skiljanlegt að einstaklingur sem að er með einhvern lítinn rekstur heima hjá sér að hann horfi í það að vera í atvinnurekendasamtökum t.d. kostnaðarlega séð. En samt sem áður þá held ég að mun fleiri ættu að taka þátt í því starfi heldur en að gera og kannski vegna þess að SAF hefur einmitt lagt sig eftir því að vera með gjöld

fyrir litlu fyrirtækin til þess að gera þeim kleift að vera inni. En það er eins og ég segi einu sinni eðli þessarar atvinnugreinar að það er gríðarlega mikið af einstaklingum sem að eru að vinna í þessum rekstri.

Birna Mjöll Atladóttir, nemi við Hólaskóla.

Ég er einnig ferðaþjónustubóndi við Látrabjarg, Breiðavíkur Látrabjarg og mig langar bara að benda á það að það er alltaf verið að tala um hótélbyggingu á þessu svæði sem að er náttúrulega algert "must" eins og þeir segja að koma með hótél á þetta svæði. En á meðan það er langar mig að koma með þá tillögu að styðja við bakið á þeim sem að eru að berjast þarna við þetta. Það er engan stuðning að fá og við erum reyndar að taka á móti um 60 manns þegar mest er yfir nóttina en það er langt í frá nóg og það húsnæði sem að við erum í er langt því frá að vera nægilegt og boðlegt. Þannig að mig langar að koma með þá ábendingu að reyna aðeins að styrkja við þá sem að eru þarna á staðnum, það er hótél reynar ekki stórt en það er. Og annað vegurinn verður fær um helgina, það er verið að laga hann.



Dorothee Lubecki, ferðamálafulltrúi Vestfjarða.

Nú er búið að vera að ræða svolítið bæði um þessa sértillögu um hótélbyggingu á sunnanverðum Vestfjörðum o.s.frv. Ég verð að segja nokkur orð um þetta. Þetta er ekki okkar uppfinning fyrir vestan að það vanti hótél. Þetta er álit margra manna sem að eru að deila ferðamönnum út á land. Við erum búin að ræða bæði við ferðaskrifstofur innanlands og erlendis og þetta er flöskuháls.

Þessi flöskuháls kemur í veg fyrir það að ferðamönnum verði dreift betur um landið og það er jú markmiðið. Ég er ekki sammála Guðmundi að það sé til alveg nægilega mikið gistirými. Það er mjög mikið gistirými til, líka á Vestfjörðum, en gæðin eru ekki alveg alltaf samkvæmt því sem að kröfurnar eru. Ég tek alveg undir það að það verður að koma hótél á sunnanverðum Vestfjörðum og líka á Ströndum til frambúðar.

Síðan er mjög margt mjög gott í þessari skýrslu en ég legg til að við förum í saumana og að við ferðamálafulltrúar og heimamenn fáum að vera með í lokaútfærslunni líka varðandi alla þessa hringi. Ég er búin að hugsa mikið um þetta t.d. vildi ég miklu frekar sjá meiri tengingu milli Vestfjarða og Vesturlands og Snæfellsnes eins og Jóhann hefur bent á þá er nú þegar samstarf í gangi bæði menningarleg tengsl það eru verkefni sem að eru farin í gang sem að eru kannski ekki nægilega vel þekkt og það er mikil vinna framundan. Takk fyrir.



**Davíð Samúelsson, forstöðumaður
Upplýsingamiðstöðvar Suðurlands í Hveragerði.**

Mig langar til að koma inn á tvö atriði. Það er varðandi hálendið. Sem fyrrum starfsmaður á hálendinu þá langar mig til að benda á það að það eru rekstraraðilar á hálendinu og ég tel þá svona ábyrga fyrir þjónustunni og því þjónustustigi sem að er í boði. Nú eins má þá taka mið af gestatölum og það má benda á það að hálendið er vissulega segull og ég ætla að benda m.a. á skýrslu eða rannsókn sem að var gerð um þolmörk ferðamanna í Landmannalaugum sem unnin var af Arnari Má og Önnu Dóru Sæþórsdóttur þannig að eins og ég segi það eru ábyrgir aðilar og við verðum að taka þetta með í reikninginn. Takk.

**Haukur Suska-Garðarsson, ferðamálafulltrúi í
Austur Húnavatnssýslu.**

Ég vil nú byrja á að þakka fyrir skýrsluna náttúrulega þetta er ágætt að það skuli hafa verið ráðist í þessa vinnu en ég hefði viljað sjá meiri sérfróða menn í markaðsmálum koma að þessu og sérstaklega erlenda. Í kaflanum um Austur-Húnavatnssýslu kemur fram að þeir sem að eru að selja ferðir og markaðssetja ferðir úti um land telja að það sé ekki mikið að sækja í Húnavatnssýslurnar af áhugaverðum hlutum og ég vil nú leiðrétta þann misskilning hér og nú og býð hverjum þeim sem að ekki mér trúir að koma í heimsókn og ég skal sanna það í hvelli.



Eins varðandi seglana þetta er ágætis hugtak og gott að það er komið þarna skemmtilegt orð sem að við getum notað og þá vil ég eins og Einar Bollason sjá að það verði lögð mikil áhersla á segla eins og hestana náttúrulega og veiði og víðáttumikið landslag og þetta er eitthvað sem að öll þjóðin á náttúrulega í heild og ekkert kannski ákveðinn landshluti getur eignað sér ekki endilega þessa segla sem sína sérstöðu heldur eigum við þetta náttúrulega öll saman og það er bara dugnaður hvers og eins sem að ræður því hvað hann hefur mikið út úr þessum viðkomandi segli. Takk fyrir.

Jóhanna H. Oddsdóttir



Ég heiti Jóhanna og stunda símenntun, ég er sem sagt starfsmaður í ferðaþjónustu og búin að vera það í 18 ár og er núna nemandi í Háskóla Íslands og kom hingað sem slík og tók mér frí úr vinnu og skólanum til að koma. Og ég vil endilega þakka fyrir skýrsluna. Við lesum ofsalega

margar skýrslur í skólanum en þegar auglýsingin kom um þessa ráðstefnu þá óskuðum við eftir því hvort að við gætum fengið hana á netinu til að lesa hana en þá kom boð frá Ferðamálaráði um að frumsýningin væri hér. Af hverju í ósköpunum notuðu þið ykkur ekki tækifærið til að setja hana á netið ef hún var tilbúin þannig að fólk væri hér miklu tilbúnara til að ræða hana því að hér er fullt af fólki með fullt af hugmyndum.

Nú, en þetta er allt gott samt og ég vil ekki vera neikvæð þetta er ábyggilega fín lesning og maður fer bara heim og les og kemur svo seinna og tjáir sig eða tjáir sig á netinu. Takk fyrir allar þessar framsögur og allt þetta sem að hefur verið sagt en það var einn sérstakur fundarmaður sem að ég hjó eftir að stakk mig einmitt í hjartað. Það var Ásmundur Gíslason.

Hann sagði að það sem að við verðum að hafa í huga það er félagslegur bakgrunnur. Kannski er þetta eitthvað sem að er klisja fyrir suma en ég held að þetta sé málið. Að í dag, ég er búin að vera flugfreyja árum saman og ég þekki ferðamanninn. Hann er hlutgerður hjá mörgum en þetta er fólk sem að er að koma. En við erum oft fyrsta framlínufólkið sem að hittir hann og hann spyr okkur stundum segjum við þeim hvert þeir eiga að fara og hvernig þeir eigi að velja ferðir og við erum oft líka síðasta fólkið sem að hittir þá aftur og þeir segja okkur hvernig var. Og það er mjög oft og bara yfirleitt þannig að þeim líkaði best þar sem að fólkið var best.

Því að Ísland er fallett allsstaðar en það er mannauðurinn sem að skiptir ekki hvað mestu máli og nú hef ég verið að tæta um landið síðustu 5 árin, fyrst þegar ég var í MK Ferðamálastólum og svo í Háskólanum og að heimsækja ferðaþjónustubændur og það er á flesta staði gott að koma en það er mjög slæmt fyrir ferðaþjónustuna að ég lenti í því að ég hýsti forríka Englendinga í sumar í tvígang heima hjá mér og í annað skiptið var hópurinn búinn að plana ferð um Vestfirði og ætlaði að gista á Patreksfirði. Svo fóru þau í bæinn og hittu eitthvað fólk og áttu spjalla og þegar þau komu heim þá sögðu þau mér að þau ætluðu að afbóka gistingu á Patreksfirði því að þar væri eitthvað gengi sem að ógnaði fólki og það færi nú ekki þangað og af hverju ég hefði ekki sagt þeim það að þetta væri bara eitthvað bæli.

Þarna er slæmt orð sem að Patró fékk fyrir löngu, eitthvað lítið mál sem að fór í fjölmiðla og ég held að þetta sé mjög hættulegt og mjög slæmt. Fólk vill fara þar sem að er gott mannlíf. Ég veit að þau reyndu að fara til Guðrúnar og Gulla en það var fullt og þau sóttust eftir einhverju vottuðu, einhverju góðu þar sem að væri gott fólk og hlýja og menn hefðu ræktað garðinn sinn og ég hef ferðast til héraðs Ásmundar og þar er margt gott fólk eins og víða og það er þetta sem ég held að við þurfum að hugsa um ekki síst núna þegar að heimurinn er eins og hann er. Það langar örugglega ekki marga að fara í verslunarferð til Washington í augnablikinu eða eitthvað slíkt.

Þetta hefur svo mikið að segja og ég hef líka farið mikið til Halifax. Þar er alveg einstaklega gestrisið og gott fólk, þar eru börn gestrisin. Það eru allir gestrisnir sem að maður hittir á götu, allir sem að búa þar af því að það er í skólakerfinu. Það er verið að ala upp ferðapjónustuna og þjónustulundina í þeim sem að eiga eftir að vinna í henni. Þar gera menn sér grein fyrir mikilvægi þess hvað það er að fara að fást við og hvað þeir eiga undir ferðamenskunni þó að þeir séu fiskipjóð og annað.

Þetta kom í hugann á mér og mér fannst ómögulegt annað en að einn svona senior stúdent úr Háskóla Íslands stæði upp og segði nokkur orð. Það er eitt sem að hefur alltaf stungið mig frá því að ég byrjaði í þessu námi þegar ég hlusta á ræður að menn eru alltaf að tala um að við þurfum að draga ferðamenn að og hvernig við eigum að draga þá til okkar. Ég vil ekki að það sé talað svona og þess vegna segi ég bara að þar sem að er gott mannlíf þá laðast menn að, við löðum þá að, við þurfum ekki að draga þá. Takk.

Rögvaldur Guðmundsson, Rannsóknir og Ráðgjöf Ferðapjónustunnar.

Ráðherra, fundarstjóri, góðir fundarmenn. Ég þakka fyrir ágæta skýrslu og hérna góðan grunn að frekara starfi. Mig langaði örlítið að koma hérna inn á að það var verið að tala um Látrabjarg og láta ykkur vita af því að þar er búin að vera í gangi í sumar rannsókn eða könnun á þessu gati sem að menn eru að spekulera í þar. Niðurstaðna er að vænta fljótlega úr þeirri athugun og jafnframt er þar spurt töluvert mikið um hegðun ferðamanna á þessu svæði sem að kemur þá til viðbótar við ágæta könnun Atvinnuþróunarfélags Vestfjarðar sem að gerði könnun á þessu svæði í fyrra. Ég trúi því að þessar niðurstöður muni geta hjálpað svæðinu við að eflast og dafna og skipuleggja sig.

Nú varðandi skýrsluna að öðru leyti þá er ég sammála Einari Bollasyni að þarna hefði mátt bæta hestunum við sem segli og eins hefði mátt koma með hálendið þarna sterkar inn eins og fleiri hafa nefnt. Nú svo eru það þessir hringir, það má alltaf deila um þetta og toga og teygja en Breiðafjarðarsvæðið er í mínum huga eitt svæði líka og hringirnir mættu hugsanlega skarast meira. Hið sama má hugsanlega segja um Húnaflóann og það svæði, Strandirnar annarsvegar og síðan Húnavatnssýslurnar. En þetta má nú allt rökræða fram og til baka og ekkert er heilagt eins og nefnt hefur verið.

Varðandi hálendið þá eru til talsvert miklar upplýsingar og rannsóknir sem að gerðar hafa verið t.d. árið 2000 á nokkrum hálendissvæðum sem að eru núna fyrirliggjandi og ætti að vera hægt að nýta sér og það er töluvert mikil vinna nú í gangi á vegum rammaáætlunar sem að mun lokið við fljótlega þar sem að framtíðargildi nokkurra hálendissvæða verður metið með tilliti til ferðapjónustu og ætti það þá að geta nýst inn í þessa umræðu um að koma hálendinu þarna inn einnig. Takk fyrir.

Hildur Jónsdóttir, Ferðamálasamtök Íslands.

Einnig veiti ég forstöðu Ferðamálastofnunarinnar í Kópavogi og það er afskaplega ánægjulegt að heyra og sjá að hér er mikið af nýju fólki sem að eru nemendur sem að eru að koma inn í þessa atvinnugrein og eru hér til að hlusta og læra.

Fyrir nokkrum árum síðan þá var meirihluti ráðstefnugesta á ferðamálaráðstefnu landverðir og leiðsögumenn, ég veit að margir hér inni muna eftir því og voru hér með ályktanir og breytingatillögur í 4-5 tíma á öðrum degi ráðstefnunnar.



Í þessari skýrslu er ekkert um þjálfun og menntun og ég hugsa að það sé ástæða fyrir því, það hlýtur að koma önnur góð skýrsla um þá þætti vegna þess að undirstaðan undir það að við getum gert það sem að standur hér í þessari góðu bók er þjálfun, vandvirkni, samstarf og menntun umfram allt á öllum þessum sviðum og horfandi á þessa góðu hópa sem að eru að koma hér inn núna frá þessum skólum þá dettur mér í hug hvort að sé hægt að nýta þessa starfskrafta. Nemendur eru hér að gera ritgerðir og verkefni á öllum stigum skólakerfisins eða skólastigsins og nýta þá í að hugsanlega vinna einhverja hluta úr þessari framtíðar vinnu sem að hér liggur fyrir.

Það myndi einnig auka tengslin þessara aðila inn í atvinnugreinina og opna jafnvel einhverjar dyr. Takk fyrir.

Magnús Oddsson, Ferðamálastjóri.

Fyrirgefiði að ég tek orðið en mér fannst svona alveg nauðsynlegt vegna þess að ég vil taka undir með Hildi að það er geysilega ánægjuleg breyting á ferðamálaráðstefnunum að fá það fólk sem að er komið í menntastofnanirnar og er að sinna þessari grein. Ekki síður er mikilvægt að fá þetta fólk svo til starfa í greininni eins og ég hef margbent á að í þeirri stofnun sem að ég vinn höfum við á 8 árum farið úr 0 upp í 7 háskólamenntaða ferðamálafræðinga sem að auðvitað gjörbreytir stofnuninni. En ég vil út af því sem að Jóhanna sagði, þá held ég að það hljóti að hafa verið auðvelt og ég velti því fyrir mér hvort að það á að kalla það frí úr skólanum að taka þátt í þessari umræðu sem að hér er, ég held að það hljóti nú frekar að teljast innlegg í námið eða vona það að vera með og fá að taka þátt í þessari umræðu.

Til að svara spurningunni og kannski er henni aldrei rétt svarað, varðandi það hvers vegna þessi skýrsla var ekki aðgengileg löngu fyrr. Það eru 3 skýringar á því, fyrsta skýringin er sú sem er mjög íslenskt fyrirbæri að það var verið að vinna hana raunverulega fram undir síðustu stundu þannig að pallborðsaðilar hér voru nú að fá síðustu leiðréttingarnar líklega í gær þannig að skýrslan var í

vinnslu og er náttúrulega enn í vinnslu. Í öðru lagi var það skoðun okkar að með því að setja hana út í þjóðfélagið einn, tveir og þrír þá gæti verið komin umræða í fjölmiðlun og annarsstaðar á röngum forsendum þ.e. að menn litu á eins og ég varð var við að hér væri verið að kynna orðinn hlut, tilbúið plagg sem að ætti að fara að setja í framkvæmd og fleira. Þannig að okkur fannst eðlilegra að kynna hana hér, forsendur hennar og hvers vegna hún væri lögð hér fram. Fyrst í þessum hópi sérfræðinganna og áhugafólksins áður en hún fer síðan og er nú komin inn á netið með þessum útskýringum. Það var þetta sem ég vildi koma á framfæri. Takk fyrir.

Pétur Rafnsson

Ráðherra ferðamála, formaður
Ferðamálaráðs, ferðamálastjóri,
ráðstefnustjóri. Góðir ráðstefnugestir!



Upplýsingamiðstöðvar á Íslandi voru lengi vel hornreka og sem afgangsstærð í ferðapjónustu. Það var þannig í hugum margra og skiptir þá ekki máli hvort talað er um ferðapjónustuna sjálfa eða alla þá mikilvægu aðila sem eru beinir og óbeinir þátttakendur í ferðapjónustu en gera sér, oft á tíðum ekki grein fyrir því, hvar þeir standa innan hennar. Hér á ég við hið opinbera, ríki og sveitarfélög. Þeirra viðkvæði var ætíð. Af hverju getur greinin ekki séð um þetta sjálf? Mér virtist oft eins greinin væri einungis fyrirtækin sem bjóða hina hefðbundnu vöru í ferðapjónustu svo sem gistingu, flutninga og afþreyingu. Af orðunum mátti oft ráða þann misskilning, að hvorki ríki né sveitarfélög bæru neitt úr bitum, þegar ferðapjónusta blómstrar í landinu. Þeir hefðu litlar skyldur gagnvart fyrirtækjunum og því síður sameiginlega gagnvart landshlutunum.

Það tók sjávarútveginn á Íslandi eina öld að slíta sínum barnsskóm og þróast til fullvaxtar án þátttöku ríkis og sveitarfélaga. Það eru aðeins 20-30 ár frá síðustu bæjarútgerð. Ferðapjónustan hefur ekki beðið um ölmusur, hún hefur beðið ríkið um að taka þátt með greininni í markaðssetningu landsins sem nær væri að kallað viðskiptatækifæri. En þátttaka opinberra aðila á líka að koma til í öðrum þróunarþáttum ferðapjónustu. Ferðapjónustan er ung atvinnugrein og þarf að fá tækifæri til að þróast og dafna og þar þurfa opinberir aðilar að koma að, en þeir verða að gera sér grein fyrir sinni stöðu. Sveitarstjórnarmaður einn sagði við mig fyrir nokkrum árum. "Pétur, þú talar endalaust um ferðapjónustu. Við erum ekkert í ferðapjónustu í þessum bæ." En sömu helgi komu þúsundir gesta, bæði innlendir sem erlendir, á sýningu í hans bæjarfélagi.

Til þess að starfrækja upplýsingamiðstöð þarf að gæta margra hluta, ekki síst hlutleysis. Það er vandasamt hlutverk, sem starfsfólk miðstöðvanna hefur. Starfsfólkið vinnur fyrir alla í greininni á viðkomandi svæði og í mörgum tilfellum

fyrir landið í heild. Það er að veita upplýsingar um möguleika ferðamannsins en ekki að selja vöru eins fyrirtækis frekar en annars. Ferðamálasamtök landshlutanna og Ferðamálasamtök Íslands hafa ætíð borið mikla umhyggju fyrir þessum þætti ferðaþjónustu enda mjög skiljanlegt að svo sé.

Upplýsingagjöf í landshlutunum var eina haldreipið heima fyrir, til þess að vekja áhuga ferðamannsins til að staldra lengur við á viðkomandi svæði og njóta þess sem upp á er boðið. Á flestum svæðum hafa samtökin verið upphafsmenn umræðunnar um upplýsingamiðstöðvar og hvatt sveitarfélög og fyrirtæki til að setja á stofn nauðsynlega upplýsingamiðlun fyrir sín svæði. Samtökin eru enn í dag aðilar að upplýsingamiðstöðvunum og taka víða þátt í fjármögnun þeirra.

Á seinni árum hafa menn gert sér betur grein fyrir, hversu mikilvægar miðstöðvarnar eru og vægið hefur enn aukist með þeirri þróun ferðaþjónustu, að fleiri og fleiri ferðamenn ferðast á eigin vegum. Það er orðið daglegt brauð, að setningar eins og þessi heyrist á upplýsingamiðstöðvum: "Ég kom í gær og er þegar búinn að fá mér bílaleigubíl, ég ætla að vera hér í 7 daga. Hvert á ég að fara, hvernig kemst ég þangað og hvað á ég að gera þar?" Þarna kemur til kasta starfsmanna upplýsingamiðstöðva, menntunar þeirra, tungumálakunnáttu og ekki síst þekkingar á ferðaþjónustu og landinu sjálfu.

Það var á fjárlögum fyrir árið 2000 sem Alþingi veitti fjármuni til upplýsingagjafar og Ferðamálaráð Íslands setti af stað þróunarverkefni í því sambandi. Þróunarverkefni þetta á að taka 4 ár og hefur verið unnið að því samkvæmt verkefnaáætlun, sem felur í sér þá þætti sem nauðsynlegir eru til að koma á heilsteyptu kerfi upplýsingamiðlunar á landinu í heild.

Mikilvægir þættir í ferlinu eru m.a.: Stöðumat upplýsingastöðva, Flokkun stöðvanna, þróun samstarfs og fjármögnunar, gæðakröfur og síðast en ekki síst starfs- og rekstrarskyldur sem eru hluti af gæðum einnig. Flokkunin hefur þegar verið samþykkt af Ferðamálaráði Íslands en þar er þeim skipt í landshluta- og landamærastöðvar, svæðamiðstöðvar og upplýsingaathvörf.

Höfuðáhersla hefur verið lögð á þróun landshlutamiðstöðva enda eru þær höfuðstöðvar hvers svæðis en þær og upplýsingamiðstöðin í Leifsstöð eru þær einu sem ríkið tekur þátt í að reka frá ári til árs með heimamönnum.

Til þess að ná sem best utan um verkefnið er þróað á Suðurlandi líkan, sem við teljum henta á öllu landinu. Það er álitíð hentugt ekki síst vegna þess að þar næst vel samvinna um miðstöðvarnar milli sveitarfélaga, ríkis og greinarinnar. Fjármögnun þessa líkans felst í því að samtök sveitarfélaga á Suðurlandi eða fyrirtæki í eigu þeirra koma að fjármögnun, ríkið kemur að henni og ekki síst sveitarfélagið, þar sem upplýsingamiðstöðin er staðsett í. Fjármagn frá fyrirtækjunum kemur síðan í gegn um ýmis verkefni, sem eru á borði miðstöðvarinnar fyrir þau og svæðið í heild.

Handbók, gæðamat og gæðakröfur eru í vinnslu og munu verða gefin út síðar í vetur en í þeim felst m.a. ný handbók fyrir forstöðumenn og stafsfolk stöðvanna, kröfur til landshlutamiðstöðva um opnunartíma allt árið, starfs- og rekstrarskyldur, menntun og aldur starfsmanna auk margra annarra þátta sem lúta að gæðum, nútíma upplýsingatækni og þjónustu.

Öðrum almennum kröfum verður komið á allar upplýsingamiðstöðvar, sem vilja fá úttekt og vottun sem slíkar til þess að geta merkt sig sem upplýsingamiðstöðvar. Í dag getur hver sem er sett á stofn upplýsingamiðstöð eftir sínu eigin höfði, án nokkurs eftirlits né krafna af hálfu hins opinbera.

Flókin og erfiður þáttur þessa verkefnis eru m.a. samskipti við sveitarstjórnir, áhuga þeirra á verkefninu og skilning um eðli og ástæður þátttöku þeirra í fjármögnun upplýsingamiðstöðva. Þetta er þó mjög misjafnt á milli svæða og frá einum tíma til annars. Ekki síst vegna þess, að sveitarstjórnarmenn koma og fara og sveitarfélögin semja um þessa þátttöku, sín á milli, eftir sínum eigin áhuga burtséð frá óskum eða kröfum ríkisstofnunar. Þeim verður ekki þröngvað til þess að taka þátt í rekstrinum, en flest þeirra hafa þegar áttað sig á því, að þau verða að hafa aðkomu að verkefninu, ef þau vilja að ferðaþjónustan á þeirra svæði dafni í samkeppni við aðra landshluta.

Ferðaþjónusta fyrir Íslendinga er einnig mikilvæg og hefur kannski á stundum verið vanmetin. Í því sambandi er mikil þörf á samvinnu, þeirra sem stjórna og starfa á upplýsingamiðstöðvum og ferðamálafulltrúa svæðanna. Það eru ferðamálafulltrúarnir, sem markaðssetja sveitarfélögin og landshlutana með kynningum, útgáfu bæklinga og heimasíðna um svæðin í samkeppni við önnur svæði, en starfsmenn upplýsingamiðstöðva gefa hlutlausar upplýsingar til innlendra sem erlendra ferðamanna, sem þegar eru komnir á svæðið eða til þeirra í gegnum aðra miðla.

Við verðum að gera greinarmun á verkefnum þessara tveggja aðila til að rugla ekki saman áherslum og mikilvægum og viðkvæmum tíma hvors um sig. Mér er ljóst að kostnaður er mikill og fjármagnið er dýrt en allt of sjaldan er verkefnum forgangsraðað, til að nýta fé sem best. Það er sparað heima fyrir með því að hafa þessi tvö verkefni á sömu hendi. Upplýsingamiðstöðinni er tjaldað á vorin, tjaldið tekið niður í september og hafist handa um markaðsverkefni og miðstöðinni síðan tjaldað aftur að vori. Niðurstaðan verður því oftast sú, að hvorugt verkefnið þróast sem skyldi.

Hvernig sjáum við þróun og þar með framtíð upplýsingamiðstöðvanna fyrir okkur? Það líkan, sem ég nefndi fyrr í erindi mínu og nú er unnið að á Suðurlandi, verður þróað enn frekar og síðan yfirfært yfir á aðra landshluta í samráði og samvinnu við samtök og sveitarfélög þeirra svæða. Einnig er lagt mikið upp úr því, að allar landshlutamiðstöðvar séu tengdar saman með nýjustu tölvu- og upplýsingatækni, þannig að auðvelt sé að hafa náið samband á milli þessara höfuðstöðva.

Ferðamálasamtök Íslands og Höfuðborgarstofa munu væntanlega á næstu mánuðum kaupa saman hollenskt bókunarkerfi sem sérstaklega er hannað fyrir svæðastöðvar í ferðaþjónustu. Þar er um að ræða mjög fullkomið bókunarkerfi sem er ekki upplýsingakerfi um leið og hentar því afar vel fyrir upplýsingamiðstöðvarnar. Heildarkaupverð kerfisins er um 150.000 krónur og afnotagjald aðeins greitt þegar bókað er. Við sjáum fyrir okkur nokkuð bjarta framtíð þó mikil þróunarvinna sé eftir til að ná settu marki um fullkomið gæða upplýsingakerfi í ferðaþjónustu og upplýsingamiðstöðvar á öllu landinu sem ekki eru síðri en gerist í nágretta löndum okkar.

Hver er skilningur og þátttaka ríkisvaldsins og hvernig hefur sá þáttur þróast undanfarin ár? Síðustu tveir ráðherrar ferðamála hafa haft mikinn áhuga á tilvist upplýsingamiðlunar og miðstöðvanna og þátttöku ríkisins í rekstri þeirra en betur má ef duga skal. Ferðamálasamtök Íslands hafa einnig árlega sent fjárlaganefnd Alþingis erindi um aukið fjármagn til þessa málaflokks og hefur framlagið hækkað lítið eitt eða úr 10 í 13 milljónir á síðustu 2 árum. Það er þó engan veginn nóg, ef standa á vel að rekstri landshlutamiðstöðvanna enda hafa sumar þeirra ekki fengið framlag enn en við það verður ekki unað lengur.

Það hlýtur að vera erfitt að vinna að þróunarverkefni, sem ríkisstofnun leggur metnað sinn í að gera vel, ef nauðsynlegt er samfara því að vinna skilning, stöðugt fleiri þingamanna og þrýsta á um aukið fjármagn, til þess að verkefnið sjálft beri þann ávöxt, sem að var stefnt af hálfu ríkisins sjálfs. Ríkið verður líka að forgangsraða sínum verkefnum ekki síður en einkageirinn. Það hefur komið í ljós að árlegur kostnaður við rekstur miðlungs upplýsingamiðstöðvar er á bilinu 8-10 milljónir og eðlileg lágmarks fjárþörf frá ríki gæti því verið 3-4 milljónir, til þess að öll sanngirni sé í hávegum höfð, hvað varðar vægi framlaga ríkis og sveitarfélaga.

Vegna mikils áhuga og málafylgju ráðherra ferðamála hefur góðu heilli fengist aukið fjármagn til markaðsmála fyrir árið 2003 og ber að fagna því. En til að þjóna afrakstri þeirrar markaðsvinnu, þurfa upplýsinga-miðstöðvarnar að vera í stakk búnað til þess. En það verða þær ekki fyrr en með tilkomu betri aðstöðu á hverju svæði, lengri opnunartími, fleira starfsfólki og meiri gæðum. Og enn einu sinni leitum við á náðir fjárlaganefndar Alþingis um aukið framlag til þess að geta veitt fyrsta flokks upplýsingar af meira öryggi, af meiri þekkingu og af samkeppnishæfum gæðum.

Alm. umræður og afgreiðsla ályktana Einar Bollason, Íshestar

Samgönguráðherra, ráðstefnustjórar, góðir félagar. Ég ætla að víkja að tveimur málum hér og ég vil þá byrja á því að þakka samgönguráðherra Sturlu Böðvarssyni frábæran árangur í auknum fjárveitingum til greinarinnar. Það er vissulega gleðilegt að við skyldum fá 50% aukningu á markaðspeningum í ár og ég held að það sé alveg full ástæða fyrir þingheim að gera sér grein fyrir þeirri vinnu og í raun og veru áhuga ráðherrans sem að liggur þar að baki því að

auðvitað er svo að þegar um peninga er að ræða úr potti sem að mætti vera mikið stærri þá eru margir sem að vilja fá þar aura.

Nú mér finnst samt sem áður að við eigum ekkert að láta staðar numið við það og ég ætla nú ekki að fara að reka neina kosningabaráttu fyrir Sturlu, enda hvorki í sama flokki né sama kjördæmi þannig að mér er óhætt að tala dálítið létt um þetta mál. Ég skora á að ef að við verðum þeirrar gæfu aðnjótandi að njóta hans krafta áfram að láta alls ekki staðar numið hérna heldur bara að stefna að 50% aukningu á hverju ári a.m.k. næstu 5 ár og sjá hvernig við stöndum þá.

Nú ég vil líka fagna orðum ráðherra þar sem að hann lagði sérstaklega áherslu á að hann teldi að þessum peningum yrði best varið, að meginhluta þessa fjármagns yrði varið til almennrar landkynningar og ég er alveg innilega sammála. Eg held að þannig muni þeir nýttast best og vissulega einhverjum hluta þeirra verði að sjálfsgöðu varið til annarra góðra hluta eins og menningartengdrar ferðapjónustu og heilsutengdrar ferðapjónustu sem og innlendrar landkynningar. En ég fagna því að reynsla þessa árs hafi sýnt það að peningum sem að varið er til almennrar landkynningar er vel varið.

Næsta mál. Það er í framhaldi af ágætri ræðu Péturs Rafnssonar þá vil ég innilega taka undir orð hans, ég held að við sem að störfum í ferðapjónustu og eigum töluvert undir góðu starfi upplýsingamiðstöðva að það gangi vel. Ég held að við hljótum að leggja mikla áherslu á að stórefla þessar stöðvar og þá ekki síst að þessar upplýsingamiðstöðvar skilgreini sig kannski ekki alveg upp á nýtt en allavega skerpi á skilgreiningunni og þá er ég sérstaklega að tala um tvo hluti. Það er annarsvegar sem sagt að þær skapi sér í auknum mæli tekjustofna sem að ég veit t.d. að upplýsingamiðstöðin í Reykjavík er búin að gera í mörg ár en þó ekkert alltof mörg ár og mér heyrir á orðum Péturs að það væri svo sannarlega í umræðunni.

Hitt er ekki síður mikilvægt sem að mér finnst stundum skorta á hjá upplýsingamiðstöðvum víða um landið að þeirra hlutverk er ekki bara að kynna sitt svæði. Ég tel það vera eiginlega jafnmikilsvert að þessar stöðvar kynni næstu svæði því að ferðamaðurinn er jú á ferðinni og er að fara áfram, hvort sem að það þýddi að við yrðum að hafa Akureyring og Mývetning í vinnu á upplýsingamiðstöðinni á Húsavík eða öfugt, þá teldi ég það vera hið besta mál.

Ég ætla þá ekkert að hafa þessi orð fleiri en vil þó benda á eitt mjög svona, hvað á maður að segja, landfræðilegt eða mannfræðilega staðreynd í stjórnun ferðamála hér að annarsvegar erum við með Breiðfirðing sem samgönguráðherra og hinsvegar náttúrulega Vestfirðing sem formann Ferðamálaráðs og fyrir mann með minn ættarbakgrunn og annarra þá hljótum við að fagna svoleiðis samsetningu. Takk fyrir.

Ásthildur Sturludóttir, Ferðamálafulltrúi Vesturlands

Ráðherra, fundarstjórar og aðrir ráðstefnugestir. Hér hefur verið dreift til ykkar ályktun Félags Ferðamálafulltrúa á Íslandi um tjaldsvæðamál. Upphafið að þessari umræðu er sú að félagar í FFÍ hófu umræðu sín á milli á netinu um öryggismál á tjaldsvæðum og hvernig þeim væri háttað á þeirra svæðum. Var þetta í kjölfar skelfilegra slysa sem að urðu í sumar á tjaldsvæðum víða um landið. Þessir atburði urðu til þess að ferðamálafulltrúar sáu sig knúna til að vinna að þessum málum og hvetja Ferðamálaráð og aðra opinbera aðila til að vinna tillögur að úrbótum og gæðastöðlum fyrir tjaldsvæði á Íslandi. Segja má að víða sé pottur brotinn varðandi öryggis- og skipulagsmál á tjaldsvæðum þó svo að á mörgum stöðum hafi verið unnið gott starf.



Eins og við höfum rætt hér í dag og komið hefur fram í erindum margra og víða í upplýsingum sem að við höfum fengið þá eru sífellt fleiri ferðamenn sem að ferðast innanlands og nýta sér þá möguleika sem að opnast hafa með góðum húsbílum og tjaldvögnum. Hefur verið talsverð fjölgun gistinátta á síðustu árum á tjaldsvæðunum og má ætla að sú þróun muni halda áfram. Við megum því ekki loka augum okkar fyrir þeim staðreyndum að úrbóta er þörf á tjaldsvæðum víða um land og nauðsynlegt er að setja á sameiginlega flokkun og gæðastaðla, einkonar stjórnugjöf ef kalla má svo. Einnig er nauðsynlegt að til séu upplýsingar fyrir skipuleggendur tjaldsvæða hvernig byggja eigi slík svæði upp.

Það er því von okkar Félags Ferðamálafulltrúa að eftirfarandi ályktun verði tekin til nánari skoðunar og virki sem hvatning frá félaginu til opinberra aðila til að málefni tjaldsvæða verði athuguð vandlega með opnum huga og með þeim hætti að lögð verði áhersla á öryggi og gæði á tjaldsvæðum allt í kringum landið. Jafnframt lýsir félagið sig reiðubúið til að vinna með stjórnvöldum að þessum málaflokki.

Textinn hljóðar svo:

"Á undanförunum árum hefur gistinóttum á tjaldsvæðum hér á landi farið fjölgandi. Sem dæmi um það má nefna að á tímabilinu 1999-2001 fjölgaði gistinóttum um 10% þá hefur ferðamáti þeirra sem gista á tjaldsvæðum einnig breyst mikið. Er breytingin einkum fólgin í því að mun fleiri velja að ferðast með tjaldvagna og hjólhýsi en vitað er um u.þ.b. 9.000 skráningar á tjaldvögnum og hjólhýsum hér á landi. Útlit er fyrir að þessi þróun muni halda áfram á næstu árum með aukinni tjaldvagna- og hjólhýsaeign landsmanna og einnig þeirri staðreynd að næsta sumar mun Norræna geta flutt helmingi fleiri bíla til landsins með nýju skipi.

Þar sem breyttar ferðavenjur hafa átt sér stað á mjög skömmum tíma hefur rekstraraðilum tjaldsvæða í fæstum tilfellum tekist að aðlaga tjaldsvæði sín að

breyttum aðstæðum. Því má búast við að á næstu árum muni fjöldi rekstraraðila þurfa að fara í breytingar á þeirri aðstöðu sem boðið er upp á.

Breyttir ferðahættir tjaldsvæðagesta gera einnig aðrar og nýjar kröfur til skipulags tjaldsvæðanna og þeirrar þjónustu sem þar er veitt. Í því sambandi vill Félag ferðamálafulltrúa benda á að:

- Gera þarf ráð fyrir auknu svæði fyrir hjólhýsi/tjaldvagna og húsbíla
- Tryggja þarf að þessir aðilar hafi aðgang að rafmagni
- Aðstaða þarf að vera til að losa ferðasalerni
- Aukin aðstaða fyrir börn
- Tryggja þarf með réttu skipulagi árekstrarlaus samskipti þeirra sem ferðast með tjaldvagna og hjólhýsi og þeirra sem gista í tjöldum
- Huga þarf að öryggismálum
- Vinna þarf að umhverfismálum og að þau fái meira vægi á tjaldsvæðum en áður hefur verið

Félag ferðamálafulltrúa skorar á stjórnvöld og Ferðamálaráð að taka þessi mál til gaumgæfilegrar skoðunar. Gera á lágmarkskröfur til þeirra staða er merkja sig sem tjaldsvæði og kanna hvort ástæða sé til að flokka tjaldsvæði eftir gæðaflokkun og þjónustu. Einnig þarf að safna á aðgengilegan hátt upplýsingum varðandi aðstöðu og skipulag slíkra svæða. Félag ferðamálafulltrúa er reiðubúið að vinna með stjórnvöldum að þessum málum."

Ásbjörn Björgvinsson, Hvalamiðstöðin Húsavík

Samgönguráðherra, ráðstefnustjórar og góðir fundarmenn. Í framhaldi af inngöngu Íslands í Alþjóða Hvalveiðiráðið nú nýverið og þeirrar umræðu sem að hefur farið fram um hvalveiðar hér við land síðustu daga hafa komið fram áhyggjur hjá ýmsum ferðapjónustuaðilum og sérstaklega þeim fyrirtækjum sem að byggja sína afkomu á hvalaskoðunarferðum um að hugsanlega yrði nú farið af stað í þetta svona kannski meira af kappi en forsjá. Í framhaldi af þeim umræðum sem að ég hef átt við ýmis fyrirtæki sem að tengjast þessari grein hefur verið ákveðið að leggja fyrir þennan fund eftirfarandi ályktun til afgreiðslu.

Textinn er svona:

"Ferðamálaráðstefnan 2002 haldin á Stykkishólmi 17. október skorar á stjórnvöld að láta fara fram mat á efnahagslegu gildi hvalaskoðunarferðamennsku fyrir þjóðarbúið. Ennfremur að áhrif hvalveiða á greinina verði metin áður en ákvörðun verður tekin um að hefja veiðar hér við land að nýju. Ráðstefnan hvetur stjórnvöld til að hafa náið samráð við samtök í ferðapjónustu og hvalaskoðunarfyrirtækin áður en endanleg ákvörðun um hvalveiðar verður tekin."

Þessari ályktun fylgjum við úr garði með þessum orðum sem að ég ætla nú aðeins að fara hér yfir. Hvalaskoðun er sú grein ferðapjónustunnar sem að vaxið

hefur hvað hraðast undanfarin ár. Á síðasta ári fóru ríflega 60.000 ferðamenn í hvalaskoðun frá 10 stöðum, allt í kringum landið. Það er engin önnur grein afþreyingarferðamennsku sem að nýtur viðlíkra vinsælda og hvalaskoðun fyrir utan náttúrulega risana tvo þ.e. Bláa Lónið og Gullfoss og Geysi. Benda skal á að það hlutfall ferðamanna sem að nýtir sér hvalaskoðun af heildarfjölda þeirra ferðamanna sem að hingað koma er það mesta sem að þekkest í heiminum.

Ferðaþjónustan skilar nú um 13% gjaldeyrstekna landsins. Til að auka nýtingu og bæta afkomu grunnþátta ferðaþjónustunnar þ.e.a.s. gistingu, veitingareksturs og rekturs samgöngufyrirtækja er mikilvægt að til staðar sé fjölbreytt úrval afþreyingar. Hvalaskoðun hefur verið einn af lykilþáttunum í að knýja áfram vöxt í ferðaþjónustunni undanfarin ár. Beinar tekjur skipta nú hundruðum milljóna af þeim ferðamönnum sem að bæði hafa hvalaskoðun að megin ástæðu fyrir komu sinni hingað til lands og eins þeim sem að sjá þetta fyrir sér sem kærkomna afþreyingu á ferð sinni um landið. Þessar tekjur hafa síðan margfaldast í íslensku efnahagskerfi þannig að heildarávinningurinn er verulegur.

Ákvörðunin um að hefja hvalveiðar hér við land að nýju verður að byggjast á efnahagslegum forsendum en ekki á tilfinningalegum grunni sem frekar á rætur í sjálfstæðisvitund en í framtíðarhugsun. Þá ákvörðun er ekki hægt að taka fyrr en búíð er að meta allar forsendur þ.á m. áhrif hvalaskoðunar á efnahagslífið og gildi hvalaskoðunar fyrir ímynd landsins út á við, svo og að sjálfsögðu gildi hvalveiða fyrir íslenskt efnahagslíf.

Háum fjárhæðum hefur verið varið í markaðssetningu hvalaskoðunarferða erlendis. Sú fjárfesting og vinna er mikilvægur liður í markaðssetningu landsins sem að sést best á því að það er gríðarlegur fjöldi ferðamanna sem að nýtir þessa þjónustu. Að kasta þessari vinnu og fjármunum á glæ með ótímabærri ákvörðun um hvalveiðar, án samráðs við samtök í ferðaþjónustu og hvalaskoðunarfyrirtækin er óásættanleg að okkar mati og ber í raun vott um þröngsýni.

Að svo mæltu þá legg ég þessa ályktun í hendur fundarstjóra og vona að hún verði tekin hér til skoðunar. Takk fyrir.

Ingibjörg Hafstað,

Fundarstjórar, ágætu ráðstefnugestir. Ég ætla í örstuttu máli að ræða aðeins um upplýsingamiðstöðvarnar. Það kemur hér fram í Ferðafréttum sem að fylgja hér með fundargögnum að samstarfssamningar hafi verið gerðar við 7 upplýsingamiðstöðvar á landinu síðan árið 2000. Níu slíkar eru skilgreinar sem landshlutaupplýsingamiðstöðvar. Ein þeirra er upplýsingamiðstöðin í Varmahlíð í Skagafirði sem er fyrir Norðurland-vestra. Umsvif hennar hafa aukist ár frá ári og hennar er sannarlega þörf eins og annarra. En hún hefur ekki hlotið neinn styrk þó að hún hafi verið skilgreind sem slík.

Það hefur verið talsvert þrýst á af heimamönnum og þá einkum í sveitarfélaginu Skagafirði og af ferðamálasamtökum Norðurlands-vestra að þarna verði gerð breyting á og málefni hennar leyst en það hefur ekki gengið enn. Nýr formaður Ferðamálaráðs Einar Guðfinnsson hefur sannarlega tekið vel í þetta erindi og ég vænti þess að þetta nái fram að ganga á næstu mánuðum því sveitarfélögin hafa ævinlega orðið að hlaupa í skápana við að reka þessa miðstöð að fullu sem að er ekki eðlilegt þannig að ég hvet enn og aftur forsvarsmenn Ferðamálaráðs og þá sem að hafa beinan aðgang að fjárveitingavaldinu að leiðrétta þennan vanda og tryggja miðstöðinni í Varmahlíð úrbætur. Takk fyrir.

Benedikt Guðmundsson, Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar
Ráðstefnustjórar, ágætu fundarmenn. Þetta er svolítið tætingslegt hjá mér. Ég er ekki það hávaxinn að það sást ekki þegar ég veifaði hendi hérna áðan þegar ég vildi fá að spyrja Pétur. En ég hjó eftir því að Pétur sagði að þeir ætluðu að kaupa ásamt Höfuðborgarstofu Hollenskt bókunarkerfi sem að kostaði ekki nema 150.000 kall. Var það ekki það sem að þú sagðir Pétur? Þú getur svarað því á eftir.

Annað varðandi upplýsingamiðstöðvarnar. Það var gerður samningur á milli upplýsingamiðstöðvarinnar á Akureyri, Atvinnuþróunarfélagsins og Ferðamálaráðs árið 1999 og á þessum tíma hefur rýrnunin á þeim fjármunum, þ.e. að þeir hafa staðið í stað og ekki verið reiknað með verðlagsbreytingum, hefur rýrnunin orðið u.þ.b. 20% á meðan sveitarfélögin hafa verið að hækka sín framlög þá standa þau í stað krónulega frá Ferðamálaráði eða ríkisvaldinu skulum við segja og eðlilega hefur orðið rýrnun á þessu fé.

Hann Pétur sagði að meðal upplýsingamiðstöð kostaði í rekstri 8-10 milljónir. Við teljum að þetta sé nú ekki nein meðal upplýsingamiðstöð hjá okkur, hún er ein sú stærsta á landinu að frátöldu höfuðborgarsvæðinu og í Leifsstöð þannig að við hljótum að halda vel á peningunum, þetta er nokkurn veginn það sem að við teljum okkur þurfa en það stendur mikið út af. Ég mæli með því og óska eftir því að þegar að þessari endurskoðun á upplýsingamiðstöðinni er lokið þá verði þetta tekið með í reikninginn að fjármunir til þetta verði vísitölubundnir.

Eitt í viðbót sem að ég vildi gjarnan koma að Guðmundur Malmquist ræddi um hótél og gistihús og stöðu þeirra. Ég tek undir hvert orð varðandi það og vil benda ríkisvaldinu á að þeir gera engum eins illt eins og öðrum í greininni þegar ríkisvaldið af sinnuleysi lætur ýmsa aðila fara í gjaldþrot sem síðan leiðir til þess að nýir aðilar koma að, fá eignirnar á mjög lágu verði og skekkja þannig samkeppnisstöðuna. Þess vegna get ég tekið undir það sem hann sagði að ríkisvaldið ætti að fara í allsherjar skuldbreytingu við aðila í greininni til þess að koma í veg fyrir slíka misjöfnun. Annað var það ekki, takk fyrir.

Jón Halldór Jónasson, Ferðamálafulltrúi Hafnarfirði

Góðan dag góðir félagar og fundargestir. Ég er formaður Félags Ferðamálafulltrúa. Það er nú þannig að fyrir réttu ári síðan þá fórum við í stjórn

Félags Ferðamálafulltrúa á fund nokkurra forsvarsmanna Samtaka Ferðapjónustunnar, Ferðamálaráðs, og Ferðamálasamtaka Íslands til að ræða um nokkur samstarfsatriði. Meðal þess sem við vildum ræða voru málefni upplýsingamiðstöðva og niðurstaðan var sú að það stóð til að halda sameiginlegan fund um þessi mál sem síðan drógst að boða og við tókum loks af skarið og við boðuðum þann vinnufund í maí í vor. Meðal þeirra sem þar voru var Pétur Rafnsson. Það er reyndar mjög gott til þess að vita að það skuli vera verið að vinna að gæðahandbók um upplýsingamiðstöðvar og verið að vinna að þessu starfi.

Það var því með nokkurri eftirvæntingu sem að ég beið hér eftir erindi Péturs. Satt best að segja þá varð ég fyrir vonbrigðum. Hvers vegna í ósköpunum er þetta ekki komið lengra? Má ekki keyra þetta svolítið áfram, okkur liggur á. Þetta gæti verið búið fyrir löngu síðan. Við 14 félagar úr Félagi Ferðamálafulltrúa fórum til Skotlands á dögunum, mjög góð ferð. Auk þess sem að við dönsuðum um í skotapilsnum og skemmtum okkur þá fengum við m.a. handbók fyrir upplýsingamiðstöðvar, hún er hérna tilbúin. Er ekki bara ráð að skella þessu í þýðingu, ekkert mál, tilbúið á viku. Þá má leggja það fyrir Ferðamálaráð til samþykktar og úrvinnslu. Ég ítreka enn og aftur að Félag Ferðamálafulltrúa vill gjarnan vinna með Ferðamálaráði að þessum málum. Við viljum opna umræðu um þessi mál, þess vegna leyfi ég mér að tala bara hér opið og klárt og skýrt að við viljum fá svona gæðastuðul. Auðvitað viljum við fá náttúrulega líka meiri peninga og ég geri mér grein fyrir því að Pétur Rafnsson hefur þurft að vinna í því. Ég vissi nú reyndar ekki alveg áðan hvort að, ja þeir voru nú sennilega tveir í ræðustól, bæði verkefnisstjóri hjá Ferðamálaráði og svo formaður Ferðamálasamtaka Íslands því að það slær nú saman hlutverkum.

Þetta þarf að klára og ég myndi gjarnan vilja sjá einhverja tímaáætlun, hvenær á þetta að verða tilbúið? Hvaða tímasetningu erum við að tala um? Hvenær fær Félag Ferðamálafulltrúa og aðrir hagsmunaaðilar þetta til umsagnar? Svör óskast.

Varðandi það atriði í kynningu Péturs að hafa meiri aðskilnað á milli ferðamálafulltrúanna og upplýsingamiðstöðvanna þá vissulega er þarna ákveðins aðskilnaðar þörf en ég held að það fari mjög vel saman að vinna þetta ferðamálafulltrúarnir og upplýsingamiðstöðvarnar vinni saman. Vissulega þurfum við að hafa mannafla til að vinna þau verk sem að falla þarna undir. Upplýsingagjöf annarsvegar og markaðssetning fara mjög vel saman, það er hægt að keyra þetta mjög skemmtilega saman þegar að það er mikið um að vera í upplýsingagjöfinni á sumrin þá fer allur krafturinn í það en svo kemur vetrartíminn og þá einbeitum við okkur að markaðssetningunni. Þannig nýtum við mannaflann betur og það sem skiptir mjög miklu máli í rekstri upplýsingamiðstöðvanna og ferðamálastofanna um landið það er að halda mannskap. Að hafa mannskap við störf allt árið.

Það er að skjóta sig í fótinn að vera að ráða fólk í byrjun júní til þess að reka upplýsingamiðstöðvar, jafnvel fólk sem að hefur aldrei nálægt slíku komið. Það er óviðunnandi fyrir okkur sem að teljum okkur reka gæða upplýsingamiðstöðvar að vera borin saman við slíkar stöðvar sem að eiga ekki að hafa rétt á að kalla sig slíkar. Fólk sem að hefur enga menntun, víða litla þekkingu og svo eftir sumarið er það farið annað. Ég er alveg á þeirri skoðun að sala á að vera í upplýsingamiðstöðvunum. Kynning, sala og bókun, þetta á ekki að vera feimnismál. Með þessum móti þá leggja upplýsingamiðstöðvarnar ferðapjónustuaðilanum lið, með því að bóka í ferð og taka greiðslu fyrir það þá tryggjum við að ferðapjónustuaðilarnir fá sinn pening þegar þar að kemur þannig að við eigum að vera hluti af markaðs- sölukerfinu og við eigum ekkert að vera feimin við það.

Það kann að virðast einhverjum þannig að það sé ekki hlutleysi, ég reyndar geri svolítinn greinarmun á orðunum hlutleysi annarsvegar og óhlutdrægni. Við eigum að vera bullandi virk og virkilega að beita okkur. Auðvitað eigum við að vera óhlutdræg, við eigum að láta alla ferðapjónustuaðilana njóta góðs af, við eigum náttúrulega að leyfa kúnnunum að velja á milli ferðapjónustuaðilanna. Þegar að kúnninn kemur inn í upplýsingamiðstöð og vill fá að velja sér gististað þá eigum við að vera búin að undirbúa það og kynna fyrir viðkomandi hvað er í boði. Takk fyrir.

Einar Gústavsson, Ferðamálaráð Íslands í New York

Ég vil láta koma fram hér að ef við hefjum hvalveiðar að nýju hér á Íslandi þá gæti það haft alvarlegar afleiðingar fyrir markaðsstefnu okkar þarna, ekki bara í ferðapjónustu heldur líka í öðrum geirum sem að við erum að vinna í fiski og öðru slíku. Sjálfur er ég ekki maður sem að vill boð og bönn og annað að ég er heldur ekkert fyrir það að bláhærðar amerískar blómahattakerlingar geti sagt okkur hvort við megum gera hlutina eða ekki gera hlutina. En þetta snýst ekkert um það, þetta snýst um það hvað er skynsamlegt að gera og hvað er ekki skynsamlegt. Það er enginn vafi í mínum huga, enginn vafi í mínum huga að ef við förum að veiða hval hvort sem að það er í svokölluðu vísindaskyni eða til að selja afurðirnar að það mun hafa mjög afdrifaríkar afleiðingar fyrir okkar markaðsstarfsemi í Bandaríkjunum. Takk fyrir kærlega.

Einar K. Guðfinnsson, Formaður Ferðamálaráðs Íslands

Ég ætla nú í sjálfu sér ekkert að fara að halda ræðu um hvalveiðar, ég er búinn að halda þær svo margar. En það vita allir mínar skoðanir í þeim efnum, ég er einlægur áhugamaður um hvalveiðar og ekkert hefur breytt þeirri skoðun minni. Ég held hinsvegar að tillaga Ásbjörns sem að hann lagði fram hérna áðan sé ágæt. Hún felur það í sér fyrst og fremst eins og ég skil hana að við skorum á stjórnvöld að það sé athugaðar allar afleiðingar málsins. Ég hef ekkert við það að athuga, mér finnst það bara sjálfsagður hlutur. Alþingi að vísu hefur tekið ákvörðun um það að það skuli stefnt að hvalveiðum, það hefur ekki verið tímasett. En engu að síður mér finnst sjálfsagður hlutur þegar við tökum ákvörðun af þessu taginu að allar upplýsingar liggi fyrir, efnahagslegar

afleiðingar, efnisleg áhrif. Það verður væntanlega líka tekið til athugunar líffræðileg árif og þar fram eftir götunum þannig að mér finnst eðlilegt að greinin óski eftir því að það sem að henni snýr að málin verði skoðuð. Þannig að þó ég sé viltur áhugamaður um hvalveiðar þá geri ég engar athugasemdir við þetta.

Steinn Lárusson, Flugleiðum

Ég er búinn að vera í þessum bransa nokkuð lengi, marga áratugi og það var ekki fyrr en núna sem ég uppgötvaði hverjir hafa séð um markaðssetninguna þegar ég las þessa ályktun um hvalveiðar. Þar kemur ljóst fram að Bandaríkjamenn séu búnir að bjarga allri markaðssetningu og öllum peningum í markaðssetningu á undanförunum árum. Ég er hér um bil viss um það að það munu ekki allir samþykkja þessa tillögu. Takk fyrir.

Ályktun um hvalveiðar borin undir atkvæði. Ályktunin samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.

Brynja Dögg Ingólfssdóttir, Nemi í ferðamálafræðum

Ég hef verið að fletta skýrslunni og hlusta á umræðuna. Mig langar til að vita af hverju er svona lítið talað um hálendið og þær virkjanir sem þar eru áætlaðar. Hafa ferðapjónustuaðilar enga skoðun á þessu máli. Erum við kannski bara þegar búin að sökkva þessum segli. Takk fyrir.

Anna G. Sverrisdóttir, Bláa Lónið

Ég starfa hjá Bláa Lóninu en auk þess er ég svona starfandi innan SAF og veiti þar forstöðu nefnd um afþreyingarfyrirtæki. Hér í dag eru tiltölulega fáir úr þeim geira og reyndar kannski ekkert mjög margir úr ferðapjónustufyrirtækjunum en það er samt sem áður málefni sem að snertir þetta sem að mig langar að koma aðeins inn á hér í dag og koma með fyrirspurn.

Fyrir sennilega 2 árum eða rúmlega það stóð til að setja reglugerð sem að afþreyingarfyrirtækin eiga að starfa eftir, setja þar öryggiskröfur og reglur um hvað þarf til að hægt sé að sækja um starfsleyfi. Þessi reglugerð er búin að vera ansi lengi í smíðum og langar mig að beina þeim orðum til Péturs Rafnssonar eða annarra hér inni sem að þekkja til málsins, Pétur var formaður nefndarinnar sem var sett í þetta, að fundurinn fái að vita hvað er að gerast í þessu og hvers við megum vænta því við erum orðin svolítið langeygð. Takk fyrir.

Pétur Rafnsson

Ráðstefnustjórar, góðir ráðstefnugestir. Því miður var ég hérna frammi áðan þegar að kom að mér skilst fyrirspurn frá Benedikt í Eyjafirði og hann var að spyrja um þá tölu sem ég nefndi í mínum orðum hérna áðan. Það er hárrétt að ég sagði 150.000 og ég er ekki hissa þó þú sért hissa því að þetta er í rauninni verð sem að við trúðum varla þegar við sátum fundi þarna úti. En þessir aðilar eru búnir að þróa þetta mjög lengi, þeir sem að eiga þetta fyrirtæki eru menn

sem að eru með 30-40 ára reynslu í ferðapjónustu ekki bara í Hollandi heldur víðar og IBM í Hollandi hefur komið að þessu. Þessi þróun hefur átt sér töluverðan aðdraganda og þetta er notað í Hollandi og víðar í suð-austur Asíu m.a.

Það sem að þetta fyrirtæki kemur til með að hafa út úr þessu er hluti af þeim sölulaunum sem að fást í gegnum þetta fyrst og fremst þannig að þetta er grunnmál. En eins og ég sagði áðan þá er ekki greitt nema að það sé bókað.

Jón Halldór kom hérna upp og hafði sínar skoðanir á mínum fyrirlestri og hann hefur fullt leyfi til þess. Ég sagði í þeim fyrirlestri að þessi nýja handbók, þetta er ný handbók vegna þess að það er til handbók. Helga Haraldsdóttir, páverandi forstöðukona norður á Akureyri hjá Ferðamálaráði, hún samdi þá handbók sem að til þessa hefur verið notuð þannig að þetta er ný handbók, þ.e.a.s. að það er bætt við hana og ákveðnir þætti sem að hafa verið mögulega hægt að uppfæra eru uppfærðir. Ég geri ráð fyrir að menn viti að þessi handbók er til.

Jón sagði fyrir hönd Félags Ferðamálafulltrúa að þeir vildu koma að þessum málum og ég veit það enda er hann búinn að segja það hér, eða þau, hér fyrr í dag í sambandi við fleiri mál og ég efast ekki um það að hugur fylgir máli. Ég sat fund ferðamálafulltrúa þar sem að ég fór með einhverjum 40-50 glærum yfir þau viðmið og þær gæðakröfur sem að koma til með að verða settar og útskýrði eins og ég gat fyrir þeim og þar kom líka fram að þau vildu eiga frekara samstarf um þetta mál og það að kynna þau drög fyrir þeim þar var að sjálfsögðu samstarf. Þannig að ég og Ferðamálaráð höfum að sjálfsögðu ekkert á móti því að njóta krafta ferðamálafulltrúa. Ég sagði líka í þessu erindi mínu að þetta kæmi út í vetur þannig að það er sá tími sem að ég nefndi.

Anna Sverrisdóttir hún spurði um nefndina, um öryggisreglur og leyfisveitingar. Ég var mjög ánægður með að heyra það, það þýðir að fullt af fólki ímynda ég mér hefur áhuga á að sjá þetta sem allra fyrst. Við í nefndinni höfum það líka. Fyrir ári síðan, tæpu ári síðan þá er haldinn síðasti reglulegi fundurinn í nefndinni vegna þess að þá fóru þau drög sem að þá voru komin í þessa lögfræðilegu skoðun í ráðuneytinu. Þessi lögfræðilega skoðun hefur verið unnin af lögfræðingum í ráðuneytinu í samstarfi við mig sem formann nefndarinnar. Hún felst og hefur falist fyrst og fremst í því að bera saman þau drög sem þegar voru komin við lög og reglugerðir vegna þess eins og alltaf er gert að sjálfsögðu er það borið saman vegna þess að reglugerðir verða að eiga skírskotun í lögum. Þessi reglugerð hún tekur á mjög mörgum þáttum.

Við þurftum eftir þetta að fá viðræður við stofnanir eins og Siglingamálastofnun, Vegagerðina, Vinnueftirlitið, Löggildingarstofu og það er jafnvel eitt á leiðinni í viðbót þar sem verið er að bera þetta saman við þær reglur sem að voru í gildi fyrir ári síðan og þessar stofnanir hafa síðan verið að breyta hjá sér og þær breytingar þurftu líka að eiga sér skírskotun í lögum hjá þeim og þeir hafa verið að breyta og núna seinnipartinn í sumar var verið að kynna fyrir okkur þær

breytingar. Það eina sem að við eigum eftir núna í þessum ferli er það sem að krafist er af okkur af Löggildingarstofu en ég er alveg jafn óþreyjufullur eins og fólk sem að er að reka fyrirtækin. Við vitum af hverju þessi vinna fór af stað og við vitum líka hvað það er nauðsynlegt að hún klárast. Ég vona að þetta sé svona þokkalegt svar fyrir þig Anna, takk.

Einar K. Guðfinnsson, formaður Ferðamálaráðs Íslands.

Mig langaði aðeins að segja örfá orð út af þessari ályktun sem að beint er til okkar frá Félagi Ferðamálafulltrúa á Íslandi. Það sýnir nú kannski hvað hjörtu okkar slá saman í þessu að við höfðum þegar hafist handa við undirbúning að svona gátlista eða hvað á að kalla það fyrir tjaldstæði. Við urðum mjög varir við það á fundum okkar sem að við höfðum í sumar að það var mikill áhugi á málefnum tjaldstæða, það voru mörg tilefni til þess að menn vildu svona vanda sig við undirbúning að gerð tjaldstæða og það eru miklar breytingar að verða m.a. vegna þessarar tjaldvagnavæðingar sem að menn hafa hérna verið að tala um. Við gerum okkur grein fyrir því hvaða skoðun sem að menn annars hafa á því að þetta er komið til að vera og ferðapjónustan verður þess vegna að standa vel að málum og við höfum lagt mjög mikla áherslu á að við myndum hraða þessari vinnu. Við gerum okkur grein fyrir því að mörg sveitarfélög eru núna einmitt þessa mánuðina að fara að huga að undirbúningi fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og þess vegna mjög mikilvægt fyrir þau að gera sér grein fyrir því með hvaða hætti þau geta staðið að uppbyggingu tjaldstæðanna svoleiðis að þessi vinna sem að hérna er verið að leggja til er að miklu leyti farin af stað. Ég hinsvegar fagna áhuga Félags Ferðamálafulltrúa á þessu máli og það undirstrikar held ég þýðingu þessa verkefnis og ég vil gjarnan hvetja þá til þess að hafa samband við starfsfólk Ferðamálaráðs til þess að eiga sem best samstarf um þetta því að það er okkar sameiginlega keppikefli að vel verði að málinu staðið.

Davíð Samúelsson, Upplýsingamiðstöð Suðurlands

Komið þið sæl og blessuð, ég heiti ennþá Davíð og er ennþá forstöðumaður upplýsingamiðstöðvar suðurlands. Mig langar nú aðeins að segja ykkur frá því hvað við höfum verið að gera eins og Pétur kom inn á áðan þá höfum við sem sagt átt þátt í því að byggja upp öflugna, að ég tel, upplýsingamiðstöð á landsvísu og þetta höfum við náð að gera auðvitað með því að vera með öflugt og gott starfsfólk. Ég þá væntanlega ásamt fagraði upplýsingamiðstöðvarinnar höfum haft það að leiðarljósi að vera með fólk sem að veldur sínu starfi. Það auðvitað sem að hefur verið viðloðandi upplýsingamiðstöðvarnar í gegnum tíðina er að það er verið að setja inn í þessi störf fólk sem að hefur kannski litla ferðareynslu og jú kannski einhverja tungumálaþekkingu. Það er kannski einhver stúlka sem að hefur verið Au-pair úti í Frakklandi og hún talar frönsku og hún á að fara að veita ferðamönnum upplýsingar en eins og ég bendi oft á að það er mjög mikilvægt að starfsmenn upplýsingamiðstöðva þeir viti vel um svæðið. Nú eins og Einar Bollason kom inn á áðan þá skiptir líka mjög miklu máli að starfsmaðurinn viti vel um önnur svæði og ég er kannski vel staðsettur í Hveragerði þar sem ég er austfirðingur og mikill áhugamaður um landsbyggðina

og mikill baráttu maður um landsbyggðina og landsbyggðin á minn hug og hjarta og mikilvægt að við séum duglega að selja og koma landsbyggðinni á framfæri.

Nú ég vil að það komi hérna fram af því að ég fór af stað með mína upplýsingamiðstöð fyrir 3 sumrum síðan, við opnuðum sem sagt í byrjun júlí árið 2000. Þá notaði ég þessa góðu aðferð sem að kallast "copy-paste" og ég átti mér góða að m.a. eins og Jón Halldór í Hafnarfirði en hann stendur að mjög veglegri og mjög öflugri upplýsingamiðstöð í Hafnarfirði eins og hún Vilborg sem að situr hér á fremsta borði hún var þá forstöðumaður upplýsingamiðstöðvarinnar í Reykjavík og fleira fólk Pétur Rafnsson. Ég hefði mjög góðan aðgang að Pétri Rafnssyni og Ferðamálaráði þannig að þetta var minn manuell því að þegar ég tók við starfinu þá var ég ekki með neitt. Ég var ekki með síma, ég var ekki með húsnæði, ég var ekki með neitt þannig að ég var eiginlega að renna í þetta blint.

En ég var nú það heppinn að ég hef stundað töluvert ferðalög frá því að ég var unglingur eða barn, ég er alinn upp á faraldsfæti og hef ætíð verið á faraldsfæti og hef ágætis athyglisgáfu og ég lærði mjög snemma að nota upplýsingamiðstöðvar þannig að ég vissi svona nokkurn vegin hvað ég vildi. Ég á líka foreldra sem að ráku fyrirtæki þannig að mér er í blóð borið að vera með þjónustulund og þannig hugsaði ég dæmið. Ég tal að það sé mjög mikilvægt að við hugsum alltaf út frá forsendum viðskiptavinarins. Þetta er ekki bara einhver upplýsingamiðstöð sem að er ætluð fyrir mig. Þetta er ekki ætlað fyrir mig til að skapa mér atvinnu. Þetta er fyrir það fólk, fyrir ferðaðjónustuaðilann til að koma sinni vöru á framfæri.

Svo er þetta auðvitað fyrir ferðamanninn sem að þarf að fá upplýsingar um vöruna. Nú ég hef sagt það á suðurlandi og í upplýsingamiðstöð suðurlands viljum við státa af öllu því sem að er undir sólinni á suðurlandi. Þannig að við höfum lagt mjög mikinn metnað í það að vera með mjög góðan gagnagrunn þ.e.a.s. allar upplýsingar um alls kyns afþreyingu sem að er auðvitað mikið atriði því að ekki nennirðu að hanga í einhverjum sumarbústað uppi í sveit og gera ekki neitt eins og konan sagði, ég er búin að hanga hérna heila lengi og vera úti í glugga allan tíman til að athuga hvort að það komi einhverjir gestir. Það skiptir auðvitað máli að við höfum einhverja afþreyingu og af því að ég er nú hérna með gott fólk fyrir framan mig sem að rekur glæsilegan golfvöll í nágrenni við Flúðir, Efra-Sel, að það er ein tegund af afþreyingu og við þurfum auðvitað að hafa lista yfir þessa afþreyingu.

Nú við erum líka að taka á móti fólki á öðrum tímum, fólk sem að er t.d. að koma utan háannatímans og eins og núna sá tími sem að er að fara í hönd, þá er alveg gífurlega mikið magn af ferðafólki sem að vill leggja leið sína austur fyrir fjall eða vestur á land, hvert svo sem að það er. Þá erum við að tala um innlendan markað þannig að þá komum við að þessari spurningu aftur að það þarf að greina ferðamanninn, hvað er ferðamaður og hvað vill ferðamaður. Við

semsagt, við höfum hugsað dæmið þannig að við þurfum að vera með upplýsingar fyrir allar tegundir af ferðamönnum.

Nú eins og á þessum tímum þá auðvitað er fólk eins og starfsmannahópar, það er þessi áttahagaprú að komast heim til heimkynna sinna eða í líkindi við heimkynni sín eins og fólk eins og ég austan af fjörðum, við þrífumst best úti á landi og það er sama með Reykvíkinginn sem að flutti upp í Grafarvog fyrir 10 árum síðan að hann er alltaf að leita að æsku sinni eða uppruna sínum með því að komast út á land aftur, þá sækir hann í okkur. Hann sækir upplýsingar til okkar. Nú við höfum m.a. lagt mikið upp úr því að vera með ýtarlega þjónustuskjár en við höfum líka lagt upp úr því að vera með ýtarlegar viðburðaskjár um allt það sem að er í gangi á suðurlandi hverju sinni.

Nú til þess að geta gert alla þessa hluti, til þess að geta tengt alla þessa hluti þá þurfum við auðvitað eins og Pétur kom inn á áðan að vera í mjög góðri samvinnu við sveitarfélög, við þurfum að vera í mjög góðri samvinnu við félagasamtök og við fyrirtæki eins og ég kom inn á hér áðan þá auðvitað erum við ekki að gera þetta til að skapa mér og mínu starfsfólki atvinnu númer 1-2-3 við erum auðvitað að gera þetta til að koma hlutunum á framfæri. Nú ég auðvitað er mjög ánægður með það að geta státað af öflugri og sterkri upplýsingamiðstöð og við erum auðvitað vissst skapalón og kannski það sem koma skal, og ekkert að hlæja að því þarna Ásmundur úti í sal þetta er bara staðreynd, og það er mjög gaman að geta átt þátt í því að framreiða þjónustuna og skapa svona vissst þjónustustig. Og þá er ég að tala um klæðnað starfsfólks, þekkingu starfsfólks, þjálfun starfsfólks, menntun starfsfólks. Þannig sköpum við gott þjónustustig, þannig gerum við svæðið aðlaðandi og þannig fáum við fólk til okkar. Takk.

Einar K. Guðfinnsson

Það var aðeins út af fyrirspurninni hennar Ingibjargar Hafstað sem að ég gleymdi bara að svara herna áðan. Það var varðandi upplýsingamiðstöðina í Varmahlíð. Það er alveg einsýnt að það ber að styðja fjárhagslega við upplýsingamiðstöðina í Varmahlíð, ég þekki það ekki hvernig stóð á því í fortíðinni að það var ekki gert. Það skiptir heldur ekki öllu máli, aðalatriðið er það að eins og reglurnar eru þá ber að styðja við þessa upplýsingamiðstöð og það er okkar ætlun í Ferðamálaráði. Við munum sækja til fjárveitingavaldsins um aukna fjárveitingu til þessa málaflokks sérstaklega til þess að geta gert það þannig að vel sé. Það eru ekki miklar upphæðir sem að vantar uppá og ég trúi því að því verði vel tekið. Hinsvegar er alveg ljóst mál að það ber að styðja þessa upplýsingamiðstöð og það verður gert að sjálfsgöðu.

Jóhann Ásmundsson, Hnjóti

Ég ætlaði aðeins að tala um upplýsingamiðstöðvarnar og það sem kom hér fram varðandi samstarf þeirra á milli. Ég lít á mig sem notanda upplýsingamiðstöðva, ég rek safn líka, veiti forstöðu safni Egils Ólafssonar að Hnjóti og það sem að mér finnst helst vanta og skorta á þjónustu upplýsingamiðstöðvanna er það að

hafa dreifingarkerfi á milli þeirra. Það er alveg gríðarleg vinna að koma bæklingum og öðru slíku til allra upplýsingamiðstöðva landsins. Ég held að menn ættu að huga kannski mun meira að því við uppbyggingu miðstöðvanna hvernig á að dreifa bæklingum frá einstökum ferðaþjónustuaðilum út um allt landið. Þetta er gríðarlegur kostnaður og þetta er gríðarleg vinna að gera þetta og flestir eru það önnur hlaðnir á sumrin að þeir hafa varla tíma til þess. Takk.

Svanborg Siggeirsdóttir, Sæferðir

Fundarstjórar, góðir ráðstefnugestir. Það var eitt sem að ég hjó hér eftir. Það var verið að tala um mannauðinn í ferðaþjónustunni að hann væri það sem að skipti einna mestu máli og ég er mjög mikið sammála því. Það er alveg eins og svart og hvítt hvort að fólk er brosandí eða í fýlu þegar maður kemur inn um dyrnar. Svo var líka verið að tala um það að kenna gestrisni í skólum. Mér líst mjög vel á að það sé gert en ég veit ekki hvernig það er núna, það er verið að kenna eitthvað fag sem heitir "lífsleikni" og það er kannski þar inn í en ég vil ítreka sem sagt þörfina á því að við erum að ala æskuna upp sem ferðamenn framtíðarinnar og eitthvað það mesta hól sem að ég hef orðið vör við hér í Stykkishólmi og hef nú heyrt marga hæla mörgu það var þegar krakkar voru hér í skólaferðalagi og ég var að servera morgunverð fyrir þau daginn eftir og þá sögðu kennararnir mér það að þau væru alveg yfir sig hrifin af því að þau hefðu farið náttúrulega að labba á rúntinn í gærkvöldi og þar hittu þau fullt af krökkum héðan úr Stykkishólmi og þau voru að tala um hvað þetta væri fínt og þetta væri gott o.s.frv. og þá gerði ég mér mikla grein fyrir því hvað sem sagt það skiptir miklu máli að ala æskuna upp í þessu jákvæða og ég sem sagt held að menntamálin og ferðaþjónustan geti þarna líka átt góða samleið. Takk.

Magnús Oddsson

Brynja vísaði fyrst of fremst til þessarar skýrslu um seglana og annað. Sú skýrsla var náttúrulega, það var mjög vel skilgreint í upphafi hvað þar var verið að gera, það var verið að kortleggja auðlindina með vísan til þessara þriggja þátta, framboði á samgöngum, gistingu og dægradvöl. Hinn þátturinn sem að hún er að vísa til er auðvitað stórpólitískt mál sem að er ekki sett fram í þessari skýrslu sem tillögum frá starfsmönnum og embættismönnum Ferðamálaráðs til ráðherra en ég minni á að þetta mál hefur verið til umræðu margoft í Ferðamálaráði og á ferðamálaráðstefnum og til eru skýrslur um þetta mál sérstaklega sem að unnar hafa verið á vegum ráðsins og ég minni á skýrslu sem að heitir ef ég man rétt "Ferðaþjónustusvæði norðan Vatnajökuls" þar sem að farið var yfir þessi mál, forsendur ferðaþjónustu, forsendur virkjana og fleira. Þetta var unnið á vegum ráðsins fyrir 2 árum síðan þannig að ég veit ekki hvort að það svarar spurningunni en þessi skýrsla sem slík var unnin á öðrum forsendum eins og kom fram í upphafi skýrslunnar.

Rúnar Karlsson, ferðamálafulltrúi Ísafirði

Ég er með eina spurningu til Júlíusar Hafstein ef að hann er ekki frammi að skrafa eða kominn á barinn, ég veit það ekki. Það er hvernig líður vinnu með

aðgerðaáætlun eða framkvæmdaáætlun varðandi skýrsluna sem að Tómas Ingi Orlích skrifaði um menningarferðamennsku. Takk fyrir.

Júlíus Hafstein

Fundarstjóri. Ég held að aðgerðaáætluninni líði ágætlega. Hún er í höndunum á ráðherra og Ferðamálaráði og fyrir nokkrum dögum þá kynnti ég hana fyrir Ferðamálaráði og mér skilst að Ferðamálaráð hafi fyrir sitt leyti lagt blessun sína og sent hana til baka til ráðherra með þeirri niðurstöðu að þeir myndu framkvæma þau atriði sem að aðgerðaáætlunin gerir ráð fyrir. Um þann hluta sem að snýr að ráðuneytinu sjálfu og ráðherra þá er það auðvitað hans mál fyrst og fremst að koma því á framfæri og segja frá því hvað hann ætlar að gera við þær tillögur sem að ég hef lagt til og þar af leiðandi er ekkert annað fyrir mig en að vísa því þangað. Ég er búinn að skila verkefninu af mér og leggja til að það verði farið í það að fjármagna ákveðna þætti er varða menningartengda ferðapjónustu, nýsköpun og þróunarverkefni og þegar slíkar tillögur eru komnar til ráðuneytis þá er það fyrst og fremst ráðuneytisins, ráðherra og fjárveitingarvaldsins að ganga frá þeim ef að þeir vilja að slíkar tillögur nái fram að ganga. Eins og staðan er þá geri ég ráð fyrir því að þetta muni liggja fyrir meira og minna klárt um áramótin. Takk fyrir.

Ráðstefnuslit

Einar K. Guðfinnsson, formaður Ferðamálaráðs

Ráðstefnustjórar, góðir ráðstefnugestir. Það er komið að lokum ferðamálaráðstefnunnar 2002 og ég vil fyrir hönd Ferðamálaráðs þakka kærlega fyrir ákaflega ánægjulegan og fróðlegan dag. Ég er sannfærður um það sjálfur að þetta hefur verið árangursríkur dagur og það hefur tekist vel til um málið allt saman. Ég tel sérstaklega ástæðu til að þakka heimamönnum sem að komu að undirbúningi þessarar ferðamálaráðstefnu fyrir þeirra góða og mikla hlut. Við höfum fundið það að þetta hefur allt verið afar vel skipulagt og vel að öllu staðið. Ennfremur vil ég þakka frummælendum sem að margir hverjir komu um langan veg til þess að taka þátt í umræðunum um hina miklu skýrslu "Auðlindin Ísland" og ég er ekki í nokkrum vafa um það að þær umræður hafa líka verið okkur mikils verðar. Við gerðum okkur grein fyrir því þegar ákveðið var að setja þetta mál á dagskrá að það kynni að vera býsna vand með farið. Þetta er eðli málsins samkvæmt fremur viðkvæmt mál að reyna að búa til svona skiptingar, hólf og hringi eins og við sáum hér á skjánum áðan. En viðbrögðin og undirtektirnar í umræðunum sýna mér það að það var virkileg þörf á því að fara í þessa vinnu sem að samgönguráðherra hafði frumkvæði að og eins og kom fram í máli ferðamálastjóra hérna í morgunn þá er þessi skýrsla alls ekki fullbúin. Það sem verið var að gera hér í dag var fyrst og fremst það að kynna fyrir ykkur og okkur öllum þá vinnu sem að fram hefði farið og kalla eftir viðbrögðum og eins og ferðamálastjóri sagði þá er mjög mikilvægt að í framhaldinu verði hægt að vinna hratt að þessu máli þannig að hægt sé að skila þessu fullbúnu til ráðherra sem að getur þá haldið málinu áfram.

Ég held að það veganesti sem að skýrsluhöfundar fá af þessum fundi er fyrst og fremst það að menn taka svona almennt undir þessa viðleitni sem að þarna fer fram. Það hafa komið fram gagnlega ábendingar sem að örugglega munu komast til skila með einum eða öðrum hætti.

Ég vil ennfremur þakka starfsfólki Ferðamálaráðs og ferðamálastjóra fyrir þeirra mikla hlut að undirbúningi þessarar ráðstefnu. Eins og við vitum þá kostar það mikla vinnu að koma ráðstefnu af þessari gerð til skila og koma henni heim og saman. Finna tíma, finna stað o.s.frv. og þetta var vant fólk sem að stóð vel að þessu.

Þá vil ég þakka ráðstefnustjórunum, þeim Grétari D. Pálssyni og Magnísi Alexandersdóttur fyrir mjög góða stjórn á þessari ráðstefnu. Það er mjög mikilvægt eins og við vitum að vel sé að því staðið, bæði að keyra málin áfram og gera það með léttum og skemmtilegum hætti eins og þeim tókst hérna og Grétar notaði svona elsta bragði í heimi í sambandi við ráðstefnustjórn þegar hann vildi fara að reka á eftir ræðumönnum að þá minnti hann á kokteilinn hérna á eftir. Við það tók ég eftir því að menn fóru að tala mun skemur þannig að bragðið virkaði.

Ég vil eins og kom hérna fram áðan líka minna á þetta málþing, áhugavert málþing sem að verður í fyrramálið um umhverfismál. Það hefst klukkan tíu. Það var ákveðið að hafa þetta tvennt saman, ferðamálaþingið og umhverfisráðstefnuna til að gefa sem flestur tækifæri til að sækja þetta málþing. Ég held að það eigi mikið erindi við okkur í ljósi þeirrar sérstöðu sem að við erum að reyna að vinna okkur Íslendingar í okkar ferðamálum og ég held að það sé afar áhugavert fyrir þennan hóp sem að hér situr og fleiri að sækja þetta málþing.

En góðir ráðstefnugestir, ég vil eins og ég sagði áðan þakka ykkur öllum fyrir komuna og góða fundarsetu. Tilgangurinn með ferðamálaþingi af þessu taginu er auðvitað að kalla eftir viðhorfum fólks í atvinnugreininni. Ég hef sem formaður Ferðamálaráðs líst þeirri skoðun minni að ég tel að það sé mjög mikilvægt að Ferðamálaráð reyni að hafa sem mest samstarf við starfsfólk í atvinnugreininni og kalla eftir viðhorfum og það erum við þegar byrjuð að gera með skipulegum hætti og ferðamálaþingið er auðvitað einhver stærsti liðurinn í því.

Með þessum orðum þá ítreka ég það að þetta hefur verið gagnlegur, góður dagur og við höfum fengið gott veganesti sem að störfum innan Ferðamálaráðs og með þessum orðum vil ég segja ráðstefnunni slitið.

Umhverfisverðlaun

Ræða Sturlu Böðvarssonar, samgönguráðherra, við afhendingu umhverfisverðlauna 2002:

Á undanförnum árum hafa yfirvöld og samtök innan ferðaþjónustunnar hvatt til ábyrgðar umgengni um auðlindir greinarinnar, mörg fyrirtæki hafa tekið upp markvissa stefnu í umhverfismálum og er nú svo komið að sennilega hefur aldrei verið jafn erfitt að velja á milli fyrirtækja. Í ár bárust 15 tilnefningar og hefur Ferðamálaráð Íslands komst að þeirri niðurstöðu að fólksflutningafyrirtækið Guðmundur Tyrfingsson ehf. hljóti verðlaunin að þessu sinni.

Í rökstuðningi með ákvörðuninni segir m.a. að vegna stærðar landsins og að áhugaverðir staðir eru vítt og breytt um landið eru umfangsmiklir fólksflutningar einn af þeim þáttum sem einkennir íslenska ferðaþjónustu. Það er kunnara en frá þurfi að segja að þau tæki sem annast farþegaflutninga eru fyrst og fremst knúin kolefnisorkugjöfum og má því segja að ferðaþjónustan eigi umtalsverðan þátt í myndun gróðurhúsalofttegunda hér á landi. Þessa vegna er metnaðarfull afstaða og aðgerðir fyrirtækja í umhverfismálum afar mikilvæg. Og æskilegt að beina athyglinni að slíku fyrirtæki.

Þann 20. September 1999 samþykkti Guðmundur Tyrfingsson ehf. umhverfisstefnu fyrir fyrirtækið, umhverfisstefnan var síðan endurskoðuð og uppfærð í mars 2001, aftur í júlí 2002 og núna síðast í byrjun þessa mánaðar.

Í umhverfisstefnu fyrirtækisins er m.a. gerðar kröfur um bifreiðar sem menga minna, um flokkun og endurnýtingu úrgangs, þar á meðal vélaolíu. Þá eru bifreiðastjórar fyrirtækisins hvattir til þess að temja sér "grænt aksturslag" og eru þeir þjálfaðir sérstaklega með það í huga ásamt því að temja sér snyrtimennsku, þá hljóta þeir einnig sérstaka þjálfun í notkun á umhverfisvænum vörum.

Í lokaorðum umhverfisstefnu Guðmundar Tyrfingssonar ehf. segir: "Umhverfismál eru mál okkar allra, aldrei er nóg að gert og alltof margt í okkar samfélagi skaðar náttúruna og þar með talið okkur. Þetta eru dæmi um okkar áherslur og markmið í þessum málaflokki. Þessi mál eru í stanslausri skoðun hjá okkur enda er það skylda okkar að vera meðvituð og opin fyrir öllum leiðum til að draga úr mengun. Við fylgjumst því grennt með þróun umhverfismála og erum vakandi yfir þessum málaflokki, framtíðin er jú í húfi."

Þess má geta að þann 26. júlí 2002 fékk fyrirtækið Guðmundur Tyrfingsson ehf. staðfesta vottun og viðurkenningu Green Globe 21 samtakanna á umhverfisstefnu sinni en Green Globe eru alþjóðleg samtök á sviði umhverfismála í ferðaþjónustu eins og fram hefur komið hér í morgun. Guðmundur Tyrfingsson ehf. er verðugur handhafi umhverfisverðalauna Ferðamálaráðs Íslands 2002.

Vil ég að svo mæltu biðja fulltrúa Guðmundar Tyrfingssonar ehf. að koma og taka við verðlaununum sem er höggmynd og ber heitið Harpa unnin af Hallsteini Sigurðssyni myndhöggvara.



Fulltrúar Guðmundar Tyrfingssonar ehf. ásamt formanni ferðamálaráðs og samgönguráðherra. Talið frá vinstri: Einar K. Guðfinnsson, formaður ferðamálaráðs, Guðmundur Tyrfingsson, Sigríður Benediktsdóttir, Benedikt Guðmundsson og Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra.